



**MA ritgerð**

**Þjóðfræði**

**„Flottasti gaurinn í hópnunum“**

Birtingarmyndir karlmennsku í fatnaði homma

Stefán Ingólfsson

**Leiðbeinandi Valdimar Tr. Hafstein**

**Júní 2020**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-  
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

**„Flottasti gaurinn í hópnum“**  
***Birtingarmyndir karlmennsku í fatnaði homma***

Stefán Ingólfsson

Lokaverkefni til MA-gráðu í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Valdimar Tr. Hafstein

60 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

júní, 2020

„Flottasti gaurinn í hópnum“ Birtingarmyndir karlmennsku í fatnaði  
homma

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA í þjóðfræði  
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Stefán Ingólfsson, 2020

Prentun: Prentsmiðja Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland, 2020

## Útdráttur

Í ritgerðinni er rannsakað hvernig karlmennska birtist í gegnum fatnað og fylgihluti hans hjá samkynhneigðum karlmönnum. Það er gert með því að setja karlmenskuhugmyndina í samband við forræði og það að vera undirsettur. Aðferðin við þetta felst í því að rannsaka annars vegar hvað það er í klæðaburði, fylgihlutum og flutningi samkynhneigðra karlmannna sem aðgreinir þá frá gagnkynhneigðum körlum og hins vegar hvernig samkynhneigðir karlar gildishlaða sinn fatnað og flutning með öðrum hætti en gagnkynhneigðir karlar. Í þessu sambandi er litið til þess hvernig þeir skapa sér sitt eigið kyngervi og kyntjáningu til þess að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum. Þetta gera þeir m.a. með því að nota kvenkyngervistákn í fatnaði og þeim fylgihlutum sem þeir klæðast. Með því að fara þá leið þá eru þeir staðsettir með konum innan karlasamfélagsins. Sú aðgreining felur í sér að þeir eru undirsettir öðrum körlum líkt og konur hafa verið undirsettar körlum í gegnum aldirnar. Þrátt fyrir þá stöðu að vera undirsettir innan karlasamfélagsins þá gegna þeir lykilhlutverki í þeim breytingum sem eiga sér stað á birtingarmyndum karlmenskunnar hjá gagnkynhneigðum körlum í gegnum fatnað. Þessar breytingar eiga sér stað með þeim hætti að kvenkyngervistákn í fatnaði kvenna færast frá konum í gegnum samkynhneigða karla yfir til þeirra gagnkynhneigðu, t.d. með hjálp tónlistarmanna og afþreyingariðnaðarins auk markaðsfyrirtækja. Með því að samkynhneigðir karlar séu í þessari stöðu innan karlasamfélagsins eru þeir komnir í stöðu forræðis hvað varðar það að vera leiðandi í birtingarmyndum karlmennsku í fatnaði gagnkynhneigðra karla.

## **Abstract**

The thesis examines how masculinity manifests itself through clothing and its accessories in homosexual men. It examines manifestations of hegemonic masculinity and subalternity. In this regard, the manifestation of masculinity is analyzed through performance, clothing and accessories. On the one hand, the thesis analyses what it is in the clothing, accessories and performance of homosexual men that distinguishes them from heterosexual men, and on the other hand, how homosexual men look at their clothing, accessories and performance in a manner other than heterosexual men do. In this context, the thesis asks how they create their own gender and gender expression to distinguish themselves from heterosexual men. They do this by including and using feminine symbolism in the clothing and accessories they wear. By going that route, they are positioned with women within the male community. This distinction implies that they are subordinate to other males as women have been subordinate to males through the centuries. Despite being positioned in this manner within the male community, they play a key role in changes that occur in manifestations among masculinity of heterosexual men through clothing. These changes occur in such a way that the feminine symbolism in clothing is transferred from women through homosexual men to heterosexual men, with the help of e.g. musicians and the entertainment industry as well as marketing companies. By thus gay men take a hegemonic position among men with regard to manifestations of masculinity through clothing.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Abstract</b> .....	<b>4</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>5</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>7</b>
1.1 Rannsóknin .....	8
1.1.1 Rannsóknaraðferð .....	11
1.1.2 Skráning og úrvinnsla gagna .....	13
1.1.3 Siðferðileg álitamál.....	14
1.1.4 Val á viðmælendum.....	15
1.1.5 viðmælendur.....	16
1.1.6 Uppbygging ritgerðar .....	18
<b>2 Fræðileg umfjöllun</b> .....	<b>19</b>
2.1 Flutningur .....	19
2.1.1 Sviðsmynd og svæði.....	22
2.1.2 Samantekt .....	26
2.2 Karlmennska .....	26
2.2.1 Forræði .....	31
2.2.2 Samantekt .....	33
2.3 Fatnaður .....	34
2.3.1 Fatnaður og kyngervi homma .....	36
2.3.2 Breyting á táknmynd fatnaðar .....	40
2.3.3 Samantekt .....	43
<b>3 Aðgreining</b> .....	<b>45</b>
3.1 Snyrtimennska .....	45
3.2 Samsetning fatnaðar .....	50
3.3 Misheppnaður trúverðugleiki (e. Failed seriousness).....	56
3.4 Blæbrigði (e. flair) .....	59
3.5 Yfirlýsing (e. Statement) .....	62
3.6 Samantekt.....	68
<b>4 Gildishlaðning fatnaðar</b> .....	<b>70</b>
4.1 Líkamstjáning.....	70

4.2 Framsetning fatnaðar .....	74
4.3 Samhengi fatnaðar .....	81
4.4 Áhrifavaldar og fyrirmyndir .....	87
4.5 Samantekt.....	93
<b>5 Niðurstöður.....</b>	<b>95</b>
<b>Heimildarskrá .....</b>	<b>104</b>

## 1 Inngangur

Þannig háttar málum til að ég hafði valið að skrifa um Gleðigönguna út frá hugmyndinni um karnival og virkni þess í tengslum við réttindabaráttu homma í BA verkefni mínu í þjóðfræði. Það val kom til vegna þess að hluti af vinnuhóp mínum allt frá unglingsárum eru hommar, auk þess sem ég hef unnið talsvert með hömum í gegnum árin. Vegna þessa þá hafa baráttumál og ýmis önnur málefni sem tengjast hömum verið mér nálæg og fyrir þær sakir býsna hugleikin. Af þessum sökum langaði mig að halda áfram að rannsaka eitthvað sem tengdist hömum og stöðu þeirra í samfélaginu og í því tilliti sérstaklega innan karlasamfélagsins. Það er því von mín að rannsóknin og niðurstöður hennar gætu varpað nýju ljósi á stöðu homma innan karlasamfélagsins í dag.

Ýmsar hugmyndir urðu til í þessu tilliti en tildrög þess að birtingarmynd karlmennsku í gegnum fatnað homma varð fyrir valinu sem rannsóknarefni má rekja til samtals sem ég átti við leiðbeinanda minn Valdimar Hafstein. Það samtal átti sér stað þegar ég var að velta fyrir mér hugsanlegum rannsóknarefnum fyrir MA verkefnið. Í þeim samræðum vorum við Valdimar að ræða ýmsar hugmyndir sem tengdust hömum sem hugsanleg rannsóknarverkefni og barst þá í tal hvernig oft á tíðum mætti greina á klæðnaði að viðkomandi væri hommi, þó svo hann klæddist að öllu leiti hefðbundnum karlmannsfatnaði. Það væri sem sagt eins og eitthvað, sem í fljótu bragði væri ekki hægt að henda reiður á, sem aðgreindi klæðnað homma frá klæðnaði gagnkynhneigðra karla sem mér þótti spennandi að skoða nánar.

Í framhaldi af þessum vangaveltum ákvað ég að móta rannsóknarspurningu sem fangað gæti það sem rannsóknin ætti að ná yfir. Rannsóknarspurningin sem varð til er „Hvernig birtist karlmennskan í gegnum klæðnað samkynhneigðra karla?“. Þannig var markmið rannsóknarinnar að kortleggja og setja fram með hvaða hætti tiltekin afmarkaður hópur einstaklinga í samfélaginu, í þessu tilfalli hommar, skapa sér sitt eigið kyngervi og karlmennsku í gegnum þann fatnað sem þeir klæðast.



## 1.1 Rannsóknin

Það varð ljóst eftir að rannsóknarspurningin varð til að þrjú meginstef þyrfti að leggja áherslu á í rannsókninni. Þau eru: karlmennska, flutningur og fatnaður. Hvert þessara fræðasviða hefur verið rannsakað út frá margvíslegum sjónarhólum og í ýmsu samhengi. Í þessari rannsókn var ákveðið að meginstefið sem gengið væri út frá yrði karlmennskan og hin tvö sviðin sett í samhengi við karlmenskuna. Þrátt fyrir að talsvert hafi verið rannsakað og skrifað á þessum þremur fræðasviðum þá tel ég að sú nálgun sem farin er í þessari rannsókn sé þörf viðbót inn í þá umræðu sem er í gangi um karlmennsku í samfélaginu í dag. Í því sambandi mætti nefna umræðuna um breytta stöðu karlmannsins í dag og stöðu homma innan karlasamfélagsins.

Í framhaldi af þessu er rétt að nefna nokkrar ritgerðir sem tengjast viðfangsefni þessarar rannsóknar. Tilgangurinn með því er að gefa örlitla sýn á það inn í hvaða fræðilega umræðu þessi rannsóknarritgerð er skrifuð. Of langt mál væri að nefna dæmi um rannsóknir sem gerðar hafa verið á öllum þremur fræðasviðunum svo látið verður nægja að nefna rannsóknir sem tengjast karlmennsku, sem er það svið sem gengið er út frá, eins og fyrr segir.

Rannsóknarsaga karlmennsku er ekki ný af nálinni því upphaf hennar má rekja allt aftur til sálgreiningar Sigmunds Freud og Carls Jung á karlmenskunni. Það sem hefur einkennt þessar rannsóknir í gegnum tíðina er að þær hafa ekki verið jafn mikið í umræðunni eins og hugsanlega tilefni væri til samfara þeim miklu breytingum sem orðið hafa á stöðu karlmannsins í samfélaginu á undanförunum áratugum. Hvað varðar erlendar rannsóknir þá eru þær ótalmargar eins og áður segir og snerta á ólíkum þáttum karlmenskunnar. Ekki er mögulegt að rekja þá rannsóknarsögu alla hér, en drepíð er á þeirri sögu í öðrum kaflanum hér á eftir.

Ekki verður þó hjá því komist að nefna eina rannsókn sem hafði mikil áhrif á hugmyndina um karlmenn og karlmenskuna þegar hún var birt. Rannsóknin var framkvæmd af Alfred Kinsey og Wardell Pomeroy og var viðfangsefni hennar kynhegðun karlmannna. Niðurstöður rannsóknarinnar, sem ber heitið *Sexual Behavior in the Human Male*, komu út á bók 1948. Rannsóknin var umfangsmikil og voru þátttakendur 5800 talsins, sem voru spurðir út í kynhegðun sína. Bókin vakti mikil viðbrögð bæði meðal annarra fræðimanna sem og almennings, enda var bókin metsölubók þegar hún kom út (The 1948 and 1953 Studies of Alfred Kinsey, 2020).

Ein af þekktari niðurstöðum sem Kinsey setti fram í þessari rannsókn var kvarði eða skali (e. Kinsey Scale). Þar er um að ræða kvarða sem hefur gildin frá 0-6, á en 0 merkir að viðkomandi er gagnkynhneigður (e. Heterosexual) og gildið 6 að viðkomandi er samkynhneigður (e. Homosexual). Á þennan skala er karlmaðurinn staðsettur að undangengnum tilteknum spurningum. Hvað svo sem segja má um marktæki niðurstaðna úr þessum skala Kinsey, þá í grunninn bendir hann á það að karlmaðurinn sé ekki „annað hvort eða“ þegar kemur að honum sem kynveru í tengslum við kynhneigð gagnvart konum annarsvegar og körlum hinsvegar (The Kinsey Scale, 2020).

Varðandi rannsóknir á karlmennsku hérlendis þá eru þær nokkuð margar og spanna býsna vítt svið. Í þessu stutta yfirliti verða nefndar fjórar rannsóknir til þess að gefa örlitla mynd af því sem rannsakað hefur verið varðandi þetta málefni. Í BA ritgerð Þórunnar Sunnevu Elfarsdóttur, „*Fall Hins Skrúðuga Manns: Hví hurfu skreytingar úr klæðnaði karla og er möguleiki á endurkomu hins skrúðuga manns?*“, í fatakönnun frá Listaháskóla Íslands eru teknar fyrir skreytingar í fatnaði karlmanna og þær settar í samhengi við karlmennskuhugmyndina og kynjatvíhyggju samfélagsins. Í þessu sambandi þá skoðar hún hvað það er sem mótar fatnað karlmanna og hvað það er sem telst „tabú“ í þessu sambandi (Þórunn Sunneva Elfarsdóttir, 2018). Í BA ritgerð Auðar Ásbjörnsdóttur í mannfræði við Háskóla Íslands, „*Strákar eru og verða strákar: Ofurkarlmennskan og birtingarmynd hennar í fjölmiðlum*“, frá árinu 2016 tekur höfundurinn fyrir kyngervi og sjálfsmýnd karla. Þar skoðar hún með hvaða hætti samfélagið og í því sambandi fjölmiðlar birta ofurkarlmennskuímynd sem hefur neikvæð og jafnvel skaðleg mótunaráhrif á karla (Auður Ásbjörnsdóttir, 2016).

Hulda Jónsdóttir skoðar karlmenskuna og karlímyndina út frá fjórum sjónarhornum í BA ritgerð sinni í nútímafræðum við Háskólann á Akureyri. Ritgerðina kallar hún, „*Hugmyndir úr samtímanum um karlímyndir og karlmennsku*“. Þær fjórar nálganir sem hún skoðar eru: hugmyndir kvenna um karlmennsku og karlímyndir, hugmyndir karla um það sama, birtingarmynd karlmenskunnar í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og að lokum hvernig karlmennskan birtist í barnabókum (Hulda Jónsdóttir, 2006). Að lokum má svo nefna grein eftir þá Jón Ingvar Kjarnan og Ingólf Ásgeir Jóhannesson, „Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður“: Hinsegin karlmennska og viðhorf ungra íslenskra hinsegin karla, sem birtist í *Þjóðarspegillinn. Rannsóknir í félagsvísindum XIV 2013*. Í greininni fara þeir yfir viðtalsrannsókn sem þeir gerðu meðal samkynhneigðra karlmanna

en markmiðið með rannsókninni var að reyna að fanga það sem þeir kalla hinsegin karlmennsku (e. Queer masculinities). Það gera þeir með því að setja lýsingar viðmælendanna á því hvernig þeir móta sína karlmennsku í samhengi við forræðiskarlmennsku (Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013: 65).

Eins og áður segir þá hefur mikið verið skrifað um karlmennsku og málefni tengd henni. Hér að framan hafa þó einungis verið nefnd fjögur dæmi, þó svo að af nógu hafi verið að taka. Þessi fjögur dæmi voru valin frekar en önnur sökum þess að í þessum fjórum rannsóknum er komið inn á atriði sem öll koma fram og hafa veigamikla þýðingu í þessari rannsókn. Í því sambandi mætti nefna: sjálfsmynd einstaklingsins og mótun hennar, samfélagsleg áhrif á mótun einstaklingsins, karlmenskuhugmyndina í tengslum við hugmyndina um forræði og hinsegin karlmennsku og fatnað karlmannna og breytingar á honum í gegnum tíðina.

Hér í lokin er rétt að fjalla um hugtök og notkun þeirra í ritgerðinni. Það fyrsta sem nefna mætti í því sambandi er val á hugtaki sem notað er um samkynhneigða karlmenn. Fyrir valinu varð að notast ýmist við hugtakið hommi eða samkynhneigður karlmaður. Ástæður þess að tvö hugtök voru valin er að hugtakið hommi er þjálfa aflestrar heldur en samkynhneigður karlmaður í jafn löngum texta þar sem hugtakið kemur tiltölulega oft fyrir í textanum. Þess ber að geta að í dag eru komin fjöldi hugtaka til að skilgreina kynhneigð einstaklinga með mun nákvæmari hætti heldur en einungis með hugtökunum hommi og lesbía sem voru fyrstu hugtökin sem réttindasamtökin, Samtökin '78, börðust fyrir að væru opinber hugtök fyrir samkynhneigða einstaklinga. Þar sem allir viðmælendur þessarar rannsóknar skilgreina sig sem samkynhneigða karlmenn, eða homma, þá var valið að nota þessi tvö hugtök. Notkunin var með þeim hætti að þau hugtök sem viðmælendur notuðu sjálfir í frásögnum sínum voru óbreytt, en notkun hugtakanna á öðrum stöðum í textanum réðist af samhengi textans og miðaðist við að gera flæði textans sem liprastan.

Hugtakið „hópur“ er notað í ritgerðinni en skilgreining á því er sú að þeir sem tilheyra tilteknum hóp gangast undir og taka þátt í að viðhalda óskráðum reglum hópsins. Það gera þeir með hegðun sinni og atferli sem allir innan hópsins samþykkja. Reglur, hefðir og siðir innan hvers hóps eru breytilegar eftir því hvaða hópur á í hlut. Hópnum sem slíkum er viðhaldið með þeim reglum, siðum og hefðum sem tilheyra honum (Sims/Stephens, 2011: 30-31).

Hugtakið „sjálfsmynd“ kemur fyrir í textanum og er það hugtak skilgreint á eftirfarandi hátt. Sjálfsmynd einstaklingsins byggir á tveimur grundvallarþáttum í fari hans. Sá fyrri felst í því að sýna umhverfinu hver viðkomandi vill vera, þ.e. hvernig hann vill að umhverfið lesi hann, en þetta atriði felst oftast en ekki í því að einstaklingurinn vill skapa sér einhverja sérstöðu. Seinna atriðið stjórnast svo aftur af þeim viðteknu reglum, gildum, siðum og venjum sem eru ríkjandi á hverjum tíma í því samfélagi sem viðkomandi tilheyrir og einstaklingurinn tileinkar sér til þess að skera sig ekki úr fjöldanum (Abrahams, 2003: 198).

Önnur hugtök sem koma fyrir í ritgerðinni og þarfnast skilgreininga eru útskýrð þar sem þau koma fyrir í texta ritgerðarinnar.

### **1.1.1 Rannsóknaraðferð**

Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð (e. qualitative research), en sú aðferð felur í sér að tekin eru tiltölulega fá en ítarleg viðtöl. Nánar tiltekið byggir rannsóknin á svokölluðum hálf-opnum viðtölum (e. semi-structured interviews), eða djúpvíðtölum (e. in-depth interviews), þar sem rannsakandinn notast við opnar og tiltölulega fáar spurningar sem hann fylgir síðan eftir út frá svörum viðmælandans. Þannig má segja að um sé að ræða nokkurskonar þemu sem við koma rannsóknarefninu sem rannsakandinn leggur fyrir viðmælandann, frekar en að um sé að ræða afmarkaðar spurningar varðandi tiltekin atriði. Þessa þemu notast rannsakandinn við til þess að leiða viðtalið áfram á þeirri braut sem rannsóknin snýr að (Taylor, Bogdan og DeVault, 2016: 102-103). Þetta felur í sér að viðmælendurnir lýsa viðhorfum sínum og skoðunum varðandi tiltekið málefni í gegnum viðtalið sem í framhaldinu verður einn hluti af þeim frumheimildum sem rannsóknin byggir á.

Einn af kostum þess að nota þessa aðferð er sú að hún gefur viðmælandanum aukið svigrúm varðandi það hvernig hann nálgast það að svara því sem verið er að fjalla um. Þannig mætti segja að þessi gerð viðtala sé líkari samtali milli tveggja jafningja, frekar en formföstu viðtali á milli spyrils og viðmælanda. Með því að beita þessari aðferð er líklegra að fram komi áherslur, hugmyndir og heimsmynd viðmælandans frekar en ef um megindlega aðferðafræði væri að ræða, en sú aðferðafræði byggir á stöðluðum spurningum og stóru úrtaki viðmælanda. Auk þessa þá hefur þessi viðtalsaðferð reynt gagnleg þegar verið er að rannsaka viðkvæm málefni, þar sem leitast er við að fá fram

viðhorf og persónulega sýn viðmælandans. Í því tilliti kemur nálægðin við viðmælandann sér vel þar sem stór þáttur í þessari rannsóknaraðferð er að skapa traust á milli rannsakandans og viðmælandans. Vegna þessa hentar þessi aðferð vel varðandi þessa rannsókn, þar sem hún miðaði að því að fá fram persónulega sýn viðmælandans á rannsóknarefnið og ekki síður að gefa viðmælandanum rými til þess hugsanlega að koma með nýjar hugmyndir eða nálganir varðandi viðfangsefnið sem verið var að rannsaka (Taylor, Bogdan og DeVault, 2016: 7-11).

Rétt er að taka það fram að gallar við þessa tegund rannsókna eru einnig fyrir hendi. Það fyrsta í því sambandi er að gæði rannsóknarinnar ráðast að stærstum hluta af hæfni rannsakandans við að undirbúa og taka viðtöl. Annað veigamikið atriði í þessu sambandi er að viðteknar skoðanir og ómeðvitaðir fordómar rannsakandans geta haft áhrif á hvernig rannsakandinn nálgast rannsóknarefnið í upphafi og jafnvel hvernig hann bregst við svörum viðmælanda. Að síðustu er það svo að þessi gerð rannsókna byggir eins og fram hefur komið á til þess að gera litlu úrtaki viðmælanda. Af þessu má merkja að færni og undirbúningur rannsakandans skiptir höfuðmáli varðandi útkomu rannsókna af þessari gerð. Ekki er hægt að alhæfa um stærri mengi fólks út frá niðurstöðunum, en þær geta aftur á móti veitt dýrmæta innsýn og skilning sem erfitt væri að fá fram með megindegum aðferðum.

Viðmælendur rannsóknarinnar eru 14 talsins og eru þeir á aldrinum 18 til 72 ára. Viðtölin voru tekin á ólíkum stöðum og kom það til vegna þess að áður en viðtölin fóru fram hitti rannsakandinn eða talaði í síma við væntanlega viðmælendur þar sem þeim var kynnt verkefnið og allt það sem tengdist því. Ef viðmælandinn var fús til að koma í viðtal (sem var raunin í öllum tilfellum) þá var honum boðið að velja hvar hann vildi að viðtalið færi fram. Ástæður þess að það var gert, var til þess að viðmælandinn gæti valið sér umhverfi þar sem honum liði vel og væri öruggur, en það er eitt af þeim atriðum sem auka líkur á góðu viðtali (Taylor, Bogdan og DeVault, 2016: 32-34).

Viðtölin voru hljóðrituð og skrifuð upp orðrétt í beinu framhaldi. Auk uppskrifta voru gerðar athugasemdir þar sem við átti varðandi frásögn viðmælandans sem bætt gætu við eða aukið merkingu þess sem fram kom í frásögn hans, s.s. líkamstjáning sem við kom einstökum atriðum í frásögninni. Auk þessa voru skráðar vettvangsnótur fyrir öll viðtölin þar sem gerð var grein fyrir aðdraganda, umhverfi og framkvæmd alls þess sem við kom

hverju viðtali fyrir sig. Þessi gögn voru svo höfð til hliðsjónar þegar kom að greiningu og úrvinnslu viðtalanna (Charmaz, 2006: 72-73).

### 1.1.2 Skráning og úrvinnsla gagna

Aðferðin sem notuð var við greiningu á viðtölunum sem tekin voru er kölluð grunduð kenning (e. grounded theory). Það sem einkennir þá aðferð eru eftirfarandi atriði: Söfnun gagna og greining á þeim gerist samhliða. Rannsakandinn reynir að greina reynslu og ferli hjá viðmælandanum frekar en einhver tiltekin afmörkuð atriði í frásögninni. Til þess að gera þetta er notast við síendurtekinn samanburð á því sem fram kemur í frásögnunum og með því móti þróuð fræðileg hugtök og þemu, sem byggjast á því sem fram kemur í gögnunum. Þróuð eru aðleidd greinandi þemu í gegnum kerfisbundna greiningu á gögnunum. Leitast er við að auka skilning og móta kenningar í stað þess að lýsa fyrirbyggjandi kenningum eða nota þær. (Charmaz, 2006: 15).

Framkvæmdin á framangreindum atriðum var með þeim hætti að gögnin voru frumgreind í viðtalsferlinu sjálfu, en sú greining fól í sér að notast var við samanburð innan og milli frásagna úr viðtölunum eftir því sem þeim fjölgaði. Með þeim hætti var reynt að komast að kjarna og merkingu frásagna viðmælandanna sem leiðir af sér aðleidd (e. inductive) greinandi þemu (e. categories) annarsvegar hjá hverjum viðmælanda fyrir sig og svo aftur þemu sem komu í ljós við samanburð á frásögnum viðmælandanna (Charmaz, 2006: 10-12). Samfara þessu voru viðtölin kóðuð (e. coding), en sú framkvæmd er tvískipt, annars vegar er um að ræða það sem kallast frumkóðun (e. initial coding) og hins vegar markviss kóðun (e. focus coding).

Frumkóðun felst í því að brjóta gögnin upp, en jafnframt því að fá yfirsýn og koma skipulagi á þau. Þessu er náð fram með nákvæmri greiningu í upphafi, en sú greining felur í sér að frásögnin er greind orð fyrir orð og línu fyrir línu. Með því móti er reynt að leita eftir því sem fólk gefur sér en orðar ekki beint, það sem er innbyggt eða ósagt í frásögninni. Leitað er eftir hvað einstaka athöfn eða frásögn gefur í skyn, umfram orðanna hljóðan. Til þess að lesa úr frásögnunum með þessum hætti er beitt sífelldum samanburði á gögnunum, eins og nefnt var hér að framan, og með því móti reynt að átta sig á hvort og þá hvar finna megi undirliggjandi merkingar eða þemu (Charmaz, 2006: 45-52).

Síðari hluti kóðunarinnar, markviss kóðun, á sér stað þegar viðtölunum í rannsókninni fer að fjölga. Þá er farið í gegnum frumkóðunina í viðtölunum og áðurnefndum

samanburði beitt við að skoða frumkóðin og taka út þau kóð sem koma oftast fyrir og eru í fleiru en einu viðtali. Þetta eru markvissu kóðin sem eru svo í framhaldinu greind nánar eða dýpra til þess að nálgast kjarnann í viðtölunum. Með því að beita þessari aðferð verður auðveldara í framhaldinu að greina og vinna úr miklu magni af gögnum sem verður til með fjölgun viðtalanna (Charmaz, 2006: 57-60).

### **1.1.3 Siðferðileg álitamál**

Siðferðileg álitamál sem upp koma þegar rannsókn sem þessi er framkvæmd eru mörg og ekki hægt að sjá þau öll fyrir áður en rannsóknin hefst. Þó má segja að í grunnin snúi þau að tveimur grundvallarþáttum. Annars vegar er það virðing einstaklingsins og hins vegar velferð hans sem þarf að vernda. Auk þessara þátta þarf að huga að því að engir aðrir einstaklingar heldur en viðmælandinn séu greinilegir af frásögn viðmælandans (Ástríður Stefánsdóttir, 2013: 7-9). Í þessari rannsókn er um að ræða, að sá hópur sem rannsakaður er flokkast sem viðkvæmur minnihlutahópur, en málefni hinsegin fólks falla í þann flokk. Algengasta leiðin sem farin er varðandi viðtalsrannsóknir þar sem hópar sem þessir eiga í hlut er sú að viðmælendur eru gerðir óþekktanlegir. Það er gert með því að gefa þeim dulnefni auk þess sem staðháttum og öðru því sem gefið gæti til kynna hver viðkomandi er, er breytt eða sleppt úr frásögninni.

Í þessari rannsókn var hins vegar valið að fara ekki þá leið að gera viðmælendur óþekktanlega, heldur þvert á móti voru einungis valdir viðmælendur sem voru tilbúnir til þess að koma fram undir nafni, en þess má geta að allir sem leitað var til voru tilbúnir til þess. Ein ástæða þess að þessi leið var farin er sú að með því að kynna viðmælendur og hvaðan þeir koma eykst heimildargildi frásagna þeirra við það að geta sett þær í víðara samhengi, vitandi úr hvaða umhverfi viðmælandinn kemur. Önnur ástæða er sú að viðmælendur sjálfir töldu allir óþarft að leynd nafni sínu. Þriðja ástæðan er að þetta er ritgerð í þjóðfræði og í þeirri fræðigrein er 200 ára forsaga þess að leynd nöfnum heimildarfólks í þjóðsagnasöfnun og þjóðháttafræðum og ræna það þannig einstaklingseinkennum og heiðrinum af eigin orðum og framlagi. Það er að hluta til sem viðbragð við þessari forsögu sem þjóðfræðingar dagsins í dag leitast fremur en margir aðrir við að nefna heimildarfólk sitt með nafni, ef af því hlýst enginn skaði, og eigna þeim orð sín, skoðanir og innsýn. Ef viðmælendur væru ekki svona margir mætti raunar geta þeirra sem meðhöfunda að rannsókninni, enda væri engin rannsókn án þeirra. Við þetta

er því að bæta að nöfnum allra annarra einstaklinga sem nefndir voru í frásögnum viðmælendanna var breytt, auk þess sem öllu öðru því sem fram kom sem mögulega væri hægt að rekja til annarra en viðmælenda var tekið út eða því breytt (Kvale og Brinkmann, 2009: 72-73).

Áður en viðtölin voru tekin var farið vandlega yfir það með viðmælandanum um hvað rannsóknin snerist, hvers gerðar rannsóknin væri (MA lokaverkefni við Háskóla Íslands), hvernig farið yrði með þær upplýsingar sem fram kæmu í viðtalinu og hvernig þær yrðu notaðar í lokaritgerðinni. Auk þess var viðmælundunum gerð grein fyrir því að þeir gætu dregið sig út úr rannsókninni á hvað tímapunkti sem væri, áður en verkefninu yrði skilað. Að sama skapi var þeim boðið að þeir mættu lesa ritgerðina yfir í heild eða þann hluta þar sem þeir kæmu fram áður en verkefninu yrði skilað. Engin viðmælendanna vildi draga sig út úr rannsókninni á meðan vinnslu hennar stóð né fá að lesa hluta hennar á vinnslutímanum. Nokkrir af viðmælundunum spurðu hvort hægt væri að fá eintak af ritgerðinni eftir að henni hefði verið skilað inn til eignar og verður að sjálfsgöðu orðið við þeim beiðnum. Samfara þessu var fengið upplýst samþykki allra viðmælenda fyrir viðtalinu (Kvale og Brinkmann, 2009: 70-72).

Að lokum er rétt að taka fram að samkvæmt núgildandi persónuverndarlögum er þessi rannsókn ekki tilkynningarskyld til persónuverndar eða annarra opinberra stofnana.

#### **1.1.4 Val á viðmælendum**

Þegar kom að því að velja viðmælendur fyrir rannsóknina þurfti að hafa eftirfarandi atriði í huga. Fyrsta atriðið snýr að því að æskilegast væri að aldur viðmælendanna spannaði sem breiðast aldursbil og að jafnvægi væri milli fjölda viðmælenda í hverjum aldurshópi. Annað atriðið er að bæði hommar sem hafa kvenlegri kyntjáningu og þeir sem hafa hefðbundnari karlmannlega kyntjáningu væru í hópi viðmælendanna. Þessi skilyrði urðu að rúmast innan þess þýðis sem rannsóknin miðaðist við, þ.e. 13-15 einstaklingar. Til þess að ná þessu fram var valin sú leið að blanda saman tveimur aðferðum við val á viðmælendum. Annars vegar var beitt aðferð sem kallast markvisst úrtak (e. purposeful sampling) og hins vegar aðferð sem kallast veltiúrtak (e. snowballing).

Fyrri aðferðin var valin vegna þess að hún hentar vel hvað varðar aldursgreiningu þátttakendanna en valið þarf að vera markvisst til þess að sem jafnastri dreifingu sé náð. Síðari aðferðin, veltiúrtak, felst í því að, að loknu fyrsta viðtali, biður rannsakandinn



viðmælandann að benda sér á og jafnvel hafa milligöngu um að koma rannsakandanum í samband við annan einstakling. Þetta gengur svo áfram koll af kolli. Þessi aðferð var valin vegna þess að hún er heppileg fyrir þær sakir að áhrif rannsakandans á val á viðmælendum er lágmarkað sem telja má heppilegra en ef rannsakandinn er kunnugur viðmælendum persónulega (Taylor, Bogdan og DeVault, 2016: 47-48).

Framkvæmdin á vali á viðmælendum fór fram með eftirfarandi hætti. Ákveðið var að aldursbilið skyldi spanna frá 18 ára og til 70 ef mögulegt væri. Í framhaldinu var þessu aldursbili skipt upp í tímabil sem spönnuðu 18-30, 31-40, 41-50, 51-60 og 61-70. Fyrsti viðmælandinn sem leitað var til var svo eftir viðtalið spurður hvort hann gæti bent á viðmælanda í tilteknu aldursbili. Þetta endurtók sig svo frá einum viðmælanda til þess næsta. Með þessu móti náðist að ná fram þeirri breidd í þýði viðmælanda sem sóst var eftir í upphafi rannsóknarinnar á sama tíma og það náðist fram að flestir þeir sem tóku þátt í rannsókninni voru ókunnir rannsakandanum.

#### 1.1.5 viðmælendur

**Reynir Þór Eggertsson** er 44 ára gamall. Hann lauk kennaraprófi frá KHÍ, cand. mag. prófi í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla 2005 og doktorsprófi í norrænum fræðum frá University College í London árið 2009. Reynir hefur verið virkur í réttindabaráttu samkynhneigðra í gegnum tíðina, bæði opinberlega og í innra starfi samtakanna '78. Um þessar mundir kennir Reynir norræn fræði við háskólann í Helsinki í Finnlandi.

**Eyjólfur Eyjólfsson** er 31 árs gamall. Hann er með meistaraþráðu í þjóðfræði auk þess að hafa lokið burtfararprófi í flautuleik og söng frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Eyjólfur er með MMus gráðu frá Guildhall School of Music and Drama. Hann hefur sungið í fjölda ópera og er virkur Óratoríusöngvari héraendis sem og erlendis, jafnframt því að hafa sungið inn á fjölda geisladiska.

**Daníel E. Arnarson** er 28 ára gamall. Hann er með BA gráðu í félagsfræði og starfar sem framkvæmdarstjóri Samtakanna '78. Hann hefur verið virkur í margvíslegu félagsstarfi og er varaþingmaður hjá Vinstri Grænum. Daníel hefur látið mannréttindamál af öllum toga sig varða í gegnum tíðina. Auk þess að sinna framkvæmdarstjórn Samtakanna '78 situr hann einnig í trúnaðarráði samtakanna.

**Hörður Torfason** er 73 ára gamall. Hann lauk leikaranámi frá Leiklistarskóla Þjóðleikhússins árið 1970 og leikstjóranámi 1971. Hörður er söngvaskáld og hefur gefið

út fjölda hljómpatna í gegnum tíðina, auk þess að leika og leikstýra fjölda leikrita. Hann er ötull baráttumaður í mannréttindamálum og var meðal annars stofnandi Samtakanna '78 og Radda fólksins árið 2008. Hörður hefur á undanförunum árum ferðast um heiminn í þeim tilgangi að flytja erindi um mannréttindamál.

**Coco Viktorsson** er 43 ára gamall. Hann er klæðskeri og fatahönnuður. Hann útskrifaðist sem klæðskeri frá Tækniskólanum í Reykjavík, en hafði þó stundað fatasaum frá 14 ára aldri. Coco starfaði sem flugþjónn hjá Air Atlanta um tíma en fór í framhaldi af því að vinna á saumastofu félagsins. Í dag er Coco sjálfstætt starfandi fatahönnuður og hefur meðal annars séð um að hanna og sauma allan fatnað á Pál Óskar Hjálmtýsson tónlistarmann.

**Nonni Ragnarsson** (Jón Þorgeir Ragnarsson) er 68 ára gamall. Nonni eins og hann vill láta kalla sig er fjöllistamaður sem fengist hefur við listsköpun í áratugi og haldið sýningar á verkum sínum. Auk þess er Nonni brautryðjandi í iðkun athafna í svitahofi (e. sweat) að hætti indíána á Íslandi og var hann með svitahof í Elliðaárdalnum í fjölda ára. Nonni er einnig talnaspekingur og spáir í spil auk þess að hafa lagt stund á margt annað tengt andlegum málefnum.

**Frosti Jónsson** er 46 ára gamall. Hann er menntaður sálfræðingur en starfar að markaðsmálum hjá fyrirtæki í Reykjavík. Frosti er einnig tónlistarmaður og hefur getið sér gott orð sem slíkur í raftónlistargeiranum, en þar er hann þekktur undir nafninu Bistro Boy. Undir því nafni hafa komið út nokkrar hljómplötur á vegum Möller Records sem hann er annar eigandinn að. Frosti er einn af stofnendum og driffjöðrum í félagsskap samkynhneigðra karla sem kallast Bears on Ice.

**Tyrfingur Tyrfingsson** er 29 ára gamall. Hann lauk námi frá Listaháskóla Íslands 2011 og stundaði svo í framhaldinu nám í Janáček Academy of Music and Performing Arts, í Bruno og Goldsmiths í University of London frá 2011-2012. Tyrfingur hefur skrifað nokkur leikrit sem sett hafa verið upp í leikhúsum landsins og hefur hlotið mikið lof fyrir þær sýningar. Tyrfingur er búsettur í Hollandi þar sem hann leggur stund á ritstörf.

**Hannes Pálsson** er 42 ára gamall. Hann útskrifaðist frá Central Saint Martins College of Art and Design og hefur hann unnið m.a. sem handritshöfundur hjá Saga Film, starfað að markaðsmálum og almannatengslum. Í dag starfar hann hjá ferðaskrifstofunni Pink Iceland, sem sérhæfir sig í ferðum og viðburðastjórnun fyrir samkynhneigða, og er auk þess meðeigandi í því fyrirtæki.

**Ahd Tamimi** er 28 ára gamall. Hann er leikaramenntaður, en hann lagði stund á og útskrifaðist úr leiklistarnámi í Skotlandi. Í dag vinnur hann sem sölu- og markaðsfulltrúi, samhliða því að starfa sem ósamningsbundinn leikari.

**Úlfar Viktor Bjarnarsson** er 25 ára gamall. Úlfar leggur stund á nám í sálfræði við Háskólann í Reykjavík. Samhliða því starfar Úlfar við förðun í Borgarleikhúsinu auk þess að standa vaktir í afgreiðslunni á Hilton hótelinu í Reykjavík.

**Guðfinnur Sigurvinnsson** er 40 ára gamall. Guðfinnur er með BA próf í stjórnmálafræði og MPA gráðu í opinberri stjórnslu. Hann starfar sem samskiptastjóri hjá stóru fyrirtæki í Reykjavík, auk þess sem hann hefur mikla reynslu af margvíslegum félagsmálum.

**Guðjón Máni Blöndal** er 23 ára gamall. Hann býr í Grafarvoginum og stundar nám í Menntaskólanum í Reykjavík, auk þess að vinna í móttökustöð Sorpu með náminu.

**Jóhann Gunnarsson** er 19 ára gamall. Jóhann stundar nám í Fjölbrautaskóla Garðabæjar, auk þess sem hann hefur lokið námi í förðunarfræði. Hann vinnur á Dominos með skólanum, jafnframt því sem hann vinnur sjálfstætt við förðun. Jóhann hefur stundaði íþróttir frá unga aldri og var m.a. í íslenska landsliðinu í handbolta.

### 1.1.6 Uppbygging ritgerðar

Uppbygging ritgerðarinnar er með eftirfarandi hætti. Hér að framan hefur verið farið yfir aðdraganda rannsóknarinnar, aðferðafræði þá sem notuð var í rannsóknarferlinu og við úrvinnslu þeirra gagna sem urðu til í því ferli. Auk þessa eru þeir viðmælendur sem tóku þátt í rannsókninni kynntir og farið yfir siðferðileg álitamál sem tengjast rannsókninni. Í kafla 2 er fræðileg umfjöllun um flutning, karlmennsku og fatnað, en þetta eru þau þrjú fræðasvið sem stuðst er við og teflt er saman í rannsókninni. Kaflanum er skipt upp í þrjú undirkafla þar sem útskýrð eru helstu atriði hvers framangreinds fræðasviðs í hverjum kafla fyrir sig. Kaflar 3 og 4 eru greiningarkaflar, en þar er farið í gegnum það sem fram kom hjá viðmælendum rannsóknarinnar og það sett í fræðilegt samhengi. Köflunum er skipt upp með þeim hætti að í kafla 3 er farið yfir þá þætti sem fram komu í viðtölunum varðandi hvað það er í flutningi homma sem talist getur aðgreinandi frá gagnkynhneigðum körlum. Í kafla 4 er sjónum beint að því með hvaða hætti hommar gildishlaða sinn flutning og með hvaða hætti sú gildishlaðning er ólík því sem tíðkast hjá gagnkynhneigðum körlum. Í lokin er svo niðurstöðukafla þar sem helstu atriði rannsóknarinnar eru dregin saman og ályktanir dregnar af þeim.

## 2 Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þremur fræðilegum nálgunum og þeim kenningum sem stuðst var við í greiningu á viðtölum sem tekin voru fyrir þessa rannsókn. Þessar þrjár nálganir má draga saman í þremur lykilhugtökum: 1. flutningur (e. performance), 2. karlmennskur (e. masculinities), 3. fatnaður. Tiltekinn fræðimaður og kenningar hennar/hans eru í forgrunni í hverri nálgun fyrir sig; Erving Goffman og kenningar hans um flutning og hvernig einstaklingurinn notar hann á margvíslegan hátt og í ólíkum tilgangi; Raewyn Connell og kenningar hennar um karlmennsku og margbreytilegar birtingarmyndir hennar; og svo Joanne Entwistle og kenningar hennar um fatnað og hlutverk hans og virkni fyrir einstaklinginn og samfélagið.

### 2.1 Flutningur

Þegar talað er um flutning er ekki óalgengt að það fyrsta sem fólki dettur í hug sé einhverskonar leikrænn flutningur á sviði eða í kvikmynd. En flutningur hefur víðari skírskotun. Í raun má segja að stærsta hluta mannlegrar hegðunar megi skoða sem flutning. Þannig byggja mannleg samskipti að stórum hluta á flutningi af einhverju tagi auk þess sem félags- og menningarlegt umhverfi samfélaga byggir að hluta til á ákveðnum gerðum flutnings sem hvert samfélag fyrir sig hefur komið sér saman um að einstaklingar eigi að hafa að leiðarljósi í tilteknum aðstæðum. Goffman kemst þannig að orði í inngangi brautryðjandaverksins *The Presentation of Self in Everyday Life*:

Þegar einstaklingur hittir aðra, þá reyna þeir yfirleitt að afla sér upplýsinga um viðkomandi eða reiða sig á upplýsingar sem þeir hafa þegar um hann... Upplýsingar um einstakling hjálpa til við að skilgreina aðstæður og gera öðrum kleift að vita fyrirfram á hverju hann á von á af þeirra hálfu og hvers megi vænta af honum. Með þessar upplýsingar vita báðir aðilar með hvaða hætti er heppilegast að hegða sér til að kalla fram þau viðbrögð sem þeir vilja fá fram.<sup>1</sup> (Goffman, 1956: 1)

Sem dæmi um það sem Goffman er að tala um, má nefna að fatnaður og líkamshreyfingar eru hluti af flutningi einstaklings í mismunandi aðstæðum sem viðkomandi er staddur í. Þannig myndi klæðnaður og líkamstjáning sama einstaklings ekki vera sú sama ef hann

---

<sup>1</sup> „When an individual enters the presence of others, they commonly seek to acquire information about him or to bring into play information about him already possessed... Information about the individual helps to define the situation, enabling others to know in advance what he will expect of them and what they may expect of him. Informed in these ways, the others will know how best to act in order to call forth a desired response from him.“

væri staddur á landsleik í handbolta með góðum vini sínum og ef hann væri staddur með þessum sama vini í opinberri móttöku hjá forseta lýðveldisins. Í framhaldi af þessu mætti líkja samfélögum og heiminum við stórt leiksvið þar sem fram fara ótal persónulegir leikþættir með þátttöku einstaklinga og hópa.

Það fyrsta sem vert er að skoða þegar kemur að flutningi er það sem Goffman kallar framhlið (e. front), en framhlið er sá hluti flutnings sem einstaklingurinn notar dags daglega með meðvituðum eða ómeðvituðum hætti til þess að auðvelda umhverfinu að lesa í þá mynd sem hann vill að umhverfið hafi af sér (Goffman, 1956: 13). Eitt af því sem skiptir hvað mestu máli í þessu tilliti er að birtingarmyndin sé trúverðug, en með því er átt við að flutningur einstaklingsins samræmist almennum samþykktum lestri samfélagsins (Goffman, 1956: 10). Ef hugmyndin um trúverðugleikann er sett í samhengi við homma og birtingarmynd þeirra, þá má sjá með hvaða hætti sú birtingarmynd er ýmist trúverðug eða ótrúverðug. Þó svo flestir hommar skeri sig ekki á nokkurn hátt frá gagnkynhneigðum karlmönnum útlitslega, þá kýs hluti þeirra að klæða sig ekki eftir þeim óskráðu viðmiðum sem samfélagið hefur skilgreint sem karlmannleg, t.d. með því að nota kvenkyngervistákn í sínu fatavali. Þessir einstaklingar stinga fyrir þær sakir í stúf við viðtekinn lestur samfélagsins varðandi hvað telst karlmannlegt og verða fyrir vikið „ótrúverðugir“ í ýmsum aðstæðum.

Við þetta er svo því að bæta að hver einstaklingur getur meðvitað þurft að draga fram einhverja tiltekna þætti og/eða draga úr öðrum, í því skyni að gefa til kynna t.d. stöðu sína eða önnur þau atriði sem hann vill að komi fram eftir því í hvaða aðstæðum hann er hverju sinni (Goffman, 1956: 19-20). Þetta atriði má ætla að hommar þurfi að gera í einhverjum tilfellum, t.d. að draga fram viðurkennd karlmannleg einkenni til þess að þykja trúverðugri í lestri umhverfisins. Þetta er því hluti af því sem Goffman kallar hugmyndafræðilega sjálfsmynd (e. idealized image of the self), en með því er átt við að viðkomandi tileinkar sér viðurkennd viðmið og gildi samfélagsins með einhverju móti til þess að öðlast samþykki eða viðurkenningu af einhverju tagi (Goffman, 1956: 23). Þannig mætti segja að dæmi um þetta séu tilfelli homma sem meðvitað t.d. með fatnaði og fasi draga fram ýmis atriði sem samræmast viðteknum viðmiðum um hið karlmannlega og draga um leið úr þeim atriðum sem fremur samræmast viðteknum viðmiðum um hið kvenlega.

Að lokum er rétt að fjalla um tvö atriði varðandi framhlið birtingarmyndar og tengsl hennar við homma. Fyrri atriðið snýr að því að þegar einstaklingur setur sig á svið með

einhverjum hætti, en þá geta minnstu smáatriði í flutningnum sem ekki takast sem skyldi valdið því að flutningurinn raskast. Við það getur átt sér stað misskilningur hjá áhorfandanum (Goffman, 1956: 33-34). Dæmi um þetta gæti falist í því að þegar ákveðin gerð flutnings á sér stað og flytjandinn vill leggja áherslu á tiltekið atriði í flutningnum með því að breyta út af eða bæta við flutninginn, t.d. með svipbrigðum eða breyttri raddbeitingu, þá getur slíkt ef það er ekki rétt gert ollið ruglingi eða mistúlkun áhorfandans. Dæmi um þetta gæti verið karlmaður sem ekki hugar nógu vel að því að allir þættir rími við lestur umhverfisins hvað varðar karlmannlegt útlit. Það gæti falist í því að viðkomandi klæðist kvenlegum fatnaði, sem hefði í för með sér misskilning hjá áhorfandanum þar sem flutningurinn rímaði ekki við hefðbundinn lestur samfélagsins á því hverslags fatnaður fellur undir það að teljast karlmannlegur.

Það er áhugavert að setja þetta atriði í samhengi við blæbrigði (e. flair) sem er vel þekkt fyrirbrigði meðal homma. Það felur í stuttu máli í sér að hommar nota einn eða fleiri afmarkaða hluta eða hluti þess fatnaðar sem þeir klæðast til þess að gefa áhorfandanum merki eða skilaboð um kynhneigð sína. Þau skilaboð geta t.d. gefið til kynna kynlíflanganir af einhverju tagi eða hvort viðkomandi er í sambandi við annan aðila af sama kyni. Þessir afmörkuðu hlutir heildarklæðnaðarins, sem geta verið sokkar, bindi, eða klútar af einhverju tagi, eru þó þannig að þeir skera sig frá heildarútliti fatnaðarins. Sem dæmi þá þyrftu sokkarnir að vera skrápóttir, bindið í einhverjum tilteknum lit sem sker sig frá fötunum og klútarnir staðsettir á ákveðnum stað (t.d. í hægri eða vinstri rassvasa) til þess að merking þeirra sé læsileg fyrir áhorfandann. Auk þessa er notast við allskyns fylgihluti fatnaðar eins og t.d. eyrnalokka, hringi og belti svo dæmi séu nefnd (Cole, 2000: 4-5), en um blæbrigði er ítarlega fjallað í þriðja kaflanum.

Öfugt við þegar karlmaður hugar ekki nógu vel að öllum þáttum varðandi sýnilegan þátt flutningsins og veldur með því misskilningi á lestri fatnaðarins, þá eru blæbrigði homma vandlega úthugsuð á þann hátt að þau skera sig frá heildarútlitinu, en með þeim hætti að það er alltaf á mörkum þess að raska flutningnum það mikið að það geti skapað misskilning hjá áhorfandanum. Lykilatriðið varðandi þessa gerð flutnings er að hópurinn sem merkjasendingarnar eru ætlaðar sé læs á merkin og merkingu þeirra. Það sem hér er því um að ræða er að innan þessa tiltekna hóps er orðin til sérhæfð og afmörkuð merking fatnaðar og fylgihluta, sem þó sker sig ekki það mikið frá hefðbundinni merkingu að hún valdi truflun á almennum lestri. Hér er komið dæmi um það sem Goffman talar um sem

rangfærslu (e. misrepresentation) við flutning, en um rangfærslur af þessu tagi gerir hann greinarmun á því þegar annars vegar er verið að gefa vísitandi upp kolranga og villandi mynd af sjálfum sér og svo aftur þeim einstaklingum sem einhverra hluta vegna, s.s. af persónulegum viðkvæmum ástæðum, vilja halda einstökum þáttum lífs síns fyrir utan þann flutning sem þeir sýna umhverfinu (Goffman, 1956: 39). Dæmi um slíkt eru hommar sem ekki vilja opinbera kynhneigð sína fyrir hverjum sem er.

Síðara atriðið snýr að því hver hefur leyfi til hverslags flutnings, en með því er átt við að það sem einum leyfist í sínum flutningi er öðrum ekki heimilt. Til þess að flutningur sé trúverðugur fyrir áhorfandann, þá þarf flytjandinn að hafa „leyfi“ fyrir þeim flutningi sem hann er að flytja. Goffman orðar þetta á eftirfarandi hátt:

Stundum þegar við spyrjum okkur hvort tiltekin hughrif séu sönn eða fölsk, þá erum við í rauninni að spyrja okkur hvort flytjandinn hafi í raun leyfi til að flytja þennan tiltekna flutning. Í þessu tilliti er það því ekki flutningurinn sjálfur sem skiptir mestu máli.<sup>2</sup> (Goffman, 1956: 38)

Sem dæmi um þetta „leyfi“, mætti nefna nýlegt atvik þar sem Páfinn í Róm gekk fram hjá mannfjölda og veifaði hendinni vinalega til fjöldans, þegar kona nokkur grípur í hönd hans og vill ekki sleppa. Þá grípur Páfi til þess ráðs að slá á hönd konunnar til að losa höndina. Þetta atvik varð til þess að mikil umræða fór af stað um atvikið og hvort það hefði verið tilhlýðilegt af Páfanum að slá á hönd konunnar í þessum aðstæðum stöðu sinnar vegna, þó svo það hefði þótt fullkomlega eðlilegt ef óþekktur alþýðumaður hefði lent í sambærilegri stöðu.

### **2.1.1 Sviðsmynd og svæði**

Í framhaldi af umfjölluninni um flutning einstaklingsins sjálfs hér að framan, verður í þessum undirkafla gerð grein fyrir tveimur mikilvægum atriðum sem varða utanaðkomandi þætti flutnings. Fyrra atriðið varðar sviðsmynd (e. setting), en Goffman skilgreinir hana sem umhverfið og búningana sem notaðir eru við flutninginn hverju sinni. Hins vegar er um að ræða staðinn þar sem flutningurinn fer fram, eins og t.d. í kirkju, íþróttahúsi eða á vinnustað. Hann lýsir þessu svona:

---

<sup>2</sup> „Sometimes when we ask whether a fostered impression is true or false we really mean to ask whether or not the performer is authorized to give the performance in question, and we are not primarily concerned with the actual performance itself.“

Það fyrsta er „sviðsmyndin“, henni tilheyra húsgögn, skreytingar, áþreifanlegt umhverfi og hlutir í bakgrunni, sem móta leikmyndina og leikmunina fyrir þessa mannlegu athafnir sem eru settar á svið fyrir framan, innan, eða á þeim. Sviðsmynd hefur tilhneigingu til þess að skera sig frá umhverfinu í landfræðilegum skilningi, þannig að þeir sem ætla að nota tiltekna sviðsmynd sem hluta af sínum flutningi geta ekki hafið flutninginn fyrr en þeir hafa komið sér fyrir á viðeigandi stað og þurfa hætta þeim flutningi um leið og þeir fara.<sup>3</sup> (Goffman,1956: 13)

Af þessari lýsingu má sjá að sviðsmynd getur haft afgerandi þýðingu fyrir tiltekna gerð flutnings. Í því sambandi mætti nefna predikun í kirkju eða setningarræðu forsetans í Alþingishúsinu sem dæmi um nokkuð afgerandi þátt sviðsmyndar í flutningi. Vitaskuld er vægi sviðsmyndar mismikið fyrir flutning, en samt sem áður þá spilar hún oftast einhvern þátt í því hvernig flutningur er framkvæmdur, þó svo við veitum því ekki alltaf mikla athygli. Sem dæmi um þetta má ætla að einstaklingur sem vinnur í móttöku stofnunar klæði sig með öðrum hætti heldur en þegar hann er í frí heima hjá sér, og að sama skapi klæðir viðkomandi sig ekki með sama hætti þegar hann er að slá garðinn og þegar hann mætir í jarðarför. Það sem einkennir sviðsmyndina er að oftast er hún staðbundin, sem þýðir að einstaklingurinn þarf að undirbúa flutning sinn áður en hann mætir í tiltekna aðstæður, rétt eins og í tilfelli einstaklings sem er að mæta í jarðarför.

Þó svo flestir læri á sviðsmyndir í samfélaginu og viðeigandi flutning í þeim frá barnæsku, og flutningurinn því orðinn flestum ósjálfráður að miklu leyti, þá er þessu ekki endilega eins farið hjá þeim hluta homma sem hafa að einhverju leiti kyntjúngu sem álitin er kvenleg. Þar eru annars vegar þeir sem vilja halda kynhneigð sinni leyndri, en þurfa í því skyni að haga flutningi sínum með þeim hætti að hann falli að hefðbundnum lestri umhverfisins þó það sé andstætt því sem viðkomandi upplifir sem eðlilegan flutning á sjálfum sér. Hér er því komið dæmi þar sem einstaklingur þarf að halda kyngervi sínu „baksviðs“ (e. back stage), (Goffman, 1956: 69), en um þann þátt flutningsins verður betur fjallað síðar í undirkaflanum. Hinir sem ekki vilja halda kynhneigð sinni leyndri, og byggja t.d. kvenleg kyngervistákn inn í flutning sem þeir flytja í almennum opinberum sviðsmyndum, eiga á hættu að einhverjir áhorfendur séu ekki félagslega læsir á þann flutning og fyrir vikið valdi það ruglingi eða hugsanlega misskilningi hjá þeim

---

<sup>3</sup> „First there is the „setting“, involving furniture, décor, physical lay-out, and other background items which supply the scenery and stage props for the spate of human action played out before, within, or upon it. A setting tends to stay put, geographically speaking, so that those who would use a particular setting as part of their performance cannot begin their act until they have brought themselves to the appropriate place and must terminate their performance when they leave.“



einstaklingum. Þetta getur svo aftur haft það í för með sér að samskiptin við þessa einstaklinga flækist (Goffman, 1956: 38). Sem dæmi um þetta þá gæti komið upp misskilningur ef karlráðherra myndi mæta í klæðnaði hlöðnum kvenkyngervistáknum í opinbera móttöku sem haldin væri af t.d. fulltrúum íranskra trúarleiðtoga.

Sviðsmynd er þannig umgjörð utan um flutning einstaklingsins. En á sama tíma og sviðsmyndin hefur það hlutverk að gefa tilteknu svæði merkingu þá er hún partur af flutningnum sjálfum. Í því tilliti getur sviðsmyndin ýmist skipt sköpum fyrir flutninginn, eða verið nánast hlutlaus og haft litla þýðingu fyrir hann sem slíkan. Hvað varðar homma og birtingarmyndir þeirra menningarheims í umhverfinu má sjá hvernig þeir aðgreina sig frá almennri sviðsmynd samfélagsins, s.s. á þeim stöðum (skemmtistöðum, börum og kaffihúsum) sem opnaðir hafa verið og skilgreindir sem hommastaðir. Á þessum stöðum er sviðsmyndin gjarnan frábrugðin með einhverjum hætti frá því sem almennt er á samskonar svæðum annarsstaðar í samfélaginu. Með þessu móti skapa hommar sér afmarkað svæði, þar sem sviðsmyndin fellur betur að þeirra flutningi.

Síðara atriðið sem gerð verður grein fyrir og viðkemur flutningi er svæði (e. regions), en Goffman lýsir svæðum með þessum hætti:

Svæði mætti skilgreina sem hvern þann stað sem er afmarkaður að einhverju leyti með skynrænum hindrunum. Að sjálfsgöðu er breytilegt, að hvaða marki svæðið er afmarkað, með hvaða hætti og í hvaða mæli þessar skynrænu hindranirnar koma fyrir. Þannig geta þykk glerskilrúm, eins og finna má í stjórnherbergi stúdía, hljóðeinangrað svæði án þess að einangra það sjónrænt, á meðan skrifstofuhúsnæði er afmarkað með viðarskilrúmum og lokað af með gagnstæðum hætti.<sup>4</sup> (Goffman, 1956: 66)

Af þessum orðum má ráða að einstaklingurinn þarf, eða getur valið að setja sjálfan sig á svið með ólíkum hætti eftir því hvar hann er staddur. Slíkur flutningur getur því falist í því að sá er í hlut á velur að sýna einungis tiltekinn hluta af sjálfum sér í ákveðnum aðstæðum og halda öðrum leyndum svo flutningurinn raski ekki þeirri gerð lestrar sem á sér stað á viðkomandi svæðum.

---

<sup>4</sup> „A region may be defined as any place that is bounded to some degree by barriers to perception. Regions vary, of course, in the degree to which they are bounded and according to the media and communication in which the barriers to perception occur. Thus thick glass panels, such as are found in broadcasting control rooms, can isolate a region aurally but not visually, while an office bounded by beverboard partitions is closed off in the opposite way.“

Þetta er lykilatriði í sviðsetningu flutnings samkvæmt Goffman, þ.e. að um er að ræða tvískiptingu flutningsins með annars vegar framhlið og hins vegar baksvið (e. back stage). Sá flutningur sem á sér stað á framhliðinni, „sviðinu“, felur í sér þá mynd sem einstaklingurinn vill að áhorfendur hafi af honum í því umhverfi og aðstæðum sem hann er hverju sinni, en á þetta atriði var minnst hér að framan. Baksvið er hins vegar svæði sem almennir áhorfendur hafa ekki aðgang að, og þar sem viðkomandi einstaklingur þarf því ekki að vera í því hlutverki sem hann er í þegar áhorfendur eru viðstaddir. Þetta svæði er því nokkurskonar hvíldarsvæði fyrir flytjandann, þangað sem hann getur horfið ef þurfa þykir.

Auk þessa gegnir baksviðið ekki síður því mikilvæga hlutverki, að þar getur viðkomandi undirbúið og skapað þann flutning sem hann þarf eða vill flytja í þeim aðstæðum sem bíða hans (Goffman, 1956: 69-70). Til að gefa gleggri mynd af þessu þá gæti munurinn á flutningi einstaklings á sviðinu og baksviðs falist í því að hann klæðir sig með öðrum hætti, notar annað orðfæri eða beitir annarri líkamstjáningu svo eitthvað sé nefnt. Þó ber að hafa í huga að flytjandinn er ekki alltaf einn á baksviðinu. Að baksviðinu geta fleiri einstaklingar haft aðgang, en þá er oftast um einstaklinga að ræða sem hafa nán tengsl við flytjandann. Til að mynda er heimili einstaklings oft baksvið en þar geta fleiri búið eins og maki og börn. Þetta getur svo aftur haft það í för með sér að flytjandinn getur ekki verið alveg „hann sjálfur“, þar sem hann getur þurft að setja sig í einhver hlutverk innan heimilisins eins og hlutverk uppalanda gagnvart börnum sínum (Goffman, 1956: 69-70). Þetta hefur í för með sér að á þessu tiltekna svæði, heimilinu, myndast baksvið innan baksviðsins þar sem flytjendurnir sem búa þar geta horfið til. Í því sambandi mætti nefna svefnherbergi, salerni, bílskúr eða þvottahús sem dæmi um baksvið innan heimilisins. Það sama á við í samfélaginu varðandi framhlið og baksvið, þar mætti nefna kaffistofur og salerni í verslunum eða fyrirtækjum sem svæði þar sem flytjendur geta dregið sig í hlé frá þeim daglega flutningi sem þeir þurfa að framkvæma vegna þess starfs sem þeir sinna (Goffman, 1956: 75-76).

Hvað varðar framhlið og baksvið í tilfelli homma, þá eru þeir að engu leiti frábrugðnir gagnkynhneigðum í þeim efnum, nema hugsanlega að því leiti að í þeirra tilfelli þá geta þeir þurft, auk þess flutnings sem talinn er viðeigandi í aðstæðum í almannarými, að halda leyndri þeirra eðlilegu kyntjáningu og kyngervi. Það getur til dæmis komið til vegna þess sem þeir starfa við eða sökum þess að þeir vilja halda sinni kynhneigð fyrir sig. Út frá þessu

mætti ætla að þessi hópur hafi ríkari þörf fyrir baksvið heldur en aðrir þar sem álagið við að vera annar en maður er í svo veigamiklum þáttum sem kyngervi og kyntjáningu hlýtur að reyna á flytjandann umfram það sem almennt gerist. Því mætti segja að hommastaðirnir sem nefndir voru hér að framan þjóni þannig því hlutverki að vera opinber félagsleg baksvið þessa hóps þar sem sviðsmyndin er í samræmi við þann flutning og áhorfendur eru læsir á.

Af framansögðu má ljóst vera að hvort tveggja efnisleg sviðsmynd og landfræðileg svæði hafa jafnmikla þýðingu og huglæg mörk í umhverfinu, þegar kemur að flutningi einstaklingsins. Þannig mætti segja að svæði og allar þær sviðsmyndir sem innan svæðisins eru séu ómissandi umgjörð og í sumum tilfellum stór þáttur af þeim flutningi sem þar fer fram.

### **2.1.2 Samantekt**

Af umfjöllunin hér að framan er ljóst að hvort tveggja flutningur einstaklingsins og umhverfið gegna lykilhlutverki í persónulegu og félagslegu tilliti. Flutninginn notar einstaklingurinn til þess að gefa upp þá mynd af sjálfum sér sem hann vill að áheyrendur hafi af honum. Varðandi þennan flutning þá skiptir höfuðmáli að hann sé trúverðugur. Það felur í sér að allir þættir flutningsins þurfa að vera í samræmi við þá birtingarmynd sem verið er að framkvæma.

Flutningur einstaklingsins þarf að taka mið af þeirri sviðsmynd og því svæði þar sem hann er fluttur. Í þessu sambandi getur sviðsmynd flutningsins og í sumum tilfellum það landfræðilega svæði þar sem flutningurinn fer fram skipt sköpum varðandi það að hann verði trúverðugur, eða valdi ekki misskilningi áhorfandans.

## **2.2 Karlmennska**

Í umfjölluninni sem hér fer á eftir er ætlunin að gera grein fyrir helstu þáttum kenningar R. W. Connell um karlmennsku sem hún setur fram í bók sinni *Masculinities*. Bókin kom fyrst út árið 1995, en önnur endurbætt útgáfa hennar kom út 2005. Bókin hefur allar götur frá því hún kom fyrst út verið talin eitt af grundvallarritum um karlmennsku og karlafræði. Connell er áströlsk transkona fædd árið 1944 og er félagsfræðingur að mennt. Hún starfaði sem prófessor við háskólann í Sydney frá 2004-2014 þegar hún lét af störfum vegna aldurs.

Sú umræða sem oft heyrst í samfélaginu í dag um karlmennsku ber þess oftast en ekki merki að talað er um „skaðlega karlmennsku“ eða „hættulega karlmennsku“ í einhverju samhengi. Þannig mætti segja að almennt viðhorf til karlmennsku einkennist af því að til séu tvær gerðir karlmennsku, fyrrnefnd „skaðleg karlmennska“ og svo aftur einhvers konar „skaðlaus“ eða venjuleg karlmennska. „Skaðlega“ karlmennskan er oftast kennd við það sem Connell kallar forræðiskarlmennska (e. hegemonic masculinity), en með því er átt við að viðkomandi aðilar séu í einhverskonar valdastöðu yfir öðrum einstaklingum eða hópum (Connell, 2005: 76-86).

Þessi tvíhyggju framsetning af karlmennsku minnir óneitanlega á viðhorf sem ríktu til kvenna fyrir einhverjum áratugum, þegar konur höfðu annars vegar stöðu hinnar hreinu og siðprúðu eiginkonu og móður og svo hins vegar syndugrar skækju. Það er þó ekki svo að karlmennska sé jafn einfalt fyrirbrigði og látið er að liggja í samfélagsumræðunni í dag, frekar en eiginkonu og skækju hugmyndin var fyrir einhverjum áratugum síðan.

Ástæður þess að skilgreiningar á konum og hversu margbreytilegar þær geta verið eru komnar þetta mikið lengra heldur en almennar hugmyndir manna um karlmenskuna eru m.a. að samfara jafnréttisbaráttu kvenna undanfarna áratugi hefur þurft að skilgreina konuna og stöðu hennar í samfélaginu upp á nýtt. Þessi opinbera umræða í samfélögum á Vesturlöndum hefur haft í för með sér að allur almenningur er tiltölulega vel upplýstur um stöðu og réttindi kvenna í samfélaginu. Þó svo að umræðan um karlmennsku og karlmenn sé ekki jafn þróuð og almenn eins og umræðan um konur og málefni þeirra, þá er það þó ekki svo að hún hafi ekki verið rannsökuð í gegnum tíðina.

Upphaf rannsókna á karlmennsku má rekja allt aftur til sálfræðingsins Sigmunds Freud og rannsókna hans í byrjun tuttugustu aldarinnar m.a. á karlmenskunni, en þar er það kenning hans um Ödipusarduldina sem er líklega þekktust í tengslum við karlmenskuna (Connell, 2005: 8). Fleiri samtímamenn hans er hægt að minnst á sem lögðu sitt af mörkum í þessum efnum, af þeim mætti nefna lærisvein hans Karl Jung, en í kringum 1920 setti hann fram kenningar varðandi það að karlmaðurinn væri samsettur úr hvoru tveggja karllægum og kvenlægum eiginleikum, en sú kenning hans átti eftir að njóta talsverðra vinsælda fimmtíu árum síðar (Connell, 2005: 12-13). Þær vinsældir urðu til í kring um litla hreyfingu sem var kennd við frelsaða karlmanninn, (e. The liberated man), en sú hreyfing var stofnuð árið 1970. Meðlimir þeirrar hreyfingar kölluðu eftir breytingum á hugmyndum um karlmenskuna í samfélaginu og studdust m.a. við kenningu Jung sem

nefnd var hér að framan í þeim tilgangi (Connell, 2005: 23-24). Þessi hreyfing eins og reyndar aðrar karlahreyfingar, auk margra rannsókna sem gerðar hafa verið á karlmennsku, hafa orðið til í kringum femínísk fræði og réttindabaráttu kvenna.

Sá hópur karlmannna sem hefur verið hvað ötulastur að hafa frumkvæði að auknum rannsóknum í karlafræðum eru samkynhneigðir karlmenn, en það hafa þeir gert m.a. til þess að staðsetja sig í karlasamfélaginu, auk þess sem margar af þessum rannsóknum hafa nýst þeim í réttindabaráttu þeirra. Verulegur skriður komst á þessa réttindabaráttu á níunda áratug síðustu aldar og jukust samhliða því rannsóknir á karlmennsku til muna (Connell, 2005: 39). Það er svo rétt eftir 1980 sem hugtakið „forræðis-karlmennska“ verður til og farið er að skoða það sem fyrirbrigði í margvíslegu samhengi við karlmenskuna og hvernig forræðið birtist með ólíkum hætti, við ólíkar aðstæður og í mismunandi samhengi (Connell og Messerschmidt, 2005: 830).

Áður en hægt er að skoða forræði í tengslum við karlmennsku er nauðsynlegt að gera grein fyrir því með hvaða hætti Connell setur sína skilgreiningu á karlmennsku fram og hvaða þættir koma þar helst við sögu. Í bókinni *Masculinities* setur hún fram fjögur atriði sem hún segir að einkenni það að vera karlmannlegur á Vesturlöndum. Fyrsta atriðið er það sem kalla má „frumkvöðulinn“ (e. essentialist), en sú skilgreining felur í sér að karlmennskan einkennist af athafnasemi og frumkvæði karlmannsins, andstætt því kvenlega sem einkennist aftur á móti af hófsemi og því að halda sér frekar til hlés en að trana sér fram. Þetta kunnuglega stef karlmenskunnar hefur í gegnum aldirnar og jafnvel enn í dag verið talið eitt af þeim atriðum sem einkennir kjarna karlmenskunnar (Connell, 2005: 68). Ef þetta einkenni karlmenskunnar er sett í samhengi við homma, þá fer því fjarri í reynd að þeir séu á einhvern hátt ekki jafn athafnasamir eða hafi minna frumkvæði vegna kynhneigðar sinnar heldur en gagnkynhneigðir karlmenn; það þarf til að mynda bæði kjark og þrautseigju til þess að koma út úr skápnum. Þrátt fyrir það eru hommar sem hópur frekar staðsettir með konum og eru því stundum ekki taldir hafa þetta einkenni karlmenskunnar til að bera, óháð því hvernig einstaklingar innan hópsins standa sig hvað þetta atriði varðar.

Annað atriðið sem hún nefnir er „raunsæi“ (e. positivist), en það felur í sér að karlmennskan byggir á því að finna og beita staðreyndum frekar en tilfinningum eða innsæi sem ekki byggir á einhverju áreiðanlegu, en þess háttar aðferðarfræði hefur að sama skapi verið eignuð konum frekar en körlum (Connell, 2005: 69). Hvað þetta atriði varðar þá

hefur homnum sem heild verið eignuð kvenlega nálgunin, líklega vegna þess að hluti þeirra hafa kvenlegt kyngervi og/eða kynhegðun þrátt fyrir að þeir sem það á við séu í miklum minnihluta innan hommasamfélagsins. „Hefðbundin hegðun (e. normative)“ er þriðja atriðið, en það felur í sér allt það sem talið er „eðlilegt“ að karlmenn eigi að gera og vera dags daglega í almennri hegðun (Connell, 2005: 70). Rétt eins og það sem komið hefur fram varðandi önnur atriði karlmennskunnar hér að framan þá eru hommar sem hópur skilgreindur með því kvenlega og því ekki taldir hegða sér og gera eins og gagnkynhneigðir karlar, heldur hegða sér og leggja stund á þá hluti sem teljast kvenlegir.

Að lokum er það svo það sem er kallað „táknbinding“ (e. semiotic) en þar er á ferðinni beiting margvíslegra tákna og svo aftur túlkunar á þeim í samfélaginu. Þessi túlkun snýst m.a. um það aðgreina karla frá konum með ólíkum táknum, en þar spilar fatnaður stórt hlutverk í framsetningu tákna (Connell, 2005: 70). Hvað þetta fjórða og síðasta atriði varðar þá mætti segja að komið sé að kjarna málsins sem varðar hvers vegna hommar eru skilgreindir utan hinna þriggja atriðanna sem talin eru einkenna karlmennskuna. Það atriði snýr að þeirri kynjaaðgreiningu sem flest samfélög styðjast við og þeim sjónrænu táknum sem sýna og staðfesta þá aðgreiningu og birtist ekki síst í gegnum fatnað og fylgihluti hans. Í því sambandi er kvenlegt kyngervi tiltekins hóps homma yfirfært á alla homma óháð birtingarmynd kyngervis þeirra. Þannig mætti segja að það sé frekar um það að ræða að kynhneigð homma ráði úrslitum frekar en kyngervi þeirra. Þar sem ekki er hægt að greina nema lítinn hóp homma út frá kyngervinu þá er heildin dæmd út frá þeim hópi homma sem notast að einhverju leiti við kvenleg kyngervistákn í fatnaði sínum og allir hommar skilgreindir sem kvenleigir út frá þeim hópi.

Auk þessara fjögurra atriða setur Connell einnig fram þrískipta útlistun á því sem kalla mætti byggingarlíkan fyrir kyngervi karlmennskunnar. Í því sambandi talar hún í fyrsta lagi um „valdatengsl“ (e. power relations), en þar eru á ferðinni tengsl milli karla og kvenna, þar sem karlmaðurinn hefur yfirráðin og konan er undirsett honum. Hér á það sama við um homma og konur í þessu tilliti þar sem hommar eru undirsettir gagnkynhneigða karlinum rétt eins og konur þar sem þeir eru ekki taldir uppfylla þau skilyrði sem talin eru nauðsynleg til þess að fá samþykki innan karlasamfélagsins og farið var í gegnum hér að framan. Í öðru lagi er það fyrirbrigði sem Connell kallar „framleiðslutengsl“ (e. production relation), en með því er vísað til þess að kynin leysa af hendi ólíka vinnu í samfélaginu og skiptingin er að hluta til kynbundin. Um þennan mun nefnir Connell mjög lýsandi dæmi

úr rannsókn félagsfræðingsins Pauline Hunt: „í ensku þorpi, var t.d. venja að konur þrifu glugga að innanverðu en karlar þrifu glugga að utan“<sup>5</sup> (Connell, 2005: 74). Þetta dæmi er lýsandi fyrir verkaskiptingu kynjanna að því leyti að um er að ræða sama verkið sem unnið er, en konan vinnur þann hluta verksins sem er innan veggja heimilisins á meðan karlmaðurinn vinnur sama verk utan heimilisins, en með því er vísað í gamalgróna hefðbundna verkaskiptingu kynjanna um heimavinnandi húsmóður og útvinnandi húsbónda. Hvað varðar homma og þennan þátt byggingarlíkansins þá er þeim skipað í hóp með konum þó svo sú skipan styðjist ekki við neitt það sem geti gefið tilefni til þess að álykta að svo sé þar sem það hefur á engan hátt með kynhneigð einstaklinga að gera hvaða störf þeir velja sér, eða hvaða verk þeir ákveða að taka sér fyrir hendur. Að lokum er það svo „hrifning“ (e. cathexis) en eins og nafnið gefur til kynna vísar það til hrifningar eins einstaklings af öðrum, oftast en ekki til tilfinningalegrar eða kynferðislegrar hrifningar milli karls og konu (Connell, 2005: 74). Hvað þetta atriði varðar þá mætti segja, varðandi homma, að hér sé um að ræða það atriði í byggingarlíkani karlmennskunnar sem vegur hvað þyngst. Það kemur til af því að svo virðist sem að það að karlmaður hrífist ekki af konum með sama hætti og gagnkynhneigðir karlar, yfirtrompi alla aðra þætti sem viðkoma gildismati á karlmennsku. Afleiðingin af því birtist með þeim hætti að þó svo hommi geri sig gildandi varðandi öll önnur atriði sem viðkoma karlmennsku, þá er er hann ekki viðurkenndur innan þess gildismats sökum þessa (Connell, 2005: 143-164).

Setji maður homma í samhengi við þau viðmið sem Connell setur fram um karlmennsku, þá má augljóslega merkja sláandi þversagnir. Þessar þversagnir felast ekki síst í því að allir hommar eru settir undir einn hatt þegar kemur að karlmennsku-hugmyndinni. Þetta er þvert á það sem venjan er gagnvart gagnkynhneigðum körlum þar sem hver og einn karl er mátaður við hvert og eitt þeirra atriða sem rakin voru hér að framan. Með því móti er hann svo staðsettur innan þess karlasamfélags sem viðkomandi tilheyrir. Í tilfelli homma þá virðist sem hrifning á öðrum körlum útiloki með öllu að þeir séu gildir og séu yfirleitt mátaðir við sömu skilgreiningar á karlmennsku eins og gagnkynhneigðir karlar. Auk þessa þá verður sá hópur þeirra sem notast við kvenkyngervistákn til þess að koma sjálfsmýnd sinni á framfæri að einhverskonar

---

<sup>5</sup> „In the English village studied by the sociologist Pauline Hunt, for instance, it was customary for women to wash the inside of windows, men to wash the outside.“

staðalmynd fyrir alla homma, þó svo hópurinn telji einungis lítinn hluta þeirra. Af þessu leiðir að hommum er alfarið hafnað þegar kemur að margbreytilegum birtingarmyndum karlmenskunnar í samfélaginu (Shiers, 1988: 232-236).

Umfjöllun Connell nemur ekki staðar við þessa framsetningu á því hvað teljist karlmannlegt athæfi og þessa þrískiptingu á byggingu karlmenskunnar. Þvert á móti eru þessi atriði eingöngu útgangspunktur þar sem margvíslegar persónulegar, efnahagslegar og samfélagslegar breytur hafa áhrif á þessa frumpætti. Þessir ólíku þættir eins og t.d. kyngervi, aldur, kynþáttur, stétt og efnahagur eru svo m.a. það sem mótar birtingarmynd karlmenskunnar hjá hverjum einstaklingi fyrir sig. Af þessu leiðir að birtingarmyndir karlmenskunnar eru fjölmargar og samsetning þeirra byggir á samspili margra ólíkra þátta sem móta þær, eins og þeim sem nefndir hafa verið. En rétt eins og komið hefur verið inn á í umfjöllunin hér að framan varðandi þessa ólíku félagslegu þætti sem hafa áhrif á það hvernig karlmenska er metin, þá er vægi þessara þátta minna hjá hommum heldur en hjá gagnkynhneigðum körlum (Connell, 2005: 93-181).

### **2.2.1 Forræði**

Eins og fram kom í undirkaflanum hér að framan, þá var byrjað að setja hugtakið forræði í samhengi við karlmenskuna að einhverju marki upp úr 1980 og í framhaldi af því var farið að skoða yfirráðastöðu karlmannsins í samfélaginu út frá nýjum og fleiri sjónarhornum heldur en gert hafði verið fram að því. Það sjónarhorn sem hafði verið ríkjandi fyrir þennan tíma varðandi yfirburði karlmannsins sneru fyrst og fremst að því líkamlega, þ.e. líkamlegum styrkleika karlmannsins fram yfir konur og var forræði hans sett í samhengi við þann þátt. Samhliða þessari skilgreiningu á forræði karla yfir konum, voru með hliðstæðum hætti þeir hommar sem ekki töldust gjaldgengir varðandi þau viðmið sem stuðst var við þegar kom að því að meta karlmensku einfaldlega staðsettir með konum burt séð frá hvaða líkamlega styrkleika þeir höfðu yfir að búa. Þessi nýja skilgreining á forræði fólst í því að í stað þess að líta eingöngu til líkamlegra yfirburða, þá var forræði sett í víðara samhengi og skoðað m.a. út frá efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Samfara þessum nýju viðmiðum um forræði komst mikill skriður á umræðuna og hugmyndina um margbreytileika karlmenskunnar (sem er einnig vísað til í fleirtölumyndinni karlmenskur, e. masculinities) og þau mörgu og flóknu



samskiptamynstur sem finnast innan ólíkra hópa og stétta í samfélaginu (Connell, Messerschmidt, 2005: 835).

Þessi nýja nálgun fól m.a. í sér að ekki var einungis litið til valdatengsla milli karla og kvenna, heldur var farið að skoða valdatengsl innbyrðis milli karlanna og að sama skapi milli ólíkra hópa og stétta. Þessi breyting fól jafnframt í sér að forræðið var skilgreint frekar sem ákveðin hegðun eða athafnir, heldur en eitthvert fast hlutverk eða hluti af sjálfsmynd einstaklingsins (Connell, Messerschmidt, 2005: 837). Hvað varðar þessa nýju nálgun á hugmyndina um forræði þá breytti hún engu hvað varðar stöðu homma, þeir höfðu enn sína afgerandi stöðu sem undirsettur minnihlutahópur innan karlasamfélagsins og í samfélaginu í heild (Connell, Messerschmidt, 2005: 833-835).

Með þessari nýju og víðari nálgun á forræði varð einnig sú breyting að það tilheyrði ekki lengur öllum körlum heldur átti það einungis við um lítinn hluta karla í samfélaginu. Þessir karlar, auk þess sem þeir hafa forræðisstöðu gagnvart öðrum körlum, eru fyrirmyndir fyrir þá karla sem ekki uppfylla allar þær kröfur og skilyrði sem þarf til að teljast til forræðiskarlmanns. Með þessu er átt við að þessir karlar eru það sem hægt er að horfa til og leitast við að líkjast (Connell, Messerschmidt, 2005: 838-839). Í þessu sambandi mætti nefna sem dæmi um algengar fyrirmyndir fræga tónlistarmenn eða leikara, vel stæða og áberandi karla í viðskiptalífinu eða frammámenn í stjórnámálum eins og alþingismenn eða ráðherra. Af þessum dæmum má sjá að forræði getur verið bundið við ólíka afmarkaða þætti. Sem dæmi þá geta peningar einir og sér komið einstaklingi í forræðisstöðu en að sama skapi getur það að vera þjóðþekktur og vinsæll óháð fjárhag gert viðkomandi að persónu í forræðisstöðu.

Birtingarmynd forræðisins felur sjaldnast í sér að beitt sé líkamlegu ofbeldi, þó svo að það sé í einhverjum tilfellum gert, heldur er þessari valdastöðu viðhaldið í gegnum sannfærandi orðræðu og/eða sýnileika, auk þess sem stofnanir og ríkjandi menning samfélagsins enduróma þessa sömu orðræðu með beinum og óbeinum hætti. Í því sambandi mætti nefna fjölmiðla og afþreyingariðnaðinn sem dæmi um stofnanir sem mikið eru notaðar í þessu sambandi (Connell/Messerschmidt, 2005: 832).

Þó svo að ofbeldi sé sjaldnast hluti af forræðiskarlmenskunni eins og nefnt var hér að framan, þá er þó einn undirsettur hópur karla sem markvisst hefur verið beittur líkamlegu ofbeldi af öðrum körlum. Sá hópur er samkynhneigðir karlar sem til tiltölulega skamms tíma var jaðarsettur hópur í vestrænum samfélögum. Það var ekki síst vegna

Þessarar jaðarsetningar að hommar beittu sér af krafti fyrir rannsóknum á karlafræðum strax á sjöunda áratugnum. Í grein Connell og Messerschmidt segir: „Hugmyndin um stigveldi karlmennskunnar óx beint upp úr reynslu samkynhneigðra karla af ofbeldi og fordómum frá gagnkynhneigðum körlum. Hugtakið hommafælni kom fram á sjöunda áratugnum og var þá þegar tengt við hefðbundið kynhlutverk“<sup>6</sup> (Connell og Messerschmidt, 2005: 831). Af þessum orðum má sjá að höfundarnir ganga það langt að halda því fram að hugmyndin um forræðið hafi orðið til í kringum jaðarsetningu gagnkynhneigðra karlmanna á hommum. Hvort sem það er raunin eða ekki, þá er ljóst að tengslin milli þessara tveggja karlahópa urðu tilefni til umræðna og rannsókna á karlmönnum og karlmennsku sem hafa átt stóran þátt í réttindabaráttu samkynhneigðra. Auk þessa hafa gagnkynhneigðir karlmenn notið góðs af þessum rannsóknum m.a. við það að aðlagast breyttri stöðu og hlutverki karla á síðustu áratugum á Vesturlöndum. Í því sambandi má ekki síst nefna hvernig staða karla hefur meira og meira skarast við hlutverk kvenna, eins og t.d. með meiri þátttöku í uppeldi barna og störfum inni á heimilinu. Að sama skapi hefur staða karla og kvenna á vinnumarkaði, bæði hvað varðar laun og völd, jafnast til muna, en það hefur haft í för með sér að hugmyndin um forræði er ekki lengur einungis bundin við karla heldur er einnig rætt um forræðiskonur í dag (Connell, 2005 :157-159).

### 2.2.2 Samantekt

Af þessari umfjöllun um karlmennsku og forræði má ráða að miklar breytingar hafa orðið á hugmyndinni um karlmennsku og forræði tengt henni. Þannig hefur skilgreining karlmennskunnar færst frá því að felast einungis í líkamlegum yfirburðum karla yfir konum yfir í mun víðtækari skilgreiningu á forræði og ráðandi karlmennsku. Þessi nýja nálgun felur í sér að karlmennskan er skoðuð út frá mörgum ólíkum félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum þáttum. Sjónum er beint í vaxandi mæli að margbreytileika karlmennskunnar eða, í fleirtölu, að ólíkum karlmenskum sem eru misráðandi eða í mismikilli forræðisstöðu eða misundirsettar.

---

<sup>6</sup> „The idea of a hierarchy of masculinities grew directly out of homosexual men’s experience with violence and prejudice from straight men. The concept of homophobia originated in the 1970s and was already being attributed to the conventional male role.“

Að auki er litið á forræði sem breytilegt fyrirbrigði sem einungis tilheyrir fámennum hluta karla og hefur frekar virkni sem fyrirmynd fyrir aðra karla heldur en að drotna með einhverjum hætti yfir þeim. Auk þessa hefur forræðið sem slíkt með þessari nýju skilgreiningu misst kynbundna stöðu sína hjá körlum. Þannig getur það tilheyrt sumum konum jafnt sem sumum körlum. Það kemur til vegna þess að konur og hommar geta uppfyllt jafnt sem gagnkynhneigðir karlar þau skilyrði sem þarf til þess að teljast vera í forræðisstöðu.

### 2.3 Fatnaður

Hér á eftir verða reifaðar kenningar enska félagsfræðingsins Joanne Entwistle sem hún setur fram í bók sinni *The Fashioned Body: Fashion, Dress & Modern Social Theory* sem fyrst kom út árið 2000, en önnur útgáfa bókarinnar kom út með viðbótum 2015. Þó svo oftast sé talað um fatnað og tísku út frá fagurfræðilegu sjónarhorni eða í tengslum við neysluhyggju í samtímanum, þá býr ansi margt annað undir þegar betur er að gáð. Rannsóknir sem gerðar hafa verið tengdar fatnaði og tísku hafa miðast að því m.a. að varpa ljósi á margvíslega virkni fatnaðar og tísku, bæði hvað varðar einstaklinginn og það sem snertir félagslega og menningarlega merkingu fatnaðar og tísku. Það fyrsta sem vert er að skoða varðandi fatnað er hvaða merkingu fatnaður hefur í víðu samhengi. Í bók Entwistle segir:

Fatnaður er grundvallaratriði í félagslegum samskiptum og það er, samkvæmt mannfræðingum, raunin í öllum þekktum samfélögum: allt fólk „klæðir“ líkamann með einhverjum hætti, hvort sem það er gert með fatnaði, húðflúri, förðun eða öðrum gerðum líkamsmálingar. Eða með öðrum orðum þá hafa engin menningarsamfélög líkamana ósnortna, heldur er bætt við hann skreytingum eða aukið við útlit hans með einhverjum hætti. Í næstum öllum félagslegum aðstæðum er ætlast til að við séum klædd, þó svo hvað sé skilgreint sem fatnaður sé mismunandi eftir samfélögum og innan þeirra. Þannig ræðst það hvað telst viðeigandi klæðnaður af aðstæðum og tilefni.<sup>7</sup> (Entwistle, 2015: 6)

Af þessum orðum Entwistle má ráða að fatnaður í hvaða formi sem hann kann að vera settur fram er einn af grundvallarþáttum í því hvernig einstaklingurinn setur sjálfan sig á

---

<sup>7</sup> „Dress is a basic fact of social life and this, according to anthropologists, is true of all known human cultures: all people „dress“ the body in some way, be it through clothing, tattooing, cosmetics or other forms of body painting. To put it another way, no culture leaves the body unadorned but adds to, embellishes, enhances or decorates the body. In almost all social situations we are required to appear dressed, although what constitutes „dress“ varies from culture to culture and also within a culture, since what is considered appropriate dress will depend on the situation or occasion.“

svið fyrir umhverfið sem hann er í hverju sinni. Þessi sviðsetning einstaklingsins á sjálfum sér skiptir augljóslega miklu máli, því útlit einstaklingsins og þar með klæðnaður hans er það fyrsta sem lesið er í þegar við hittum aðra manneskju. Um sviðsetningu af þessu tagi var fjallað í kafla 2.1 hér að framan, en þar talar Goffman um að einstaklingurinn setji sjálfan sig á svið fyrir aðra eins og hann vill að þeir sjái hann. Þetta hefur það í för með sér að þegar einstaklingur á í einhvers konar samskiptum við annan aðila, þá er það fyrsta sem á sér stað í þeim samskiptum að viðkomandi aflar sér upplýsinga með því að lesa í eða túlka sviðsetningu og flutning hans, en í þeim flutningi skiptir fatnaður miklu máli. Með því að lesa í flutning og fatnað viðkomandi getur einstaklingurinn áttað sig á fjölmörgum ólíkum atriðum um þann aðila sem hann er að fara eiga samskipti við, eins og t.d. félagslegri stöðu hans eða fjárhag. Þessi lestur leggur svo grunninn að því hvernig samskipti þessara aðila munu hugsanlega þróast í framhaldinu (Goffman, 1956: 1-3).

Eitt af því fyrsta sem lesið er í sviðsetningu einstaklingsins þegar tveir eða fleiri hittast er hvert líffræðilegt kyn viðkomandi er. Það er meðal annars lesið út úr þeim fatnaði sem viðkomandi klæðist. Þannig er grundvallarmunur á útliti þess fatnaðar sem karlmenn almennt klæðast og svo aftur fatnaði kvenna. Þó svo skilin á milli klæðnaðar kynjanna séu oft á tíðum óljós við fyrstu sýn, þá er samt um ákveðinn merkjanlegan mun að ræða. Þessi munur felst í því að konur og karlar eru líkamlega ólík og fyrir þær sakir eru snið fatnaðarins ólík, en sem dæmi um þetta þá er snið á buxum ólíkt hjá konum og körlum, þrátt fyrir að efnið sem buxurnar eru saumaðar úr sé það sama. Sama á við annan fatnað eins og jakka og skyrtur. En fleira kemur til í þessu sambandi, þannig eru föt kvenna gjarnan litríkari og þrengri heldur en föt karla, en það er gert með það fyrir augum að draga fram það kynferðislega í útliti kvenna. Föt karlanna eru hins vegar frekar hugsuð með það í huga að vera þægileg og hentug til ýmiskonar verka, auk þess sem þau gefa til kynna stöðu og vald viðkomandi karlmanns í samfélaginu (Entwistle, 2015: 21-23; Lipovetsky, 1994: 61). Í gegnum þennan ólíka fatnað karla og kvenna kemur fram eitt af þeim atriðum sem varðar það með hvaða hætti karlmenn viðhalda forræði sínu í samfélaginu. Það gera þeir m.a. í gegnum fatnaðinn sem þeir klæðast, þar sem forræðið og valdið er táknbundið í honum. Hér er því komið dæmi um hvernig menningunni er beitt til að viðhalda forræði karlmannsins. Að sama skapi er stöðu konunnar sem undirsettri karlmanninum viðhaldið með því að táknbinda það kynferðislega í fatnaði hennar. Við það bætist svo að tíska er gerð kvenleg og samfara því er hún gildishlaðin sem hégómi í

samfélaginu, á meðan fatnaður karlmanna tengist frekar stöðu þeirra og valdi (Lipovetsky, 1994: 55-64).

Eins og komið hefur fram þá á fatnaður einstaklingsins stóran þátt í því hvernig hann er lesinn af umhverfinu, en fatnaðurinn hefur þó margþættari merkingu en einungis þá sem felst í lestri umhverfisins. Í grein Georg Simmel, „Fashion“, fjallar höfundurinn um fatnað og tísku á ítarlegan hátt út frá mörgum forvitnilegum sjónarhornum. Í greininni fjallar hann m.a. um þörf einstaklingsins til að tilheyra, en með því á hann við að einstaklingurinn hefur þörf fyrir að tilheyra samfélaginu sem heild á sama tíma og hann vill tilheyra einstökum hópi eða hópum innan samfélagsins. Auk þessarar samsvörunar og aðgreiningar þarf svo einstaklingurinn að skera sig frá öðrum innan þeirra hópa sem hann tilheyrir. Með þessari margbreytilegu aðgreiningu nær viðkomandi að skapa sér sína sjálfsmynd eða sérstöðu innan hópsins. Þessari flóknu og margþættu aðgreiningu, sem byggir á sama tíma á að samsvara umhverfinu útlitslega, er m.a. hægt að ná fram með klæðaburði. Þessu til frekari skýringar má benda á að í samfélaginu má finna marga ólíka félagslega hópa sem aðgreina sig með fatnaði. Í því sambandi er hægt að nefna þungarokkara, hipstera, skinkur og hnakka sem dæmi um útlitshópa.

Þó svo þessir hópar sem hér voru nefndir séu nokkuð afgerandi útlitslega þá eru útlitseinkennin ekki alltaf jafn augljós og hjá þessum hópum. Þvert á móti hefur klæðnaður og útlit fólks þróast í þá átt að allur almenningur klæðir sig með svipuðum hætti. Þessi þróun hefur átt sér stað í gegnum tísku, en tíska er menningarlegt útlitsfyrirbrigði sem stjórnað er af markaðsöflum í vestrænum samfélögum, en hún miðar að því að þorri almennings klæðist fjöldaframleiddum fatnaði, sem leiðir af sér að klæðnaður fjöldans verður einsleitur. Þetta kemur samt ekki í veg fyrir það að einstaklingar geti aðgreint sig á margvíslegan hátt, þrátt fyrir þessa einsleitni í grunninn (Simmel, 1957: 541-558). Af þessu má ráða að fatnaðurinn, hvort tveggja sameinar hópa og aðgreinir þá, auk þess sem fatnaður gerir persónulegt frelsi og frumkvæði einstaklingsins sýnilegt.

### **2.3.1 Fatnaður og kyngervi homma**

Að þessu sögðu er ekki úr vegi að líta á það með hvaða hætti hommar, annars vegar sem hópur og hins vegar sem einstaklingar, aðgreina sig frá öðrum í samfélaginu og skapa sér sérstöðu innan síns eigin hóps. Til þess að ná fram þessari aðgreiningu, nota hommar

fatnað og annað það sem fatnaði tengist, rétt eins og aðrir hópar í samfélaginu. Það fyrsta sem hafa þarf í huga varðandi homma sem sérstakan hóp í samfélaginu er að þeir hafa ólíka kynhneigð heldur en aðrir karlmenn, þ.e. þeir laðast að öðrum karlmönnum kynferðislega. Þetta gerir að verkum að þeir þurfa að aðgreina kyngervi sitt að vissu marki frá kyngervi gagnkynhneigðra karlanna með einhverjum hætti, en til þess nota þeir m.a. fatnað.

Til að byrja með er rétt að fjalla örlítið um homma sem hóp í samfélaginu, en hann lýtur sömu lögmálum og aðrir hópar samfélagsins að því leyti að innan hans er að finna margvíslega smærri hópa. Þessir hópar aðgreina sig frá öðrum innan hommasamfélagsins með sama hætti og þeir hópar sem nefndir voru hér að framan, þungarokkarar og hipsterar. Ýmsir útlitshópar sem tilheyra hommasamfélaginu hafa hins vegar sérstöðu að einu leyti, en hún felst í því að þeir tengjast yfirleitt einhverjum afgerandi birtingarmyndum kyngervis. Einstaklingar sem tilheyra þessum hópum velja sér stundum einhverja fyrirmynd, oftast en ekki einhverja staðalmynd karlmennskunnar, eins og kúreka, skógarhöggsmann eða lögreglumann og viðkomandi klæðir sig síðan í samræmi við hefðbundið útlit viðkomandi. Þessir hópar í hommasamfélaginu eru kallaðir „klón“ (e. clone) (Cole, 2000: 93-100), en þess ber að geta að einstaklingarnir klæða sig sjaldnast svona upp nema við sérstök tilefni eins og þegar þeir eru að fara út að skemmta sér eða hitta aðra einstaklinga sem klæða sig með sama hætti.

Ólíkt þeim hommum sem hafa karlmannlega kyntjáningu og geta því notfært sér hefðbundna viðurkennda karlmannlega sviðsetningu í gegnum fatnað, þá má segja að hommar sem hafa kvenlegri kyntjáningu þurfi að fara óhefðbundnar leiðir til að skapa sitt kyngervi í gegnum fatnað, þar sem að í samfélaginu er ríkjandi tvíhyggja sem byggir á rótgrónum staðalmyndum kynjanna sem taka eingöngu mið af líffræðilegu kyni þeirra (Simmel, 1957: 550-551). Eitt af því sem þessi hópur homma hefur gert sem andsvar við þessari hefðbundnu tvíhyggju samfélagsins er að þeir hafa leitað í fatnað kvenna og þá sérstaklega í þau atriði sem fela í sér táknbundin kyngerviseinkenni. Í þessu sambandi er hægt að tilgreina tvö atriði til frekari skýringar, en þau eru að margir hommar hafa tekið upp þröng snið í fatnaði kvenna, sem þeir hafa aðlagð að sínum fatnaði, og svo hins vegar þá hafa þeir verið ófeimnir við að notast mikið við liti í sínum fatnaði, rétt eins og algengt er í kvenfatnaði.

Með því að velja sýnileg kyngervistákn kvenna í fatnaðinn sem þeir klæðast brjóta hommarnir óskráðar reglur samfélagsins um framsetningu á kyngervum karla og kvenna í gegnum fatnað. Þessi óhefðbundna framsetning á fatnaði hefur í för með sér að túlkun eða lestur á sviðsetningu hommanna getur valdið misskilningi. Goffman fjallar um það hvernig misskilningur á flutningi einstaklings getur orðið, ef áhorfandinn hefur ekki þekkingu eða nauðsynlega félagslega reynslu og hæfni til þess að túlka viðkomandi flutning í samræmi við það sem honum er ætlað að koma á framfæri, en að þessu var áður vikið í kafla 2.1 (Goffman, 1956: 21). Þessi misskilningur getur svo í framhaldinu framkallað óeðlileg viðbrögð, en þau geta birst í formi undrunar, dónalegrar framkomu eða jafnvel líkamlegs ofbeldis. Í þessu sambandi talar Goffman einnig um að áhorfandanum verði að finnast flutningurinn trúverðugur eða sannur, auk þess sem flytjandinn verður að hafa „leyfi“ fyrir þeirri gerð flutnings sem framkvæmdur er, eins og fjallað var um í undirkaflanum um flutning hér að framan (Goffman, 1956: 38). Síðara atriðið, sem varðar „leyfi“ flytjandans, er mikilvægt í tilfalli hommana. Það kemur til vegna þess að með því að þeir sem karlmenn (og þar af leiðandi hluti af þeim hópi samfélagsins og menningu hans) þverbrjóta viðmið um framkomu gagnkynhneigðra karla, og grafa með þeim hætti undan tvíhyggju samfélagsins með því að nota kyngervistákn kvenna. Það bætir ekki úr skák í þessu sambandi að konur hafa stöðu þess undirsetta gagnvart karlmanninum.

Það er fleira sem segja má að ögri sumum gagnkynhneigðum karlmönnum í þessari framsetningu hommana á kyngervi sínu. Sem dæmi mætti nefna að hommarnir nota meðal annars áður nefnd þröng snið kvenfatnaðar en þessi þröngu snið þjóna þeim tilgangi að draga fram kynferðislega líkamsparta konunnar, eins og brjóst, mitti og rass (Lipovetsky, 1994: 62-63). Þetta er ekki síst gert til þess að vekja kynferðislegan áhuga karlmannna og með því að hommar dragi fram þessa sömu líkamsparta hjá sér með samskonar hætti, upplifa gagnkynhneigðir karlmenn í einhverjum tilfellum það sem kynferðislega ögrun við sig. Að auki gæti hugsast að við þessa kvenlegu framsetningu hommana upplifi sumir gagnkynhneigðir karlmenn hana sem einhvers konar opinbera hæðni eða niðurlægingu gagnvart hefðbundnum karlgildum og karlmennskuímynd sinni.

Hommar notast ekki eingöngu við flíkur sem tilheyir kvenfatnað til að aðgreina sig frá öðrum karlmönnum, þeir notast einnig við það sem kallað er blæbrigði (e. flair) en um þetta fyrirbrigði er nánar fjallað í kafla 3.4. Þetta fyrirbrigði felst í því að sumir hommar

klæðast hefðbundnum karlmannsfötum, en nota samt sem áður ákveðin tákni sem þeir skapa með því að nota fatnað eða fylgihluti til þess að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum karlmönnum. Blæbrigði eiga sér sögulegar forsendur en þær eru að á þeim tíma sem hommar þurftu að leyna kynhneigð sinni notuðu þeir fatnað og fylgihluti til þess að senda hver öðrum merki um kynhneigð sína. Þessar merkjasendingar eða samskipti í gegnum fatnað voru mjög þróaðar á þessum tíma, þannig gengu þær mun lengra heldur en að gefa einungis til kynna kynhneigð viðkomandi. Í táknum gat einnig falist merking sem gaf til kynna hvers konar kynlíf viðkomandi vildi stunda eða hvort hann væri í sambandi eða ekki (Cole, 2000: 4). Þetta þróast svo og hlutverk þessara tákna breytist samfara breytingum á réttindum og stöðu homma í samfélaginu. Í dag getur merking blæbrigða ýmist verið hvort tveggja læsileg fyrir allan almenning óháð kynhneigð eða nokkru öðru, eða merki sem eru eingöngu skiljanleg hommum og þeim sem eru læsir á félags- og menningarheim homma. Í grein sinni, „Homosexual Signs (in memory of Roland Barthes)“, segir Harold Beaver:

Því að vera samkynhneigður í vestrænu samfélagi felur í sér hugarástand þar sem öll einkenni, sama hversu smávægileg, eru til skoðunar í auknum mæli. Samkynhneigðir eru plagaðir af táknum, af þörfinni til að túlka allt sem hendir eða lendar ekki milli hans og allra sem hann kemst í tæri við. Hann er mikilvægur neytandi tákna, hulinna meininga, ósýnilegra kerfa... Það að hann er útilokaður frá hinu hefðbundna táknerfi kallar yfir hann þessa villtu leit: í örstuttu augnagoti, óljósu mynstri, tilfallandi látbragði, öfugsnúinni mynd, óvæntri hegðun, grímu sem fellur.<sup>8</sup> (Beaver, 1981: 104-105)

Af þessari lýsingu Beaver má sjá að hann telur að tákneimur homma sé mikilvægur í daglegu lífi þeirra og sé í raun fastur hluti af tilverunni hjá þeim. Sú hugmynd gengur ágætlega upp ef litið er til þess, að þessi tegund samskipta í formi tákna hefur haldist í gegnum tíðina, þrátt fyrir að félagsleg og réttindaleg staða homma hafi breyst. Þannig að þó svo aðstæðurnar sem kölluðu á leynileg tákni og samskipti í gegnum þau á milli homma á meðan þeir þurftu að lifa í felum sé horfin, þá hefur notkun tákna ekki horfið, heldur einungis breyst.

---

<sup>8</sup> „For to be homosexual in western society entails a state of mind in which all credentials, however petty, are under increasing scrutiny. The homosexual is beset by signs, by the urge to interpret whatever transpires, or fails to transpire between himself and every chance acquaintance. He is a prodigious consumer of signs - hidden meanings, hidden systems... Exclusion from the common code impels the frenzied quest: in the momentary glimpse, the scrambled figure, the sporadic gesture, the reverse image, the sudden slippage, the lowered guard.“



Ef reynt er að lýsa örlítið nánar þessu fyrirbrigði, blæbrigðum eins og því er beitt í dag má segja að það sé fólgið í því að einstaklingurinn notast við eitthvað aukalega, einhverja viðbót eða eitthvert stílbrigði sem bætir við heildarútlit og klæðnað hans. Birtingarmynd þessa getur verið á alla hugsanlega og óhugsanlega vegu, til að mynda getur hommi í hefðbundnum jakkafötum verið með eina naglalakkaða nögl eða í skrautlegum marglitum sokkum. Þekktast af því sem flokkast getur sem blæbrigði eru líklega alls kyns gerðir af skartgripum, eyrnalokkar, hálskeðjur og hringar. Þessi atriði geta því verið mjög margbreytileg og missýnileg.

Þessa gerð sviðsetningar má með góðu móti setja í samhengi við samskiptatækni einstaklingsins, þar sem einstaklingurinn velur hversu sýnileg og skiljanleg táknið eru sem hann notar (Entwistle, 2015: 72-73). Sem dæmi um hvernig einstaklingur getur beitt þessum táknum þá getur hann t.d. valið hverjir skilja táknið sem hann notar. Hann getur valið táknið sem einungis hommar þekkja, eða hann getur valið táknið sem einstaklingar utan hommasamfélagsins þekkja líka, þ.e. táknið sem eru orðin þekkt og viðurkennd af samfélaginu sem hluti af hommameningunni. Ef þetta er heimfært upp á blæbrigði hjá hommum þá geta skrautlegir sokkar haft ólíka merkingu fyrir þá sem sjá þann sem þeim klæðist við annars hefðbundin jakkaföt allt eftir því á hvaða hátt viðkomandi er félagslega læs. Þannig gæti einhverjum þótt hann kjánalegur, sá næsti gæti verið viss um að hann kynni ekki að klæða sig almennilega og sá þriðji sem væri vel læs á menningarheim homma myndi átta sig strax á því að hann væri hommi.

### **2.3.2 Breyting á táknum fatnaðar**

Í þessum undirkafla er ætlunin að sýna fram á hvernig kvenkyngervis táknið geta færst yfir til gagnkynhneigðra karlmanna, en við þann flutning breytist merking tákna á þann veg að þau verða hluti af birtingarmynd karlmennsku þeirra. Hér er því um að ræða, að hluti af sýnilegu kyngervi undirsetts hóps, í þessu tilfalli kvenna, er tekinn upp af hópi sem er í stöðu þess sem hefur forræði yfir þeim, þ.e. karlmönnum.

Eins og fram hefur komið þá eru það fagurfræðin og það kynferðislega sem einkennir fatnað kvenna frekar en annað (Lipovetsky, 1994: 62), en það eru þau atriði sem ýmsir hommar sækja í fatnaðinn til að aðgreina kyngervi sitt frá hefðbundnu kyngervi karla. Ef sett er upp dæmi til að útskýra hvernig þessi táknið færast frá konum og yfir til gagnkynhneigðra karlmanna þá mætti lýsa því með eftirfarandi hætti. Eftir að hommarnir

hafa sótt áðurnefnd kyngervistákn til kvenna og lagað að sínum fatnaði, sem dæmi þröngar skærgrænar buxur og þrönga bleika boli, þá verður þessi nýi stíll sýnilegur í samfélaginu hjá þessum undirgefna hópi karlmanna. En sama hversu vel þessi fatnaður liti út væri ólíklegt að hann yrði tekin upp af gagnkynhneigðum karlmönnum, þar sem táknbinding fatnaðarins tengist nú tveimur undirsettum hópum: hommum og konum. Eftir ákveðinn tíma getur það þó gerst að aðrir smáir hópar gagnkynhneigðra karlmanna, sem oft á tíðum hafa einhverja áberandi eða viðurkennda stöðu í samfélaginu, eins og t.d. listamenn, taka upp á því að nota þessa gerð af framsetningu fatnaðar sem hommar hafa tileinkað sér.

Þessir hópar hafa oft á tíðum stöðu sem Connell lýsir sem flækjustigi (e. complicity). Sú staða er til komin af því að þorri karlmanna í samfélaginu tilheyrir ekki hinum fámenna hópi forræðiskarlmanna en hefur þrátt fyrir það forræði yfir öðrum hópum í samfélaginu. Vegna þessarar flækju sem kemur upp hjá karlmönnum, sem felst t.d. í því að allir karlmenn eiga að hafa forræði yfir konum og hommum, en eru á sama tíma sjálfir undirsettir forræðiskarlmanninum, þá á sér stað ákveðin málamiðlun milli karlmanna um karlmennskuhugmyndina (Connell, 2005: 79). Vegna málamiðlana af þessu tagi, sem geta varðað ýmsa ólíka þætti sem ekki falla að hefðbundinni karlmennsku á einhvern hátt, þá leyfist hópum eins og t.d. listamönnum talsvert meira frjálsræði í fatavali og framkomu heldur en gerist og gengur hjá öðrum karlmönnum. Auk þess þá sækja listamenn í að vekja á sér athygli m.a. til þess að koma á framfæri þeirri listsköpun sem þeir eru að vinna að. Með því að tileinka sér þessa framsetningu fatnaðar eru meiri líkur á því að þeir nái athygli fjölmiðla, þar sem eitt af því sem fjölmiðlar sækja í að fjalla um er það sem telst óvenjulegt eða óhefðbundið í samfélaginu (Pena, 2004: 287-288).

Hér er því komin upp ný staða en hún felst í því að nú eru einstaklingar í viðurkenndum hópi gagnkynhneigðra karlmanna í samfélaginu farnir að klæðast fatnaði sem hefur kvenkyngervislegt útlit. Þessi nýja staða hefur í för með sér ákveðna táknhliðrun í fatnaðinum þar sem fagurfræði og hugsanlega tenging fatnaðarins við fræga virta listamenn fer að yfirgnæfa kvenkyngervistáknbindinguna. Á þessu stigi hefur náðst ákveðin fjarlægð frá undirsettu hópunum en við það verður til eitthvert óformlegt samþykki fyrir þessari framsetningu í gagnkynhneigða karlasamfélaginu, þar sem tengingin er ekki lengur einskorðuð við homma og konur heldur líka t.d. við jafn „karlmannlega“ karlmenn og Mick Jagger eða Högnu í Hjaltalín.

Þegar þessi notkun og þar með sýnileiki á fatnaðinum hefur gengið í ákveðinn tíma gerist það að stofnanir eins og tísku- og hönnunarfyrirtæki sjá sér leik á borði og gera sig gildandi í þessu ferli. Það gera þau með þeim hætti að þau taka upp stílinn sem listamennirnir hafa tileinkað sér og aðlaga hann enn frekar svo hann henti fyrir venjulegan gagnkynhneigðan karlmann sem syndir með straumnum en ekki á móti honum. Um leið fjarlægja þau gjarnan fatnaðinn með einhverjum hætti enn frekar frá hommunum og listamönnunum. Þannig gæti þröngt skærgrænt kvenpils og þröng bleik blússa orðið að þröngum skærgrænum buxum og bleikum bol í meðförum hommana, sem tekið væri upp með sama eða svipuðum hætti af listamönnunum. Í meðförum tískufyrirtækjanna gæti útkoman orðið bláar eða svartar þröngar buxur og fjólublár þröngur bolur. Þessi útfærsla væri svo í framhaldinu markaðssett fyrir gagnkynhneigða karlmenn og endaði jafnvel í Dressmann auglýsingu (Lipovetsky, 1994: 63-64).

Við þetta er því að bæta að þau tákni sem hommar hafa tekið upp og notað sem samskiptatækni og fjallað var um hér að framan, það er blæbrigðin, hafa einnig verið tekin upp af gagnkynhneigðum karlmönnum. Til að nefna dæmi um þess konar yfirfærslu, þá var eitt merkið sem hommar notuðu og gaf til kynna að viðkomandi væri samkynhneigður, að vera með eyrnalokk í vinstra eyranu. Þetta varð að tískufyrirbrigði hjá gagnkynhneigðum karlmönnum í kringum 1980, en við það missti þetta blæbrigði sértæka merkingu sína fyrir homma, en eftir stóð einungis fagurfræðileg merking eyrnalokksins (Cole, 2000: 4-5).

Hér er komið að lokastiginu í þessu ferli, en það felst í því valdi sem tískufyrirtækin hafa í samfélaginu. Það vald skiptir sköpum við að festa þessa nýju táknbindingu fatnaðarins í sessi. Til að varpa ljósi á það með hvaða hætti það gerist þá er hægt að nefna að þessi fyrirtæki hafa mikil tengsl við afþreyingariðnaðinn, eins og tónlistar- og kvikmyndageirann, auk þess sem þau verja miklum peningum í auglýsingar á því sem þau framleiða. Í bók Guy Debord, *Society of the Spectacle*, fjallar höfundurinn um með hvaða augum einstaklingurinn sér samfélagið. Í því sambandi veltir hann fyrir sér að hversu miklu leyti einstaklingurinn upplifir veröldina frá fyrstu hendi og hversu mikið hann upplifir hana í gegnum fjölmiðla og allt það framleidda afþreyingarefni og myndefni sem er allt í kringum okkur í samfélaginu. Þessi viðvarandi framleiddi sjónræni heimur sem við lifum í gerir að verkum að félagsleg tengsl eru sköpuð í gegnum það myndræna, og allt í tilverunni snýst um birtingu hlutana. Tungumál heimsins birtist að mati Debord í gegnum

framleiðslu, auglýsingar og falsveruleika sem settur er fram í gegnum alls kyns afþreyingarefni (Debord, 1970: 1-17). Af þessu leiðir að máttur auglýsinga er mikill enda væri ekki jafn miklu fé varið í þær og raun ber vitni ef hann væri lítill. Allt það framleidda myndefni sem einstaklingur í nútíma samfélagi býr við hlýtur að hafa mikil áhrif á viðhorf hans til sjálfs sín og annarra. Að því gefnu má ljóst vera að þegar því stiginu er náð að tískufyrirtækin og markaðsöflin hafa tekið til við að innleiða einhverjar vörur þá er það ekki fyrirstaða að breyta gildum og viðmiðum eða sjálfsmynd fólks, hvort sem hún snýr að kyngervi eða einhverju öðru.

Af framansögðu mætti því draga þá ályktun, að hommar, sem undirsettur hópur innan karlasamfélagsins, hafi í raun ákveðið óformlegt hlutverk í hinni almennu karlamenningu sem felst í því að sækja nýja hluti eða tískustraua úr umhverfi þar sem gagnkynhneigðir karlar geta ekki sótt þá sjálfir án þess að eiga á hættu að skaða karlmennskuímynd sína. Hér mætti því með réttu segja að hommar séu skapandi hreyfiafl innan karlasamfélagsins í ýmsu sem snýr að birtingarmynd karlmennsku hjá gagnkynhneigðum karlmönnum. Það er vegna þess að hluti þeirra tákna sem hommarnir nota til að aðgreina kyngervi sitt færast yfir til gagnkynhneigðra karla sem hommar þurfa sífellt að sækja sér ný tákni til að aðgreina sig og móta sitt kyngervi.

Þetta er sérkennileg staða, þar sem undirsettur hópur karlanna hefur afgerandi áhrif á birtingarmyndir kyngervis gagnkynhneigðra karla í gegnum fatnað, auk þess að hafa áhrif á tísku þeirra á margan hátt. Þar með hafa hommar hvort tveggja í senn stöðu þess undirsetta og forræðistöðu þess sem leiðir tiltekna breytingar innan hópsins. Af þessu má merkja að forræði, birting þess og notkun er síður en svo einfalt fyrirbrigði, heldur er frekar um að ræða síbreytilegt fyrirbrigði sem notað er á margvíslegan hátt í samskiptum milli einstaklinga og hópa í samfélaginu.

### **2.3.3 Samantekt**

Það helsta sem ráða má af því sem fram kom í undirköflunum um fatnað er að fatnaður gegnir veigamiklu hlutverki í sviðsetningu einstaklingsins, þar sem hann er það fyrsta sem áhorfandinn sér og les í. Þá gerir fatnaður viðkomandi auðveldara að tilheyra þeim hópum samfélagsins sem hann samsamar sig við. Auk þess notar einstaklingurinn fatnaðinn til þess að skapa sér sérstöðu innan hópsins. Þannig má segja að hlutverk fatnaðar felist

hvort tveggja í því að samsama einstaklinginn útlitslega við einhvern hóp, en á sama tíma gerir fatnaðurinn honum kleift að skera sig úr hópnum og skapa sér sérstöðu innan hans.

Hvað varðar aðgreiningu samkynhneigðra í gegnum fatnað, þá vill hluti homma skapa sér annað kyngervi heldur en gagnkynhneigðir karlar. Það gera þeir t.d. með því að leita í kvenkyngervistákn í fatnaði. Önnur leið sem hommar nota til þess að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum er sú að nota það sem kallað er blæbrigði. Það felst í því að hommar klæðast hefðbundnum karlmannsfatnaði en hafa eitt tiltekið atriði klæðnaðarins með því móti að það sker sig frá heildarútlitinu.

Að lokum var svo gerð grein fyrir því með hvaða hætti kvenkyngervistákn færast yfir til karla. Það gerist með þeim hætti að hommar nota hluta af fatnaði kvenna til þess að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum. Þá gerist það að ákveðnir hópar í samfélaginu t.d. listamenn, fara að tileinka sér þessa framsetningu homma í sínum fatnaði. Það sem gerist við það er að þessi óhefðbundna samsetning klæðnaðar verður sýnileg í gegnum fjölmiðla. Í framhaldi af því taka stofnanir þessa gerð fatnaðar upp á sína arma og fjöldaframleiða hann fyrir almenna neytendur. Í gegnum þetta ferli missir tiltekinn fatnaður kvenkyngervisgildi sitt og verður samþykktur hluti af karlmannsfatnaði.

### 3 Aðgreining

Í þessum kafla verða tekin fyrir helstu atriði sem fram komu hjá viðmælendum rannsóknarinnar sem snúa að því með hvaða hætti þeir aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum í gegnum fatnað og líkamsumhirðu. Þrátt fyrir að í frásögnum þátttakendanna kæmu fram ótal ólík atriði sem bent gætu til aðgreiningar með einum eða öðrum hætti, þá mátti merkja ákveðin stef í gegnum allar frásagnirnar sem voru einkennandi fyrir þessa aðgreiningu. Þessum atriðum hefur verið skipað í fimm flokka sem eru: 3.1 um snyrtimennsku, en í þeim undirkafla verða tekin fyrir nokkur af þeim atriðum sem fram komu í frásögnum viðmælendanna sem bent gætu til aðgreiningar þeirra frá gagnkynhneigðum körlum; 3.2 um samsetningu fatnaðar, en hér verður skoðað hvort merkja megji aðgreiningu þegar kemur að t.d. fatasamsetningu, litavali og efnisvali fatnaðar; 3.3 um misheppnaðan trúverðugleika. Þar sem skoðað verður hvernig tiltekinn fatnaður og samsetning hans hjá hommum getur skorið sig með áberandi hætti frá því „hefðbundna“ í klæðnaði karlmanna; 3.4 um blæbrigði, sem viðmælendur nefndu til sögunar sem ákveðna aðferð sem þeir nota til aðgreiningar frá gagnkynhneigðum körlum; 3.5 um yfirlýsingu, það er þegar hommar klæða sig á meðvitaðan hátt með þeim hætti að þeir aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum; og 3.6 er síðan samantekt.

#### 3.1 Snyrtimennska

Snyrtimennska og hreinlæti eru hluti af daglegum venjum fólks. Þrátt fyrir það getur framkvæmd og útfærsla þess verið mjög mismunandi frá einni manneskju til annarrar. Þar geta margir ólíkir þættir haft áhrif á með hvaða hætti snyrtimennskan er framkvæmd og hvernig hún birtist. Í þessu sambandi mætti nefna að vinna, aldur, félagsstaða og ekki síst kyngervi getur haft sitt að segja varðandi það hvernig snyrtimennska og hreinlæti birtist enda eru viðmið um snyrtimennsku afstæð, bæði sögulega og félagslega. Hér á eftir er ætlunin að skoða nokkra þætti hreinlætis og snyrtimennsku, með það fyrir augum að setja þá í samhengi við hugmyndina um hvort og þá með hvaða hætti það hafi merkingu fyrir aðgreininguna milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra karlmanna varðandi líkamsumhirðu og þann fatnað sem þeir klæðast.

Í flestum viðtölunum sem tekin voru fyrir þessa rannsókn kom fram að viðmælendur töldu klæðaburð sinn ekki mikið frábrugðinn klæðaburði gagnkynhneigðra karlmanna. Það virtist ekki skipta máli á hvaða aldri þeir voru eða hvaða samfélagshópi þeir tilheyrðu.

Úlfar Viktor Bjarnarsson, 25 ára háskólanemi og förðunarfræðingur, komst þannig að orði þegar hann var spurður út í hvort hann merkti einhvern mun á klæðnaði samkynhneigðra og gagnkynhneigðra karlmannna:

Nei ég held ekki, mér finnst það eiginlega ekki sko, ekkert svona. Nei veistu, ég held ekki, mér finnst það frekar svipað. Við erum eiginlega komin á þann stað að þetta er orðið svolítið svipað. Ég held að þessi „average“ maður geti ekkert alltaf spottað út hver er hommi og hver ekki. ... Þú veist við erum orðnir svona margir og við erum farnir að blanda okkur svo mikið inn í hópinn, mér finnst þetta ekki eins afgerandi eins og það var. (SI-2019-11: 8)

Þessi skoðun sem hér kemur fram var almennt ríkjandi hjá öllum viðmælendum. En þrátt fyrir þessa skoðun viðmælendanna mátti greina fjögur meginatriði sem aðgreindu engu að síður klæðnað homma frá hefðbundnum klæðnaði gagnkynhneigðra karla í frásögnum þeirra: þau eru snyrtimennska, trúverðugleiki sjálfsmyndar einstaklingsins, notkun blæbrigða í framsetningu fatnaðar og meðvituð „pólitísk“ framsetning fatnaðar. Farið verður yfir þessi atriði í köflunum hér á eftir.

Athyglisvert er að skoða fyrsta dæmið um hvernig snyrtimennska kom fram hjá einum viðmælendum, Coco Viktorssyni, 43 ára fatahönnuði og klæðskera, þegar hann var að lýsa þeim mun sem hann upplifði á klæðnaði homma og gagnkynhneigðra karla. Hann lýsir því hvernig hann setur sjálfan sig í samhengi við umhverfi sitt og upplifun sína af því og tekur dæmi af sér í aðstæðum sem flestir einstaklingar hafa upplifað, en það er að mæta í matarboð:

Stundum hef ég farið í matarboð þar sem sumt fólk er búíð að „Ok“, fólk er búíð að bjóða þér í matarboð og þú veist þetta er ekki hversdagslegt. Þá reyni ég að klæða mig pínulítið upp, kannski einhverja flotta skyrtu eða flottan bol, jakka, eitthvað svoléiðis en ég hef tekið eftir því að sumt fólk kemur bara í sínum venjulega bol. Sem er bara „Ok“, en ég vil klæða mig flott því ég vil líta vel út og vera partur af þessari skreytingu sem er í kringum matarboðið. Af því gestgjafinn er búinn að taka til, elda góðan mat, skreyta, kannski finna flotta diska. Þá finnst mér ömurlegt að mæta bara í mínum hversdagslega bol, ég vil sýna honum að ég hef hugsað út í þetta og vil vera partur af þessu og klæði mig því betur. Þetta er smá virðing við gestgjafann. (SI-2019-5: 12)

Í þessari frásögn kemur glögglega fram að Coco finnst gagnkynhneigðir ekki alltaf hugsa jafn langt út í þær aðstæður og umhverfi sem þeir eru í, þegar kemur að því að gæta að því að vera snyrtilega klæddur með þeim hætti að það hæfi tilefninu. Hér mætti því segja að hann telji að hann hafi meiri næmni eða sé betur læs á hvað sé viðeigandi varðandi

útlit, klæðnað og snyrtimennsku, þegar kemur að tilteknum félagslegum aðstæðum eins og matarboðum og samskonar samkomum þar sem hópur fólks kemur saman af einhverju tilefni (Tuan, 2001: 159-161). Hér er það þá fyrst og fremst læsi hans á umhverfið og í framhaldi af því hæfni til þess að svara þeim lestri með því að sýna ákveðna virðingu og hluttekningu í þeirri félagslegu athöfn sem er að eiga sér stað. Þetta læsi hans á umhverfið og hluttekning er því það sem aðgreinir hann sem homma frá þeim gagnkynhneigðu í þessu tilfelli.

Þegar talað er um læsi einstaklings á umhverfi sitt er átt við að viðkomandi búi yfir ákveðinni þekkingu á því umhverfi og þeirri félagsgerð sem hann býr í. Clifford Geertz tekur þennan lestur einstaklingsins fyrir í grein sinni „Thick Description: Toward an Interpretive Theory of Culture“, en þar nefnir hann sem dæmi hvernig það að blikka getur haft margar ólíkar merkingar. Þessar ólíku merkingar byggja alfarið á því að áhorfandinn sé vel kunnugur því umhverfi og þeim félagslegu venjum þar sem blikkið á sér stað og geti áttað sig á hver merking þess er: hvort það vísi til samsæris eða sé liður í tilhugalífi, tákn vináttu eða sé tilkomið af kæk eða sandkorni, nú eða sé liður í að leika eftir kæki annarra. Skilningur á blikkinu kallar á töluvert mikla þekkingu sem gerir fólk læst á merkingu þess við ólíkar aðstæður og í ólíku samhengi (Geertz, 1973: 237). Til að setja þetta dæmi í víðara samhengi þá væri hægt að segja að í íslensku samfélagi alist allir upp við sömu grunngildin og með því að tilheyra heildinni læri einstaklingar sameiginlegan lestur á hegðun hvers annars. Innan samfélagsins má svo aftur finna ótal smærri hópa sem hver og einn býr yfir sínum sértæku gildum og sérstaka merkjamáli sem einungis tilheyrir þeim hópi. Ef frásögn Coco er sett í þetta samhengi þá væri gagnkynhneigði hópurinn hluti af almenna lestri samfélagsins en Coco hluti af sértækum lestri samkynhneigðra sem er samkvæmt þessu mun næmari í þessum aðstæðum.

Í viðtalinu við Hörð Torfason, 73 ára leikara og tónlistarmann, komu fram tvö áhugaverð atriði varðandi viðhorf hans til snyrtimennsku. Það fyrra snýr að líkamssnyrtingu einstaklingsins og það síðari að hreinlæti hans. Varðandi fyrra atriðið nefndi hann dæmi frá því hann bjó í Danmörku fyrir tæplega 40 árum. Þar lýsir hann því hvernig hann og vinir hans lifðu lífinu í Danmörku á þeim árum og í því sambandi kemur hann inn á snyrtimennsku:

Kringum '80 og '85 eitthvað, fórum við í Magasin de Nord í svona klúbb sem maður gat skráð sig í. Fékk ódýrari snyrtivörur og svo voru snyrtivörukynningar sem maður



fékk að vita af. Þá fór maður og smurði á sig öll kremin, prufaði allt saman. (SI-2019-4: 11)

Og litlu síðar kemur hann inn á síðara atriðið sem varðar hreinlæti og líkamann:

Jú, ég held að, meira að segja í dag, og tek eftir því, því ég stunda laugarnar og strákarnir spyrja mig oft út í svona hluti. Og ég er að segja bara svona staðreyndir, og spyr þá "Hvað er stærsta líffæri líkamans?", og þá koma svör, „hjartað meinarðu?“, „nei það er húðin.“ Ef þú ferð illa með húðina þá eldistu fyrr, það er bara, þvoðu þér vel, taktu dauðu húðina af og smyrðu, settu á þig krem. Hugsaðu vel um útlitið því þeir eru að segja mér að ég líti svo miklu yngri út. „Ok“, er það vegna þess að ég hirði húðina, ég veit það ekki. (SI-2019-4: 12)

Af þessu tveimur tilvitnunum má merkja að Hörður leggur áherslu á almennan þrifnað og góða umhirðu húðarinnar. Það er ekki síður athyglisvert að hann setur hreinlætið og góða umhirðu húðarinnar í samhengi við það að halda sér unglefum, en æskudýrkun er á meðal þess sem hommar hafa sætt gagnrýni fyrir eins og fram kom í niðurstöðum Shaun Cole úr viðtalsrannsókn sem hann birti í bók sinni *Don We Now Our Gay Apparel: Gay Men's Dress in the Twentieth Century*. Þar segir m.a.: „Tískufærni homma hefur oft verið sýnd í neikvæðu ljósi þegar lífstíll homma er gagnrýndur og hefur þessi færni þeirra verið sett í samhengi við löngun þeirra til að framlengja eða viðhalda æsku sinni“<sup>9</sup> (Cole, 2000: 5). Þannig mætti segja að nálgun samkynhneigðra á líkamlegt hreinlæti staðsetji þá nær kvenlegu hreinlæti frekar en það sem kalla mætti „hefðbundnu“ karlmannlegu hreinlæti.

Hreinlæti kemur ekki eingöngu fram í líkamlegu hreinlæti. Þannig kom hreinlæti varðandi fatnað sem viðkomandi klæðist skýrt fram m.a. í frásögn Nonna Ragnarssonar, 67 ára myndlistarmanns, þar sem hann ræðir hvernig fatnaði hann klæddist þegar hann var ungur maður og bjó hjá móður sinni:

Já, sko út af því að, þá fannst henni að, ég gat farið úr fötunum og þá var hún komin með þau inn í þvottavél. Hún vildi ekki að ég væri í skítugum fötum en ég hef náttúrulega aldrei verið það. En þannig ég hefði ekki komist upp með það. (SI-2019-6: 7)

Hér er eitt sem vert er að leiða hugann að í þessari frásögn Nonna, auk snyrtimennsku sem við kemur þeim fatnaði sem hann klæðist, en það eru tengsl hans við móður sína sem mótandi aðila í því að vera ávallt í hreinum fatnaði sama hvaða fatnað er um að ræða. Í þessu sambandi er athyglisvert að tengsl flestra viðmælendanna við móður sína sem

---

<sup>9</sup> „Fashionability has often, in critiques of or commentaries on gay lifestyles, been presented in a negative fashion, equating it with a desire amongst gay men to extend or retain their youth.“

fyrirmynd voru algengari en við föður. Þannig svaraði Reynir Þór Eggertsson, 44 ára háskólakennari, aðspurður um hvort móðir hans eða faðir hefðu verið hans fyrirmynd í æsku: „...en maður kannski leitaði meira í kvenkyns fyrirmyndir, já eða allavega ég...” (SI-2018-1: 8), og Daníel E. Arnarson 28 ára, framkvæmdarstjóri segir: „...ég er alin upp af konum, mömmu minni aðallega, og svo í pólitíkinni er ég alin upp af konum eiginlega númer eitt, tvö og þrjú“ (SI-2018-3: 17), svo nefnd séu dæmi úr viðtölunum.

Almennt séð eru konur taldar vera snyrtilegri til fara og hugsa meira um líkamsumhirðu heldur en karlar, eins og minnst var á hér að framan. Það gæti stafað af hvort tveggja að þær starfi og dvelji oftari en karlar í þrífalegra umhverfi og hafi oftari en ekki umsjón með því að halda heimilinu hreinu og snyrtilegu. Hér er því kominn vísir að því að kvenlegur mótandi þáttur sé ríkjandi meðal samkynhneigðra karla. Þó svo að þessi munur á hreinlæti kynjanna sé ef til vill ekki áberandi dags daglega í samskiptum fólks, þá hafa rannsóknir sýnt að þessi munur er til staðar. Þannig mætti vísa til rannsóknar sem gerð var í framhaldsskólum í Bandaríkjunum sem fólst í því að rannsaka hvort munur væri á milli kynja og kynþátta á handþvotti nemenda í nokkrum framhaldsskólum, og sýndu niðurstöður þeirra rannsóknar m.a. mikinn mun á þessari gerð hreinlætis milli karla og kvenna, þar sem konur voru hreinlegri en karlar (Andersen, Warren, Perez, Louis, Phillips, Wheeler, Cole, Miisra og Fmalrc, 2008: 361-368). Hér er því kominn einn hluti þess sem er að einhverju leiti aðgreinandi varðandi snyrtimennsku og hreinlæti milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra karlmanna. Hörður nefnir einnig dæmi um hreinlæti fatnaðar og mikilvægi þess varðandi snyrtimennsku einstaklingsins í sínu viðtali:

Ég áleit mig vera að gera sjálfum mér mikinn greiða. [Hlátur] Af því að sko, líka viðkomandi, þeim sem ég tala við. Þeir koma stundum í gufuna, það koma einhverjir karlar, til að fara í bað og hafa greinilega ekki farið í bað í hálfan mánuð eða lengur. Og þeir þrifa ekki fötin sín, þeir gleyma því. Svo koma þeir aftur og það er alltaf sama ólyktin af þeim. Þá spyr ég þá "Hversu oft ferðu með fötin þín í hreinsun? eða lætur þvo þau bara?" Þá kemur stundum á þá, sumir eru alveg lausir við að skynja það. En þetta hefur ekkert með karlmennsku að gera, þetta er bara í sjálfu sér ekkert, þetta er bara mannlegt. (SI-2019-4: 25)

Í þessari frásögn má merkja mun sem Hörður upplifir á áherslum sam- og gagnkynhneigðra karla varðandi snyrtimennsku og þrífnað á fatnaði. Í þessu samhengi er ekki erfitt að ímynda sér að einhverjir verkamenn eða einstaklingar sem vinna óþrífalega vinnu dags daglega leggi ekki eins mikla áherslu á að þrifa vinnufötin jafn oft og annan fatnað sinn, sem gott þætti samkvæmt viðmiðum Harðar, þó svo hann nefni hér dæmi

um einstaklinga sem ekki endilega lifa við þær aðstæður. Af orðum Harðar að dæma er í það minnsta einhver munur á milli homma og gagnkynhneigðra karla hvað varðar þrifnað á fatnaði, þó svo eðlilega sé erfitt að henda reiður á hversu mikill munur er þar á. Það sem er ef til vill athyglisverðasti punkturinn sem fram kemur í þessari frásögn Harðar, er að hann tekur nokkuð skýrt fram að hann finni greinilegan mun á því hversu næmir samkynhneigðir og gagnkynhneigðir karlar eru á hvað sé eðlilegt þegar kemur að þrifnaði fatnaðar og líkama. Hvort viðmið Harðar eru nær því sem gætu talist kvenleg viðmið, eða hvort gagnkynhneigðir karlar séu ekki eins læsir á það sem „eðlilegt“ er talið, þegar kemur að hreinlæti og snyrtimennsku er ekki gott að segja til um.

Að þessu sögðu má ljóst vera að snyrtimennska er þegar að er gáð klárlega einn þáttur í því að framkalla til þess að gera óápreifanlega aðgreiningu milli gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Það ber eðlilega að hafa það í huga að snyrtimennska er persónulegt fyrirbrigði hjá hverjum einstaklingi fyrir sig og meira breytilegur hluti af lífi viðkomandi frekar en einhver afmörkuð skilgreind athöfn. Þannig að með því að setja þennan þátt fram eins og gert er hér að framan, þá er einungis verið að draga fram og sýna tilhneigingu hjá þessum tveimur hópum, frekar en að um einhverskonar reglu eða fasta sé að ræða varðandi þennan mun á snyrtimennsku þessara tveggja hópa karlanna eins og hann birtist í frásögnum viðmælendanna.

### **3.2 Samsetning fatnaðar**

Útlit og samsetning fatnaðarins var annað atriði sem kom skýrt fram hjá flestum viðmælendunum að skipti miklu máli. Þar er alls ekki átt við að fatnaðurinn væri endilega „kvenlegur“ eða hlaðin einhverjum táknum kvenkyngervis, heldur einungis hvernig hefðbundinn karlmannsfatnaður var samansettur og borinn. Það var algengt að viðmælendurnir töluðu um að það skipti miklu máli að fatnaðurinn sem þeir klæddust dagsdaglega væri í stíl, að hugað væri vel að litasamsetningum og að fatnaðurinn væri í réttum stærðum og rétt sniðinn að líkamsvexti viðkomandi. Þessi hluti framsetningar fatnaðarins tilheyrir því sem Erving Goffman nefnir framhlið einstaklingsins, eða það sýnilega af honum (e. front), en það er sá hluti af flutningi einstaklingsins sem ætlað er að sýna umhverfinu hver viðkomandi er. Með því er átt við að áhorfandinn á að geta lesið í birtingarmynd viðkomandi og séð hvaða kyni og stétt hann tilheyrir, félagsstöðu hans og jafnvel hvernig efnahagur viðkomandi er án nokkurra samskipta við einstaklinginn

(Goffman, 1956: 13-19). Þessi framsetning á fatnaði einstaklingsins byggir því á skýrum mörkum í framsetningunni, svo lestur áhorfandans gangi hratt fyrir sig og án misskilnings þannig að áhorfandinn hafi traustar forsendur fyrir því við hvern hann er að fara að eiga samskipti og getur því valið viðeigandi framkomu.

Hvað varðar sniðin og efnin lýsti Coco muninum hjá samkynhneigðum og gagnkynhneigðum körlum í sinni frásögn. Hann tók m.a. mjög gott dæmi af því þegar vinkona hans sem stödd var erlendis hringdi í hann og bað hann um að fara með manninum sínum að kaupa skyrtu. Hann lýsir því atviki á eftirfarandi hátt:

Já, og við fórum í Sævar Karl í Bankastrætinu. Og við fórum þangað, hann ætlaði í brúðkaup og svona. Og ég fann nokkrar skyrtur, eina sem var ljósblá, eina lillabláa, en hann var vanur að fara í sinni hvítu eða bláu skyrtu sem hann hafði keypt í sinni „cheap“ búð, þú veist, H&M eða eitthvað svoleiðis. Og honum fannst bara, þetta virkar. Og ég sagði bara, „Nú höfum við smá tíma, farðu í þessa, farðu í þessa, farðu í þessa“ og hann fór og endaði með að kaupa þrjár skyrtur. Hann var mjög ánægður og sagði „Vá, ég hefði ekki trúað því að snið geri eitthvað fyrir mig“. Hann var vanur að fara í svona smá pokalegum skyrtum. En þegar hann var kominn í skyrtu frá betra merki sem var með betra efni, það var hugsað um sniðið, það var meira aðsniðið, hann sá það strax, hann leit betur út. Hann var mjög hissa, mjög ánægður og keypti bara þrjár skyrtur. Það sýnir að skyrtu er ekki bara skyrtu. Skyrtan getur líka verið, sko til dæmis, sama skyrtan sem er saumuð úr mismunandi efni, þó að sniðið sé eins, ef efnið er öðruvísi þá er skyrtan öðruvísi. Þú getur farið í skyrtu sem er „slim-fit“ í svona „cheap“ lélegu efni, þú sérð strax, „jú, þetta passar eitthvað“. En ef þú ferð í sömu skyrtu úr betra efni, bómullarefni eða blanda eða eitthvað. Þá sést það strax, það bara passar betur. (SI-2019-5: 23-24)

Í þessari frásögn koma glögglega fram nokkur aðgreinandi atriði varðandi val á fatnaði hjá gagnkynhneigðum körlum og hommum. Þar er um að ræða atriði eins og snið fatnaðarins, en í því sambandi vekur athygli hið þrönga snið skyrtunnar sem hann nefnir. Þröng snið eru eitt af þeim einkennum sem tengjast kvenlegum gildum fatnaðar. Auk þess nefnir hann efnið sem fatnaðurinn er saumaður úr og þýðingu þess fyrir útlitið og svo þriðja atriðið sem varðar litaval á fatnaði (Entwistle, 2015: 142-145).

Litagleði er algengari meðal samkynhneigðra karla heldur en gagnkynhneigðra, en það er atriði sem er hliðstætt því sem er algengara í fatnaði kvenna heldur en gagnkynhneigðra karla. Enn og aftur má glögglega merkja að lestur Coco á smáatriði og fleiri þætti sem við koma fatnaði er næmari heldur en hjá gagnkynhneigðum körlum sem hann lýsir. Þennan næma lestur á fatnað, líkt og lesturinn á umhverfið, er því auðvelt að setja í samhengi við það kvenlega. Með því er átt við að það er oftast en ekki konan sem

hefur það hlutverk að hugsa um heimilið, velja og kaupa föt á börnin, þó svo að stöðugar breytingar séu að eiga sér stað varðandi þetta hlutverk sem í gegnum tíðina hefur yfirleitt tilheyrð konunni. Þetta atriði kemur fram í frásögn Coco með þeim hætti að það er kona mannsins sem leitar til hans vegna þess að hún áttar sig líklega á þessum mun á sam- og gagnkynhneigðum körlum. Af framansögðu mætti því álykta að gagnkynhneigðir karlar, vegna þessa ólæsis á eigin útlit, geti leyft sér að vera „púkalegir“ í klæðnaði án þess það hafi einhverjar afleiðingar, þar sem það tilheyrir með einhverjum hætti viðurkenndri karlmennsku í samfélaginu (Connell, 2015: 76). Hér er því ljóst að lestur á umhverfi og útlit fatnaðar er aðgreinandi þáttur á milli þessara tveggja hópa karlanna.

Dæmi um hvernig merkja má aðgreiningu í gegnum samsetningu fatnaðar kom fram í viðtalinu við Úlfar Viktor Bjarnason, 25 ára háskólanema, en hann lýsir hversdagsklæðnaði sínum með eftirfarandi hætti:

Já mér finnst mjög gaman að svona stílhreinni tísku. Eins og núna er ég bara klæddur eins og ég sé að fara að vinna, en ef ég er að fara eitthvað þá vil ég helst hafa þetta svona frekar „simple“. Ég er ekkert rosa mikið í, ég er enginn regnbogi þegar það kemur að fötunum mínum. Ég er oftast bara í svörtum fötum og einhverju fallegu, einhverjum fallegum fylgihlutum. Svona upp á lúkkið þá finnst mér fylgihlutir gera oft mikið fyrir heildarútlitið. (SI-2019-11: 7)

Hér er það heildarútlitið og stíllinn sem viðmælandinn leggur áherslu á í fatnaðinum. Það sem er athyglisvert við þessa lýsingu er að hann kýs að vera í svörtum fatnaði í grunninn, en svartur litur er talinn frekar einkennandi fyrir gagnkynhneigða karlmenn (Entwistle, 2015: 171-173). Hér aftur á móti eru það fylgihlutirnir sem gera aðgreininguna og breyta karlkyngevri svarta klæðnaðarins yfir í eitthvað meira, en um fylgihluti og þessa tilteknu framsetningu fatnaðar verður betur fjallað hér á eftir í kaflanum um blæbrigði.

Það má því ljóst vera að þó svo útlit fatnaðarins sé í grunninn karlmannlegt þá ber framsetning hans varðandi stíl, snyrtimennsku, hreinlæti og fágun merki um ákveðna aðgreiningu við framsetningu fatnaðar miðað við gagnkynhneigða karla.

Lýsing Ahd Tamími, 28 ára leikara, gefur gleggri mynd af þessari óljósu en þó vel merkjanlegu aðgreiningu sem fram kemur í klæðaburði sam- og gagnkynhneigðra karla:

Mér finnst ég geta leyft mér að vera svolítið skrautlegri, eins og þessi jakki t.d. er aðeins skrautlegri og ég get verið í honum dagsdaglega. Fólk er þú veist kannski „vá“. Já ég get leyft mér að vera skrautlegri í fatavali, ég er yfir höfuð ekkert of daufur í fatavali. Þú veist, ég er ekki þessi gaur sem þú ert búinn að sjá mjög mikið í, þú veist, gráum fötum alls staðar skilurðu. Ég get leyft mér það, það hefur allveg gerst stundum

að ég leyfi mér bara að vera í „plain“ fötum en oftast en ekki leyfi ég mér að vera í svolítið flottum glæsilegum fötum sem venjulegt fólk mundi fara í eitthvað alveg svona spari spari spari en er svona hversdagslegt hjá mér. (SI-2019-10: 5)

Þessi lýsing hans fangar ágætlega með skýrum og skemmtilegum hætti muninn í fatavali homma og gagnkynhneigðra karla. Það kemur til vegna þess, að það sem sparifatnaður almennt felur í sér hjá flestum er að vandað er til allra þátta hvað varðar hreinlæti, samsetningu og stíl, þar sem heildarútkoman á að fela í sér ákveðna fágun og glæsileika. Aðgreiningin sem hér er lýst birtist þannig að hjá gagnkynhneigðum körlum er þessi framsetning fatnaðar viðeigandi við tiltekin afmörkuð hátíðleg tilefni, en hjá samkynhneigðum er mun oftast viðeigandi að vera spariklæddur, jafnvel þó enginn annar sé það í sama umhverfi. Eðli málsins samkvæmt skera þeir sig þar með úr fjöldanum. Þetta skýrir ef til vill það sem oft er talað um varðandi samkynhneigða karlmenn að þeir séu betur til fara heldur en gagnkynhneigðir. Þetta atriði er svo aftur hægt að tengja kvenlægum gildum þar sem konur eru oftast í litríkari og fjölbreyttari fatnaði sem oftast en ekki er „sparilegur“ eða glæsilegur í útliti (Cole, 2000: 64).

Hörður kemur inn á þetta, að hommar séu oftast en ekki betur til fara heldur en þeir gagnkynhneigðu:

En svona maður tók eftir hinu og þessu. Það væri eitthvað, og svo þóttu hommar oft svona fínna til fara. Það var oft svona talað um það. Þeir væru vandaðri í klæðaburði, en ég held að það sé fyrst og fremst bara smekksatriði. Ég hef oft heyrt þetta og heyri þetta enn í dag. (SI-2019-4: 7)

Það er örugglega alveg rétt hjá Herði að það hversu karlmenn eru fínir til fara er smekksatriði hvers og eins burtséð frá kynhneigð. En þrátt fyrir það má samt sem áður lesa ákveðna tilhneingingu úr þessum frásögnum þá upplifun að hommar séu oftast snyrtilegir og fínir til fara en gagnkynhneigðir. Þetta mætti segja að sé hluti af sýnilegri aðgreiningu þeirra á milli og liður í læsi umhverfisins á kynhneigð karla.

Í framhaldi af því sem fram hefur komið hér að framan liggur beint við að spyrja sig, hvað það sé sem búi að baki því að hommar leitist við að vera snyrtilegir til fara. Tyrfingur Tyrfingsson, 28 ára rithöfundur, kom inn á athyglisvert atriði varðandi þetta í sínu viðtali:

Ég held að fötin séu rosalega mikilvæg varðandi eitt. Þetta er fyrsta tilraun til þess að klæða á sig sjálfsvirðingu, til að klæða sig upp úr vanlíðan, klæða sig upp úr „Ég er undir sko“, þú veist. Ég held að homminn sé kannski alltaf að einhverju leiti að glíma við það að finnast hann vera, fyrir neðan sko. Þá er þetta „overcompensation“. Þú

veist, „Ég er svo ómerkilegur að ég ætla að sýna þeim og ég þarf að gera tvöfalt meira og ég þarf að gera tvöfalt betur og já.“ (SI-2019-8: 18)

Í þessari lýsingu Tyrfings kemur skýrt fram sú staða að samkynhneigði karlmaðurinn þurfi ekki einungis að nota fatnaðinn til þess að aðgreina sig leynt eða ljóst, eða reyna að samlagast fjöldanum, heldur notar hann fatnaðinn einnig til þess að skipa sér sess innan karlasamfélagsins. Þá viðleitni er ekki erfitt að setja í samhengi við annað sem komið hefur fram varðandi snyrtimennskuna, eins og hreinlæti og smekkvísi í fatavali. Annað athyglisvert atriði snýr að því með hversu ólíkum hætti hommar nota fatnaðinn í þessum tilgangi. Eins og fram hefur komið þá geta gagnkynhneigðir karlar leyft sér að vera þínu púkalegir í fatnaði án þess að það hafi teljandi áhrif á stöðu þeirra innan karlasamfélagsins, þar sem flestir karlar eru að einhverju leiti undirskipaðir í þeirri stéttaskiptingu sem þar tíðkast og gerð var grein fyrir í kafla tvö. En hér velja hommar að fara þá leið að skara fram úr öðrum í glæsileika. Sú viðleitni getur svo aftur verið varasöm, þar sem að ef þeir fara yfir strikið í glæsileikanum þá geta þeir aftur verið „gjaldfelldir“ vegna þess að þeir verði of kvenlegir, þyki of fínir til þess að það teljist karlmannlegt. Þetta má með góðu móti setja í samhengi við það sem R. W. Connell bendir á, að hugmyndin um hina „sönnu“ karlmennsku megi m.a. finna í því líkamlega hjá karlmanninum hvað varðar styrkleika og sé andstæðan við það kvenlega. Í því sambandi nefnir hún sem dæmi að karlmenn séu álitnir grófari og árásargjarnari en konur sem endurspeglar svo aftur í klæðaburði og framkomu þeirra (Connell, 2005: 45-46). En við það að vera of fínlegir, þó þeir séu í hefðbundnum karlmannsfötum, þá fellur flutningurinn utan þess karlmannlega og fyrir vikið er flutningurinn lesinn sem kvenlegur vegna kynjatvíhyggju samfélagsins.

Guðfinnur Sigurvinsson, 40 ára stjórnslufræðingur slær sams konar tón og Tyrfingur hér að framan en þó með nokkuð annarri nálgun:

En ef ég tek svona akkúrat hér og nú. Þá finnst mér þetta skipta mjög miklu máli, þú veist á morgnana að þú veist að þegar ég ákveð í hverju ég ætla að vera. Ég reyni alltaf að klæða mig af virðingu við sjálfan mig og virðingu fyrir öðrum líka. Það hvernig þú kemur fyrir, það það setur þig ofboðslega mikið svona, það gefur þér ákveðna stöðu í samfélaginu, hvar þú stendur, og það er líka að þú veist að þegar þú, til dæmis í mínu starfi, þá er maður líka svolítið að segja „Ég tek þig alvarlega, ég tek starfið mitt alvarlega og þennan fund sem við sitjum á alvarlega“ af því ég er þannig klæddur. Og þá er ég líka að gera þetta af virðingu fyrir starfinu og öllum þessum ytri þáttum um leið og ég er að gera það fyrir sjálfan mig. (SI-2019-12: 3)

Hér setur Guðfinnur klæðnaðinn og framsetninguna á honum í samhengi við sjálfsmynd og sjálfsvirðingu einstaklingsins (Brubaker, 2000: 6-8), rétt eins og Tyrvingur gerir einnig. Þó gengur Guðfinnur lengra í sinni frásögn þar sem hann tengir fatnaðinn við það hvaða stöðu viðkomandi vill tilheyra í samfélaginu og að sama skapi, að hann sé tekinn alvarlega og sé trúverðugur einstaklingur (Kawamura, 2005: 95-96). Þessi atriði eiga að sjálfsögðu við bæði sam- og gagnkynhneigða einstaklinga, en spurningin er hvort þessi atriði hafi meiri eða aðra þýðingu fyrir samkynhneigða en fyrir gagnkynhneigða karlmenn. Ef litið er til þess sem fram kemur hjá Tyrvingi má ætla að sú sé raunin, þar sem hommar þurfi að sanna sig gagnvart öðrum karlmönnum til þess að vera viðurkenndir í þeirra hópi (Connell, 2005: 831-832). Í þessari frásögn Guðfinns kemur einnig fram ákveðin samsvörun varðandi lestur hans á umhverfinu og hvernig sé mest viðeigandi að mæta því umhverfi sem hann er í hverju sinni, rétt eins og fram kom í frásögn Coco hér að framan þar sem hann lýsti því hvernig hann reyndi að klæða sig upp svo hann væri hluti af umhverfinu sem hann væri í.

Áhugavert getur verið að skoða það sem hér hefur komið fram í samhengi við niðurstöður af rannsókn þeirra Hannah Frith og Kate Gleeson, „Clothing and Embodiment: Men Managing Body Image And Appearance“, á því með hvaða hætti fatnaður tengist líkamsútliti karla og kvenna og viðhorfum til þess. Í rannsókninni kom fram að munurinn á verslunarferðum karla og kvenna í fataverslanir fólst m.a. í því að konur notuðu þessar verslunarferðir til þess að máta sig við nýjar birtingarmyndir sjálfsmynda í gegnum fatnað á meðan karlmenn notuðu þær eingöngu til að kaupa sér tiltekin plögg sem þá vanhagaði um (Frith og Gleeson, 2004: 41-46). Í þessu tilliti mætti því segja að konur og hommar hafi meira svigrúm til þess að breyta til og hafa fleiri sjálfsmyndir heldur en karlar. Þannig gagnast þessi kvenlega leið samkynhneigðum vel vegna þess að þeir þurfa að fara nýjar leiðir í að koma sinni sjálfsmynd á framfæri þar sem hún felur í sér annað kyngervi heldur en hjá gagnkynhneigðum körlum. Á sama tíma þurfa þeir að klæða á sig „sjálfsvirðingu“ eins og Tyrvingur orðaði það, til þess að geta staðið beinir í baki gagnvart gagnkynhneigðum körlum.

Við þetta má svo bæta að hluti skýringarinnar á því að gagnkynhneigðir karlar forðast að taka upp sömu gildi varðandi fatnað og konur, þ.e. að velja fatnað út frá fagurfræði og margbreytilegum birtingarmyndum sjálfsmynda, getur falist í því að með því að gera það



ekki þá er kynjativhyggjunni viðhaldið þar sem karlar leitast við að vera andstæðan við konur í þessum efnum sem öðrum til að verja forræðisstöðu sína gagnvart þeim.

### 3.3 Misheppnaður trúverðugleiki (e. Failed seriousness)

Í framhaldi af því sem fjallað var um í kaflanum hér að framan þá liggur beint við að taka fyrir það sem Tyrfingur Tyrfingsson vísar til sem „failed seriousness“ eða misheppnaðs trúverðugleika. Þar er hann að vísa til fræðikonunnar Susan Sontag sem setti þetta fram sem skilgreiningu á fyrirbrigðinu „Camp“. Tyrfingur reynir þannig að koma í orð einu af því sem aðgreinir klæðnað homma frá klæðnaði gagnkynhneigðra karla. Birtingarmynd misheppnaðs trúverðugleika verður þannig til þegar að samkynhneigður karlmaður gengur of langt í vali, samsetningu og allri framsetningu fatnaðar miðað við það sem tíðkast að jafnaði hjá gagnkynhneigðum karlmönnum. Þegar samkynhneigður einstaklingur fer þessa leið varðandi fatnað getur útkoman orðið „Camp“ eða misheppnaður trúverðugleiki. Sontag lýsir þessari framsetningu m.a. með þessum orðum í íslenskri þýðingu: „kjarninn í „Camp“ felst í því að hafa ást á því óeðlilega: gervilega og ýkjum“<sup>10</sup> (Sontag, 1966: 275). Til að draga upp mynd af þessu fyrirbrigði, þá nefndi Tyrfingur nokkur góð dæmi af því með hvaða hætti þetta birtist en eitt þeirra er á þessa leið:

Það er einn maður sem ég er að hugsa um núna, hann er leikstjóri hérna í Amsterdam, hann er í glansandi jakkafötum og glansandi skyrtu og svo í glansandi skóm. Þú veist þetta á að vera svo glansandi og svo fínt, en þetta verður svo ófínt. Þetta á að vera alvarlegt og flott en það gengur svo langt að það mistekst. Og það held ég að sé þú veist alltaf partur af þessu. Og líka með leðurhommum, að það mistekst, hann á að vera svo „macho“ eitthvað en svo er hann svo „dry“. Svo verður hann svo mikið skóla-„friendly“. (SI-2019-8: 9)

Í þessu dæmi sem hann nefnir hér að framan kemur fram að þegar sá sem í hlut á reynir að draga upp mynd af glæsilegum hefðbundnum karlmannsfatnaði þá mistekst það með þeim hætti að lestur umhverfisins á birtingarmyndinni verður allt annar en að þar sé á ferðinni glæsilegur gagnkynhneigður karlmaður í jakkafötum. Það stafar af því að öll karlmennskan sem jakkaföt eru almennt gildishlaðin, fýkur út í veður og vind vegna þess að það er farið langt yfir strikið í glæsileikanum. Gildishlaðning verður þannig „hommaleg“. Að sama skapi gerist þetta þegar þeir einstaklingar sem vilja sýna einskonar

---

<sup>10</sup> „Indeed the essence of camp is its love of the unnatural: of artifice and exaggeration.“

forræðiskarlmennsku í formi leðurklæðnaðar og líkamlegra yfirburða, sem er vel þekkt hjá gagnkynhneigðum karlmönnum og á sér fyrirmynd hjá t.d. mótörhólagengjum, þá misheppnast sú framsetning að sama skapi og fær allt aðra gildishlaðningu. Sú framsetning á sér litla samsvörun í hefðbundinni karlmennsku, þess í stað verður útkoman með þeim hætti að viðkomandi fellur hvergi inn í hinar hefðbundnu karlmannsímmyndir og er dæmdur til að flokkast sem „hommalegur“. Hér er það því trúverðugleiki flutningsins sem bregst, en trúverðugleiki alls flutnings einstaklinga er forsenda þess að viðkomandi sé tekinn alvarlega af umhverfinu (Alexander, 2005: 2).

Þó svo dæmin tvö sem Tyrfingur nefnir hér að framan séu nokkuð afgerandi varðandi þessa tegund eða birtingarmynd aðgreiningar, þá er þessi birtingarmynd ekki alltaf svona afgerandi. Þannig geta tíðarandi og tískustraumar á hverjum tíma fyrir sig haft úrslitaáhrif á hvort viðkomandi birtingarmynd klæðnaðar falli undir þessa skilgreiningu eða ekki. Í þessu sambandi gæti klæðnaður á borð við mittisjakka með herðapúðum og bleik skyrta sem þótti karlmannlegt og viðeigandi í samfélaginu á níunda áratugnum ekki flokkast sem hommalegur, a.m.k. á þeim tíma. Aftur á móti myndi þess lags fatnaður falla undir „camp“ eða misheppnaðan trúverðugleika í dag.

Fleira getur komið til heldur en einungis klæðnaðurinn sjálfur eða samsetning hans varðandi þetta atriði. Þannig getur líkamstjáning og það hvernig viðkomandi ber fatnaðinn gildishlaðið klæðnaðinn með öfugum formerkjum. Við það missir fatnaðurinn grunnildi sín og merkingu. Dæmi um þetta kemur fram í viðtalinu við Tyrfing:

Og margir sem eru kannski kvenlegir að upplagi leitast við að vera sko karlmannlegir og verða fyrir vikið hlægilegir, þú veist. Maður getur sagt það og maður sér það stundum. Tökum bara dæmi eins og kunningi minn sem er, hérna, hárgreiðslumaður. Hann er í öllu sem að öskrar karlmennska, hann er með hálsmen sem er mjög stórt, hann er með stórt úr, hann er í leðurvesti, hann er í gallabuxum með leðurbelti. Hann er hommalegri en allt sem hommalegt er. Hann er vaxinn eins og einhver hermaður en samt „fail-ar“ hann, hann er, samt misheppnast hann. (SI-2019-8: 26-27)

Af þessu má merkja að þó svo fatnaðurinn og fylgihlutir séu allir karlmannlegir þá þarf ekki mikið til að þessi karlmannlegi fatnaður missi merkingu sína sem slíkur þegar kemur að lestri umhverfisins á honum. Það þarf ekki meira að koma til en að fas eða göngulag viðkomandi sé úr karakter miðað við fatnaðinn, þá missir hann trúverðugleikann sem hefðbundinn karlmaður (Goffman, 1956: 4). Ef að klæðnaðurinn sker sig frá því sem viðtekið er hvað varðar liti og snið, þá gerist það sama, þ.e. viðkomandi verður

ótrúverðugur í augum áhorfandans. Allir þættir sem við koma flutningi einstaklingsins verða að ganga upp sem ein heild, eigi hann að virka trúverðugur fyrir lestur umhverfisins. Til að sýna hversu lítið má út af bera í flutningnum er gagnlegt að skoða það sem Coco hafði að segja um viðhorf gagnkynhneigðra karla varðandi mörk sem gilda um útlit fatnaðar sem þeir klæðast svo hann teljist karlmannlegur:

Meðan þú ert „straight“, þú ætlar að sýna að þú ert „straight“, þú ætlar að haga þér eins og flestir hinir. Kannski pínkulítil breyting í sambandi við lit og snið, miðað við þá tísku sem er í gangi á þeim tíma. En ekki meira en það, þeir fara ekki dýpra en það. Þeir eru mjög hræddir. (SI-2019-5: 7)

Hér kemur fram hjá Coco að í hans starfi sem klæðskeri og hönnuður sé þetta reynsla hans af viðhorfum gagnkynhneigðra karlmanna til þess fatnaðar sem þeir klæðast. Þannig virðist sem mörkin sem þeir setja sér varðandi útlit fatnaðarins séu alveg skýr og yfir þau fara þeir ekki. Coco setur þetta í samband við hræðslu við að skera sig úr fjöldanum. En hvaðan koma þessi mörk og hver setur þau? Í grein sem Sangeta Singh-Kurtz birti á vefmiðlinum *Quarizy*, þar sem fræðimenn koma rannsóknum sínum á framfæri, kemur hún inn á hvernig tískuiðnaðurinn og hönnuðir þar setja reglulega á markað „Camp“ tískulínur fyrir karla og konur en þrátt fyrir það sé raunin sú að það eru konur og hommar sem klæðast með þessum hætti, en gagnkynhneigðir karlar ekki (Kurtz, 2018). Til að varpa ljósi á það atriði segir Coco þannig frá:

En reyndar frá því maður fæðist þá er maður stimplaður. Ef maður er karlkyns á maður að vera í bláu en kvenkyns í bleiku. Svo í raun og veru er búið að setja þetta í okkur áður en við vissum nákvæmlega hvernig við viljum hafa þetta. Það er ekki sagt við okkur þú ræður, veldu, hvað viltu? Hvað er það sem þér finnst gott? Nei nei, það er bara sagt Nei! Karlmennt, blár! Konur, bleikur! Sem mér finnst mjög skrítið en þetta er bara alls staðar, þetta er ekki bara hér á Íslandi. (SI-2019-5: 9)

Hér rekur hann þessi mörk allt til þess er við fæðumst og þeirrar kynjaaðgreiningar sem á sér stað strax á barnsaldri. Kynin eru ekki einungis aðgreind líffræðilega, heldur er þeim á sama tíma skipað í fyrirfram gefna félagslega stöðu og kennt að haga sér eftir ríkjandi viðhorfum samfélagsins (Connell, 2002: 76-77). Í þeirri félagslegu stöðu er það svo karlmaðurinn sem tilheyrir forræðishópi en konur eru undirskipaðar (Connell, 2005: 23-24). Við þessa skiptingu skapast sú staða að konur hafa mun meira frelsi varðandi hvernig þær klæða sig. Það helgast m.a. af því að þær eru undirskipaðar í kynjahlutverki og þurfa því ekki að verja forræðisstöðu, en það þurfa karlmenn hins vegar að gera, bæði gagnvart

konum, en einnig hver gagnvart öðrum. Þar sem hommar uppfylla ekki eitt af frumskilyrðum karlmennskunnar sem felst í kynhneigð, þá eru þeir þar með undirskipaðir innan karlasamfélagsins (Butler, 1988: 524).

Þegar talað er um forræðiskarlmennsku er átt við þá tegund karlmennsku sem er efst í valdastiganum innan karlasamfélagsins. Það að samsama sig forræðiskarlmennsku þýðir hvorki að viðkomandi sé árásgjarn gagnvart öðrum körlum eða konum eða að hann níðist á nokkurn hátt á þeim sem eru undirskipaðir honum, heldur er þessi staða fyrst og fremst félagslegs eðlis og felst í því að viðkomandi hefur einhverja þá stöðu í samfélaginu sem felur í sér tiltekna gerð forræðis t.d. í formi valds, peninga eða frægðar viðkomandi (Connell, 1987: 183-184). Við það að hommar eru undirskipaðir innan karlasamfélagsins, þá gerist það að þeir fá sama frelsi og konurnar til þess að klæða sig og birta sjálfsmynd sína utan þeirra ströngu skilyrða sem ramma inn birtingamyndir forræðiskarlmennskunnar í fatnaði. Augljóst dæmi um þetta frelsi er að nú á dögum geta konur í okkar samfélagi klæðst öllum hefðbundnum karlmannsfatnaði án þess að það vekir óeðlileg viðbrögð frá umhverfinu, en karlar geta aftur á móti ekki klæðst kjólum, píslum, drögtum, blússum eða öðrum kvenfatnaði án þess að vekja undrun og eftirtekt. Hommar geta að sama skapi leyft sér að nota kvenkyngervistákn í sínum klæðaburð þar sem þeir eru þegar undirskipaðir vegna kynhneigðar sinnar eins og fram hefur komið.

### **3.4 Blæbrigði (e. flair)**

Í þessum kafla verður fjallað um þau blæbrigði, sem hommar hafa notfært sér til aðgreiningar. Í stuttu máli fela blæbrigði í sér að viðkomandi einstaklingur er klæddur að „hefðbundnum“ hætti gagnkynhneigðra karla, en bætir einhverju einu eða fleiru við hefðbundna fatnaðinn sem stingur í stúf eða sker sig frá heildarmyndinni með misáberandi hætti. Þessi viðbót eða blæbrigði fela oftast en ekki í sér einhverja vísun í dæmigerð kvenkyngervistákn eins og t.d. klút, eyrnalokk, naglalakk eða litaval og samsetningu. Hér er því á ferðinni það sem kalla mætti misræmi í framsetningu á sjálfsmynd viðkomandi. Þetta misræmi felst í tvennu: annars vegar snýst það um að samkynhneigður karlmaður birtist umhverfinu með sama hætti og gagnkynhneigður karlmaður en hins vegar auðkennir viðkomandi sig og greinir frá hópi gagnkynhneigðra með því að notast við einhverskonar blæbrigði sem ýmist einungis aðrir hommar eru læsir á eða (misjafnlega margir) aðrir í samfélaginu. Hér er því komið að mikilvægu atriði sem

varðar bæði einstaklinga og hópa varðandi flutning, en það felst í því að hafa stjórn á þeim aðstæðum sem þeir eru í hverju sinni með flutningi sínum. (Goffman, 1956: 87-88)

Eyjólfur Eyjólfsson, 31 ára þjóðfræðingur og tónlistarmaður, tekur gott dæmi úr eigin lífi um hvernig þetta fyrirbrigði getur tekið á sig mynd:

Sko til dæmis er hérna kennari í Gildorf þar sem ég var að læra, rosalega karlmannlegur maður, hérna. Já það, þetta er mjög gott dæmi í rauninni vegna þess að þetta er frægur maður á Bretlandi í klassíska geiranum, er með útvarpsþætti, píanóleikari, skrifar leikrit. Þetta er magnaður karl. Hann er hommi. Hann er ofboðslega karlmannlegur með skegg, sköllóttur, rosa svona massaður, bara þú veist svona gaur og þú mundir aldrei geta að hann væri hommi, „gay“ þú veist og. Nema hvað að hérna, jú jú við vorum eitthvað að velta þessu fyrir okkur strákarnir og eitthvað svona, þú veist, er hann hommi eða ekki. Og svo einn daginn í einum tímanum þá sá ég að hann var í bleikum sokkum eða svona skærum sokkum og þá fer ég að taka eftir því að hann var í einhverjum svona ótrúlega flottum sokkum alltaf. Köflóttur karl, svona rosa venjulegu sko, og svo í þessum svaka sokkum og bara þetta segir já nákvæmlega, einn svona lítill skartgripur það er eitthvað sem að kemur upp um menn, eitthvað svona smá. (SI-2018-3: 13)

Í þessari frásögn fangar Eyjólfur þetta fyrirbrigði býsna vel, þó svo blæbrigðin geti verið óendanlega mörg. Eitt af því sem skiptir máli í því hvernig þeim er beitt er hversu sýnileg þau eru. En með því er átt við hversu læsileg þau eru fyrir ólíka hópa fólks (Goffman, 1956: 63-64). Í dæminu sem Eyjólfur greinir frá hér að framan er um að ræða tiltölulega falið blæbrigði, sem ekki á að vera læsilegt nema öðrum samkynhneigðum körlum. Fyrir þess háttar ósýnilegum sýnileika er í raun löng hefð, eða allt frá því samkynhneigð var bönnuð og menn þurftu að fela kynhneigð sína fyrir umhverfinu. Þá komust á alls konar merkjasendingar, m.a. í gegnum fatnað, og fylgihluti fatnaðar til þess að nálgast þá einstaklinga sem höfðu sömu kynhneigð, án þess að þurfa að nálgast annan karlmann og spyrja beint út um kynhneigð hans (Beaver, 1981: 104-105).

Eins og áður segir hafa blæbrigði þekkst alla tíð, þó svo þau hafi verið notuð í ólíkum tilgangi í gegnum tíðina. Allt frá síðari hluta nítjándu aldar hafa hommar notað ýmis tákni eða blæbrigði á margvíslegan hátt og skapað með því móti ákveðna táknfræði sem hommar einir voru læsir á. Með því móti gerði hún hommum kleift að auðkenna sig hver fyrir öðrum eins og fram hefur komið, á sama tíma og þeir gátu falið kynhneigð sína fyrir öðrum í samfélaginu (Cole, 2000: 4-5).

Í viðtalinu við Hörð Torfason segir hann skemmtilega sögu af sjálfum sér þegar hann var milli tvítugs og þrítugs, eða í kring um 1975, þar sem blæbrigði koma fyrir, en á þeim árum var samkynhneigð auðvitað ekki nánda nærri jafn viðurkennd og hún er í dag:

Ég man ég hafði keypt mér svona hvítan jakka, já hafði keypt þann jakka, svartar buxur, það var svona smóking útgáfa og hárautt bindi við hvíta skyrtu og rauður klútur í brjóstvasanum. Og ég var æðislega ánægður með þetta, og svo hafði ég látið búa til skikkju. Við vorum nokkrir sem að gengum um í síðum skikkjum, sniðnar á mann. Og með hárauðu silkifóðri og mjög flottar spennur. Og ég man ég var að koma inn í Þjóðleikhúskjallarann, uppabúinn. Þá veittist að mér maður og hundskammaði mig með svívirðingum, „hommar, djöfulsins leynimerkingar frá hommum.“ Ég skildi ekki manninn, hann var froðufellandi af bræði og ofsa. Þá skildist mér á honum að hommar væru með svona leynimerki. Þá var það rauði klúturinn og rautt bindið, þá átti það að vera merki sem ég ætti að vera gefa öðrum hommum. Ég man hvað ég var gáttaður, aldrei hafði þetta hvarflað að mér. (SI-2019-4: 5)

Hér nefnir hann að það hafi verið rauður klútur og rautt bindi sem ókunni maðurinn hafi talið að gæfi til kynna að hann væri samkynhneigður, en það voru einmitt klútar og litir sem mikið voru notaðir í þessi leynilegu samskiptum milli samkynhneigðra karla meðan þeir þurftu að fara huldu höfði (Cole, 2000: 114). Það kemur einnig fram hjá Herði að hann kannaðist ekki við þessa merkjanotkun samkynhneigðra karla, en það getur stafað af því að Hörður fór aldrei í felur með kynhneigð sína og þurfti því ekki á þessum merkjum að halda í sínum samskiptum. Auk þess getur það einnig hafa haft áhrif að Ísland er lítið samfélag, þar sem allir þekkja alla og því þörfin ekki eins mikil fyrir þessa leynilegu merkjasendingar í samkynhneigða samfélaginu hér á landi, þó þessi merki og merkjasendingar hafi verið notaðar í öðrum löndum (Cole, 2000: 61-65).

Til að varpa ljósi á fleiri birtingarmyndir blæbrigða kom Úlfar Viktor Bjarnason, 25 ára sálfræðinemi, með prýðilega lýsingu á blæbrigðum þegar ég spurði hann út í þau og hvort hann notist við þau í sínum klæðnaði:

Ég skipti um ólar á úrunum mínum og náttúrulega hálsmen stundum og, já ég, ég er ekki með eyrnalokka, ég hef ekki látið gat í eyrað á mér hingað til, en já armbönd og allt þetta en mér finnst soldið bara svona „less is more“ stundum. Og þú veist ef ég er með hálsmen þá er ég heldur ekki að láta á mig armbönd og úr og hitt og þetta þá vil ég bara láta „complimenta“ skilurðu, þá vil ég bara að hálsmenið „complimenti“ „lookið“. Ég vil ekki hafa allt of mikið af dóti í gangi. (SI-2019-11: 7)

Í þessari lýsingu Úlfars Viktors telur hann einungis upp fylgihluti fatnaðar, en nefnir ekkert fatakins, ólíkt því sem Hörður og Eyjólfur gerðu í sínum frásögnum. Fylgihlutir eru hins

vegar, rétt eins og klútarnir sem Hörður nefndi, mjög mikið notaðir til þess að draga fram aðgreiningu frá gagnkynhneigðum körlum.

Þó svo að tímarnir og viðhorf til samkynhneigðra hafi breyst gríðarlega á undanförunum áratugum og þörfin fyrir þessi leyndu skilaboð í gegnum fatnað og fylgihluti sé ekki lengur til staðar, a.m.k. á Íslandi, þá hefur notkun blæbrigða meðal samkynhneigðra ekki horfið. Hins vegar hefur merking blæbrigðanna breyst. Það hefur gerst með þeim hætti að þáttur aðgreiningarinnar hefur haldið sér í sumum tilfellum, en í stað leynilegra skilaboða hafa þau frekar fengið táknræna og fagurfræðilega merkingu í samtímanum. Hluti af þessum blæbrigðum hafa svo orðið að almennri tísku í samfélaginu og við það misst gildi sitt sem tákn um aðgreiningu. Sem dæmi um þetta mætti nefna að á ákveðnu tímabili var það merki um að þú værir hommi ef karlmaður var með eyrnalokk í vinstra eyranu, en á áttunda áratugnum breyttist karlmannstískan á þann veg að alls kyns skartgripir þ.á.m. eyrnalokkar urðu hluti af tísku gagnkynhneigðra karla, en við það missti eyrnalokkur í vinstra eyra karlmanns merkingu sína sem tákn um að viðkomandi væri hommi (Cole, 2000: 37).

### **3.5 Yfirlýsing (e. Statement)**

Síðasta atriðið sem tekið verður fyrir í þessari umfjöllun um aðgreininguna, er það sem kalla mætti „yfirlýsingu“ í gegnum fatnað, en með því er átt við að einstaklingurinn klæði sig meðvitað með þeim hætti að aðgreiningin frá gagnkynhneigðum karlmanni verði augljós og ögri jafnvel hefðbundnum gildum samfélagsins. Meginmunurinn á því sem fjallað var um hér í kaflanum á undan og svo aftur „yfirlýsingunni“ sem fjallað verður um hér, er sá að fatnaðinum og framsetningu hans þegar um yfirlýsingu er að ræða er meðvitað ætlað að valda usla, að ögra lestri samfélagsins, en auk þess að senda skýr skilaboð um hinsegin kyngervi og sjálfsmynd. Eins og gefur að skilja fer einungis hluti samkynhneigðra karlmanna þessa leið í aðgreiningunni. Ástæður þess geta verið af ólíkum toga og að sama skapi eru birtingarmyndirnar mismunandi. Engu að síður er óhætt að segja að kvenkyngervistákn séu algeng í þessari gerð aðgreiningar.

Eitt elsta skráða dæmið um þessa gerð aðgreiningar (frá 1871) þar sem kvenkyngervistákn eða kvenfatnaður er notaður til þess að aðgreina sig frá öðrum karlmönnum er úr málaferlum sem höfðuð voru í Bretlandi á hendur þeim Ernest Boulton og Frederick Payne, þekktir undir nöfnunum Fanny og Stella, en þeir klæddu sig upp eins

og konur og fóru ekki leynt með að þeir væru hommar. Þeir voru þó sýknaðir af ákærinni sem á þá var borin, að þeir hefðu villt á sér heimildir með því að líta út eins og konur (Cole, 2000: 15-16). Þó svo að þessi framsetning sé nokkuð afgerandi þá er hún lýsandi dæmi um það sem kalla mætti yfirlýsingu í gegnum fatnað samkynhneigðra.

Áður en lengra er haldið er rétt að skoða hvað gerist ef einstaklingur ákveður að koma út úr skápnum og fara gegn því hefðbundna í fatavali og sviðsetningu á sjálfum sér, sínu kyngervi og kyntjáningu. Frásögn Tyrfings Tyrfingssonar gefur góða mynd af þessu:

Ég kem út úr skápnum, svona formlega, þegar ég er svona 18, svona 17, 18, 19 eitthvað svoleiðis. Og það sem gerist rosalega fljótlega eftir að ég kem út úr skápnum í mínu persónulega lífi, er að öll pressa á mér hverfur. Mamma og pabbi voru með rosalega miklar væntingar, svona eins og ég var með rosalega góðar einkunnir í skóla, námi og svona. Svo man ég svona, allt í einu stingur pabbi upp á að ég fari að læra þjóninn, sem er ekkert óvitlaust, þetta er bara skynsamleg hugmynd, ekkert vond eða þannig. Ég var svo feginn því, því allt í einu horfði hann á mig og sagði „Hann má bara gera hvað sem hann vill.“ Ég var bara alltaf pöddufullur og ruglaður, alltaf í leiknum. Þannig allt í einu kemur sko bæði, það kemur náttúrulega rosalegt leyfi, það fylgir þessu minni ábyrgð og á sama tíma þá missirðu fyrir vikið einhverskonar vald. Það er eiginlega dillinn við djöfulinn, þú sleppir valdinu en fyrir vikið máttu gera það sem þú vilt sko. (SI-2019-8: 2)

Í þessari frásögn Tyrfings kemur greinilega fram hvernig viðhorf foreldra hans til hans sem einstaklings og væntingar í því sambandi breytast við það að komast að því að hann er samkynhneigður. Ekki eru lengur gerðar kröfur um að hann fylgi eftir þeim góða námsárangri sem hann sýndi, heldur er upplifun Tyrfings sú að það hafi ekkert upp á sig þar sem hann komi ekki til með að geta nýtt það í samfélaginu þar sem hann sé samkynhneigður. Viðbrögð og upplifun hans sjálfs af þessu eru ekki síður merkileg, þar sem hann setur þetta í samhengi við frelsi sem hann fær til þess að skapa sér þá framtíð sem hann vill sjálfur óháð væntingum umhverfisins, en að sama skapi nefnir hann það að við þetta frelsi missi hann ákveðið vald sem fylgi því að vera gagnkynhneigður karlmaður.

Ef litið er nánar á það hvernig þetta vald tengist útliti einstaklingsins frekar en kynhneigð eða kyni hans þá kemur það vel fram í því sem Eyjólfur Eyjólfsson segir í sínu viðtali:

Þannig að, þú veist, af því ég finn það alveg líka sko, það er svo mikið vald sem felst í því að vera karlmaður og þetta er svo hræðilegt, ég finn það bara af því ég hef svo oft verið að þæla í þessu, þetta útlit sem ég hef núna svona sköllóttur með skegg og þetta þú veist, ég er mjög meðvitaður til dæmis þegar ég er að labba einhvers staðar að bara fara ekki nálægt eða ef það er konur eins síns liðs, að vera bara, að taka sveig



frá þeim af því svona útlit eins og mitt mundi bara stuða þær og bara veldur óþægindum, þú veist. (SI-2018-2: 23)

Hér fer ekkert á milli mála að valdið sem fylgir útliti hans er mikið og hann er sérstaklega meðvitaður um það, þar sem hann augljóslega upplifir sig sem einstakling ekki í samræmi við það vald sem útlitið færir honum. Af þessu mætti því draga þá ályktun að karlmennskan hefur ekki minna að gera með útlit viðkomandi, rétt eins og hún tengist kynhneigð. Þannig að þó svo kynhneigð karlmannsins sé grundvallaratriði varðandi karlmennsku hans, þá er það birtingarmyndin en ekki kynhneigðin sem slík sem framkallar viðbrögð umhverfisins.

Hvað varðar aðgreiningu samkynhneigðra karla frá gagnkynhneigðum, án þess að vísa í kvenkyngervistákn, þá koma bæði Tyrfingur og Frosti Jónsson, 46 ára tónlistarmaður, inn á slíkt í sínum frásögnum. Þannig segir Tyrfingur um þess lags almenna aðgreiningu:

Ég myndi segja, þá ertu, sko, menningarhomminn, það sem hann klæðist í óbeint er „statement“. Það er náttúrulega núna miklu meira „subtle“, það er svo mikið „normcore“ í gangi, það er miklu minna en kannski einhvern tímann áður. Fyrst þegar ég fer í leikhús, óperu og svona, þá fer ég kannski bara í inniskóm. Það er kannski ekki það hommalegasta af hommalegu, þá er það partur af hommasenunni. Þá er maður segja „Ég vil fá að vera eins og ég er“. (SI-2019-8: 7)

Og Frosti orðar þetta með þessum hætti:

En svo getur það líka verið notað til þess að aðgreina sig skýrt frá öðrum „normatívari“ þáttum samfélagsins. Og það er kannski eitthvað sem maður leikur sér með stundum og má þá túlka sem ákveðið „statement“. Þú veist „Ég er!, Ég er eins og ég er!“. Stundum þarf maður bara svolítið að rísa upp og láta, þú veist, samfélagið vita hver þú ert sko. En birtingarmyndin getur svo verið margbreytileg eftir því í hvaða hópum þú ert sko. Þú veist, þannig að þetta þarf ekki að vera bundið við, birtingarmynd minnar karlmennsku hún getur verið mismunandi eftir því í hvaða kreðsu ég er á hverjum tíma. (SI-2019-7: 10)

Í þessum tveimur frásögnum er innihaldið að fá að vera maður sjálfur og kalla eftir viðurkenningu umhverfisins á því. Það er líka áhugavert að Tyrfingur setur þetta í samband við það sem hann kallar „menningarhomma“, en inniskórnir sem hann nefnir í þessu sambandi tengjast með engum hætti kyngervistáknum. Þar er eingöngu verið að ganga gegn viðteknum viðmiðum samfélagsins um klæðnað við ólík tækifæri til þess að aðgreina sig frá því viðtekna, án þess að vísa til kyngervis á nokkurn hátt.

Frosti bendir á það sama og Tyrfingur varðandi það að rísa upp gegn ríkjandi viðmiðum í samfélaginu með því að birtast umhverfinu með óhefðbundnum hætti, en

hann setur það aftur í samband við karlmennskuhugmyndina og ólíkar birtingarmyndir hennar eftir því í hvaða hópum hann er hverju sinni. Hér er því á ferðinni það sem þjóðfræðingurinn Alan Dundes nefnir í sínum skrifum að það þurfi einungis eitthvað eitt sameiginlegt atriði til þess að sameina hóp af einhverju tagi, en jafnframt því þá geti einstaklingurinn tilheyrt mörgum hópum samtímis og þessir hópar geti skarast (Dundes, 1980: 6-9). Þetta er þannig dæmi um það hvernig karlmennska getur verið margbreytileg. Við þetta má bæta að sami einstaklingur getur í senn bæði haft stöðu forræðis og verið marglaga og undirskipaður (Connell, 2005: 838-839). Sem dæmi um þetta getur einstaklingur sem er starfandi ráðherra og verið í því umhverfi í forræðisstöðu gagnvart stórum hópi fólks einnig verið undirskipaður á sama tíma á varamannabekk í íþróttaliði sem hann tilheyrir.

Þó svo að þessi aðferð við að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum sé ef til vill ekki alltaf jafn augljós og þegar vísað er til kvenkyngervistákna í sama tilgangi þá gengur hún að stofni til út á það sama. Hvað það er sem veldur því að einstaklingar velja ólíkar leiðir í þessum efnum er erfitt að henda reiður á, en eitt er ljóst að viljinn til að tileinka sér það kvenlega í þessum tilgangi er mismikill milli einstaklinga, en það gæti að einhverju leiti skýrt þessar ólíku leiðir.

Coco kemur inn á þessar ólíku leiðir sem hommar fara í því að aðgreina sig í gegnum fatnað, en hann hefur eftirfarandi að segja um þetta:

Það fer eftir ýmsu, það er allskonar til hjá hommum. Sumir vilja vera aðeins meira kvenlegir og nota kvenlegri snið eða liti. Þeir fara í allskonar föt. Það er líka mikið af hommum sem vilja vera mjög karlmannlegir og þeir fara í þessa venjulegu karlmannstísku með bindi og skyrtu. (SI-2019-5: 9-10)

Og hann heldur áfram og segir svolitlu síðar í viðtalinu:

Já, ég held, sko, þegar þú ert „gay“ og þú veist nákvæmlega, þú ert kominn úr skápnum, þú vilt líta vel út. Þú veist, alveg sama hvort fólk hugsar um hvort þú sért „gay“ eða ekki. Það er ekki málið, málið er að líta vel út. Ef þú lítur út vel fyrir þig, þá ertu ánægður. Já, en þeir eru ekki, það eru sumir hommar sem vilja vera kvenlegir og fara meira í það. En flestir hommar vilja bara líta vel út, þú veist, vera pínku öðruvísi, aðeins „daring“ og þess vegna vilja þeir liti og mynstur og öðruvísi snið. (SI-2019-5: 19)

Hér bendir Coco á þá miklu breidd sem er ríkjandi meðal samkynhneigðra varðandi hvernig þeir kjósa að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum og marka sér sérstöðu í samfélaginu. Þar bendir hann á hefðbundna tvíhyggju kynjaskiptingarinnar og hvernig

hommar staðsetja sig með tilliti til hennar. En auk þess kemur fram hjá honum þetta stef sem hefur verið gegnumgangandi í umfjölluninni hér að framan um aðgreininguna, en það er að líta vel út, hvort sem það er gert með karl- eða kvenkyngervistáknum. Þetta tengist augljóslega snyrtimennskunni sem fjallað var hér um að framan, samsetningu fatnaðar og natni í blæbrigðum. Hann nefnir einnig þetta með að skera sig frá fjöldanum með einhverjum hætti og nefnir í því sambandi snið og liti, en það eru einmitt þau tvö atriði sem helst greina fatnað kvenna frá fatnaði karla (Entwistle, 2015: 140-142).

Í framhaldi af þessum vangaveltum er forvitnilegt að skoða það sem fram kom í viðtalinu við Frosta um mikilvægi þess að skapa sér sérstöðu í gegnum klæðnað, sama með hvaða hætti það er gert, en í því sambandi vísaði Frosti í sálfræðina:

Í sálfræðinni er talað um þessa „ingroup“ og „outgroup“. Og hérna „ingroup“ eru þá eitthvað sem sameinar hópinn, og það getur verið allskonar hlutir. En, að einhverju leiti er þetta líka bara „statement“. Ef maður segir bara sko, þú veist, enn og aftur hvort sem það er leðursena eða leðurhómmar sem klæða sig upp, eða hafa einhvern klæðastíl, þá er það er bara ákveðið „statement“. Á sama hátt, á það sama ábyggilega við um drottningar eða drag. Menn eru að leika sér með kynhlutverk að einhverju leiti eða kynímynd að einhverju leiti. En þetta er líka bara ákveðið „statement“. Menn eru að stækka svona, hvað á ég að segja, þetta er svona einhvern veginn „egó-boost“. Menn eru að leika sér, ögra, ögra þessu viðtekna og senda bara svona svolítill skilaboð, einhvern veginn. (SI-2019-7: 7-8)

Hér er sérstaklega áhugavert að skoða það sem hann segir um hvernig aðgreiningin í gegnum fatnað getur stækkað og styrkt einstaklinginn þar sem hann verður við það hluti af hópi. Við það styrkist hann þó svo hópurinn sé minnihlutahópur í samfélaginu. Þetta gerir einnig að verkum að þeir sem reyna að jaðarsetja þessa einstaklinga eiga erfiðara með það, þar sem styrkur hópsins er meiri en einstaklings. Þessi nálgun Frosta gengur þannig þvert á þá hugmynd að það að greina sig frá fjöldanum kalli sjálfkrafa á einhvers konar jaðarsetningu. Það fylgir yfirlýsingunni að tilheyra hópi sem hefur rödd í samfélaginu og stækkar með því móti einstaklinginn, styrkir hann frekar en eingöngu að jaðarsetja hann. Af því leiðir að aðgreiningin felur í raun í sér ákveðna viðleitni til þess að gera sig gildandi sem sá einstaklingur sem viðkomandi upplifir sig í raun og veru sem.

Í viðtalinu við Nonna Ragnarsson, 68 ára myndlistarmann, kom fram að hann hefur alla tíð tengt mikið við kvenfatnað og hefur óhikað notað hann til að koma á framfæri sinni sjálfsmynd:

Ég gat sko, mér var alveg sama þó ég væri í kvenmannsfötum. En ég var ekki í kvenmannsfötum til að klæða mig sem kona, það var ekki, það var ekki. Það var frekar ef ég sá einhvern bol og ef það var einhver skyrta eða blússa þá hikaði ég ekkert við að fara í það. Þannig ég lét það ekki stoppa mig. (SI-2019-6: 5)

Hér kemur skýrt fram að hann notar kvenfatnað eingöngu til þess að líta vel út, rétt eins og Coco benti á í sínu viðtali að það væri mikið atriði fyrir samkynhneigða karlmenn að líta vel út þegar þeir kæmu út úr skápnum. Nonni rétt eins og Hörður hefur hins vegar aldrei verið inni í skápnum svo það hefur verið honum eðlilegt alla tíð að klæðast kvenfatnaði sem hluta af hans fatavali.

Til að ljúka þessari umfjöllun um klæðaburð sem felur í sér ótvíræða yfirlýsingu, þá er ekki úr vegi að skoða hvað það er sem Jóhann Gunnarsson, 19 ára framhaldsskólanemi, yngsti viðmælandinn í rannsókninni, hefur að segja um fatastíl sinn:

En sko glimmer og svartur litur eru einkennandi fyrir minn stíl. Já og ég er með eyrnalokka, já eins og ég segi geng ég mjög mikið í kvenmannsfötum og er soldið svona fyrir kvenmannstísku. (SI-2019-14: 6-7)

Og litlu síðar lýsir hann fatnaði sínum nánar með eftirfarandi hætti:

Ég, þú veist á alveg fullt af glimmerfötum og glimmerskóm. Og allt það er soldið svona, hann er frekar svona stelpulegur fatastíllinn minn, já eða já ég eiginlega þú veist er alltaf í svörtu og poppa þessu soldið upp, er soldið að vinna með það skilurðu, eða þú veist er í neonbleikum skóm eða glimmer skóm eða glimmer jakka sko, Já svart og ég reyni svo að poppa þetta soldið upp með einhverjum lit sem er í 90% tilfella kvenmannsföt, þannig að þú veist eins og ég segi, þú veist eða jújú fatastíllinn minn er alveg úr, ef það er úr karladeildinni þá er það eins og með jakkafatajakka, skilurðu, þá er það jakkafatajakki, en hann er samt glimmeraður. Það er samt alltaf eitthvað sem sýnir skilurðu, sem segir hver ég er í mínu fari og það er alltaf eitthvað sem fólk getur lesið úr vísbendingum út frá mínum klæðaburði sko. (SI-2019-14: 15)

Jóhann fer að mörgu leyti svipaða leið og Nonni hvað varðar aðgreiningu og að móta birtingarmynd á sínu kyngervi, þrátt fyrir fimmtíu ára aldursmun. Þetta gerir hann með því að nota óhikað kvenfatnað þegar kemur að fatavali. Hann er óhræddur við að nota hvers kyns fylgihluti sem tilheyrja konum, auk þess sem hann málar sig. Ef hann notar hefðbundin karlmannsföt þá gerir hann eitthvað til þess að aðgreina þau frá stöðluðu karlmannlegu kyngervi. Þannig notar hann öll þau atriði sem aðgreina samkynhneigða frá gagnkynhneigðum og fjallað hefur verið um hér að framan, en auk þess gengur hann lengra og notar hefðbundinn kvenfatnað óhikað eins og Nonni gerir einnig.

Þrátt fyrir að hann velji að koma þessum hluta sjálfsmyndarinnar til skila með jafn sýnilegum og afgerandi hætti og fram hefur komið, þá heldur hann jafn staðfastlega á lofti sínum karlmannlegu einkennum. Það gerir Jóhann með eftirfarandi hætti:

Sko ég held í mína karlmannlegu eiginleika, ég er með skegg. Og þú veist ein birtingarmyndin mín er, ég held í hana, en er samt ég krydda hana smá, „spicea“ hana skilurðu. Ég myndi ekki segja að ég sé þessi týpíski karlmaður miðað við hina týpísku karlmennskuímynd. Það er bara ekki þannig sko, ég held alveg í það, ég raka ekki af mér skeggið því mér finnst það fara mér. (SI-2019-14: 22)

Hér kemur skýrt og greinilega fram að hann heldur staðfastlega í karlmenskueinkennum sínum, en þau felast í því að hann er með alskegg, sem er eitt sterkasta og sýnilegasta líkamlega táknið karlkyngervisins. Þess má geta að skeggið var sérlega vel snyrt og glæsilegt þegar viðtalið var tekið. En að baki þess að hann velur að hafa skeggið liggja sömu rökin og varðandi klæðnaðinn, en það er að skeggið fari honum vel og því sé það hluti af því að líta vel út, sem skiptir hann mestu máli óháð kyngervistáknum. Það kemur einnig skýrt fram í orðum Jóhanns að hann vill að í öllum þeim fatnaði sem hann klæðist felist skýr skilaboð til umhverfisins um það hver hann er og fyrir hvað hann stendur. Hér er því á ferðinni mjög gott dæmi um hvernig samkynhneigður einstaklingur klæðir sig með það fyrir augum að í því felist yfirlýsing til umhverfisins.

### 3.6 Samantekt

Ef það helsta sem fram kom í kaflanum er dregið saman, þá er ljóst að snyrtimennska er eitthvað sem hægt er að tala um sem einn aðgreinandi þátt á milli homma og gagnkynhneigðra karlmannna. Þetta birtist með þeim hætti að hommar hafa tilhneingingu til þess að vera snyrtilegri heldur en gagnkynhneigðir karlmenn, en með því staðsetja þeir sig nær því sem talið er kvenlegt. Þessi aðgreining hefur það svo aftur í för með sér að hommar verða undirsettir innan karlasamfélagsins, rétt eins og konur eru undirsettar karlmanninum.

Annað sem algengt er að hommar geri til þess að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum, er að nota blæbrigði. En það felst í því að tiltekinn hluti fatnaðar eða fylgihluta fatnaðarins sker sig frá heildarútlitinu með einhverjum hætti. Með þessu auðkenna þeir annars hefðbundin karlmannsfatnað á þann hátt að þetta misræmi gefur til kynna að viðkomandi sé hommi. Þessi aðgreining getur verið misáberandi eða merkjanleg, allt eftir því hvaða hópum samfélagsins er ætlað að geta lesið í merkingu blæbrigðanna.

Aðgreiningin getur einnig birst með þeim hætti að þegar hommi er að leitast við að klæða sig á einhvern hefðbundin hátt, þá gangi hann svo langt í því að framsetningin og flutningurinn fari yfir strikið og missi marks við það. Þetta gerir að verkum að í stað þess að viðkomandi líti karlmannlega út, þá snúist klæðnaðurinn og flutningurinn yfir í andhverfu sína svo að viðkomandi lítur alls ekki karlmannlega út, heldur verður „hommalegur“.

Síðasta birtingarmynd aðgreiningar sem tekin var fyrir í kaflanum er með þeim hætti að hommar klæði sig meðvitað með þeim hætti að þeir aðgreini sig frá gagnkynhneigðum karlmönnum. Með því að fara þá leið í aðgreiningunni sendir viðkomandi skýr skilaboð til umhverfisins um sjálfsmynd sína og kynhneigð.

Af framansögðu má því álykta að fatnaður gegni lykilhlutverki þegar kemur að aðgreiningu homma og gagnkynhneigðra karla. Þessi aðgreining á sér stað með ýmsum ólíkum hætti, en birtingarmynd hennar veltur m.a. á því hvaða hópar eða einstaklingar viðkomandi vill að séu læsir á aðgreiningu hans. Með þessu móti geta hommar stjórnað sýnileik sínum í gegnum þann fatnað og fylgihluti sem þeir velji að klæðast.

## 4 Gildishlaðning fatnaðar

Eins og fram kom í síðasta kafla skiptir fatnaður og útlit hans miklu máli varðandi aðgreiningu milli homma og gagnkynhneigðra karla. En fleira kemur til heldur en einungis útlit fatnaðarins þegar kemur að því að skoða muninn á flutningi þessara tveggja hópa karlmanna. Í því tilliti er það gildishlaðning fatnaðarins og með hvaða hætti hún er framkvæmd sem skiptir ekki síst máli. Í undirköflunum sem hér fara á eftir verður farið í gegnum helstu atriði sem fram komu hjá viðmælendum varðandi með hvaða hætti þeir gildishlaða fatnað sinn og hvaðan þeir sækja þau áhrif sem móta þetta.

Undirkaflarnir eru fjórir og skiptast efnistöð þeirra á eftirfarandi hátt: 4.1 fjallar um líkamstjáningu, en í þeim undirkafla verður skoðað með hvaða hætti viðmælendurnir lýstu þeim mun sem þeir upplifðu á ólíkri líkamstjáningu þeirra sjálfra og gagnkynhneigðra karla, og í því sambandi hvernig hún gildishleður fatnað á ólíkan hátt; 4.2 um framsetningu fatnaðar, en þar er skoðað með hvaða hætti ólík framsetning fatnaðar hjá hommum og gagnkynhneigðum körlum kemur fram í frásögnum viðmælendanna og hvernig sá munur skapar ólíka gildishlaðningu fatnaðar; 4.3 um samhengi fatnaðar, en þar er tekið til skoðunar annars vegar samsetning fatnaðar sem viðkomandi klæðist og hins vegar samhengi fatnaðarins við það umhverfi sem hann er borin í. Með því að skoða þennan samanburð er í framhaldinu hægt að átta sig betur á því hvernig ólíkt samhengi fatnaðar í þessu tilliti getur gefið af sér ólíka gildishlaðningu; Í lokaundirkaflanum 4.4 verður svo litið til þess hvaðan viðmælendurnir sækja áhrif sín varðandi klæðnað og framsetningu. Samantekt er svo að finna í undirkafla 4.5.

### 4.1 Líkamstjáning

Í þessum undirkafla verður tekin fyrir gildishlaðning fatnaðar og með hvaða hætti hún á sér stað, auk þess sem skoðað verður hvaða áhrif gildishlaðning getur haft á fatnað og merkingu hans. Í þessu sambandi beinist umfjöllunin fyrst og fremst að því hvernig hommar gildishlaða þann fatnað sem þeir klæðast. Annars vegar í þeim tilgangi að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum og hins vegar til þess að aðlaga og samsvara sig þeim. Þessi gildishlaðning á sér stað með ólíkum hætti, með líkamstjáningu og/eða með því hvernig maður ber fatnaðinn (Butler, 1988: 519-520). Með þessu er átt við að þó hommi klæðist samskonar eða svipuðum fatnaði og gagnkynhneigður karlmaður, þá getur hann gildishlaðið fatnaðinn með öðrum hætti heldur en sá gagnkynhneigði. Þetta gerir

viðkomandi t.d. með því að nota aðra líkamstjáningu og framkomu við framsetningu fatnaðarins, eins og með kvenlegum tilburðum (Goffman, 1956: 3-4).

Gildishlaðning getur verið mismikil allt eftir því hver á í hlut. Hún getur verið með þeim hætti að erfitt er að greina hana og yfir í það að vera æpandi sýnileg. Eyjólfur Eyjólfsson nefnir dæmi um það þegar þessi gildishlaðning er með þeim hætti að hún er nánast ósýnileg:

Sko það er eins og hommarnir hafi oft á tíðum eitthvað svona aðeins „extra“, þetta er svona, þetta er eins og ef þú sérð, þá eru þeir mjög karlmannlegir og það er eitthvað svona, bara það er vaxtarlagið, þeir halda sér vel í formi. Þeir eru mjög ýktar karlmennsku útgáfur, rosa flottir þú veist. Og það er svona oft einhver svona smá ýking hjá hommum, einhver gustur, það er eitthvað, aðeins meira eitthvað svona. Já heyrðu það getur verið af því við erum svo „monotónísk“ í rauninni, hópurinn okkar, að það sem gerir það erfitt og áhugaverðara kannski, af því að þá eru þessi smáatriði, þessir hlutir svo mikil smáatriði og oft erfitt að henda reiður á það hvað það er, en bara þetta, að hérna, ég veit ekki hvernig ég get orðað það, bara til dæmis hvernig þú situr eða hvernig þú hefur hneppt frá, jafnvel brot í buxunum eða eitthvað og bara já mér finnst þetta ofsalega skemmtileg pæling. (SI-2018-3: 28)

Hér kemur vel fram hversu erfitt getur verið að koma þessari aðgreiningu í orð. Hún er ekki beint sýnileg heldur fólgin í einhverskonar upplifun af heildar framkomu einstaklingsins sem getur falið í sér óteljandi mismunandi samsetningar af smáatriðum sem saman gera að verkum að skynjanleg aðgreining á sér stað hjá áhorfandanum. Það má því segja að sá fatnaður sem einstaklingur velur að nota í flutningi sínum feli ávallt í sér einhvern „texta“ sem viðkomandi vill koma á framfæri. Eyjólfur bendir á að þó fatnaðurinn og texti hans sé karllægur þá geri þessi smáatriði að verkum að áferðin (e. texture) (Sims og Stephens, 2011: 137-139) á heildaryfirbragði flutningsins sker sig frá því sem telst karllægt án þess að hægt sé að benda á hvernig. Þessi aðgreining getur svo orðið sýnilegri, bæði hvað varðar líkamstjáninguna og hvernig fatnaðurinn er borinn eða fram settur. Gott dæmi um líkamstjáninguna og hversu afgerandi þáttur hún getur verið varðandi gildishlaðningu fatnaðarins kemur vel fram í öðru sem Eyjólfur nefnir:

En svo var eins og annar píanóleikarinn í skólanum, algjör svona „normkor“ týpa, hann var bara svo rosalega kvenlegur, alveg „oh my god oh my god oh my god“, svo það var engum blöðum um það að fletta að hann er hommi. En ef þú hefðir séð mynd af honum án þess að hann hreyfði sig þá væri hann bara eins og svona pizzasendill frá New York. (SI-2018-3: 13)



Þetta dæmi sýnir vel hvernig líkamstjáningin getur haft afgerandi áhrif varðandi gildishlaðningu fatnaðarins. Þessi oftast en ekki kvenlegu tilburðir sem gildishlaða fatnaðinn og flutning einstaklingsins eru eðli málsins samkvæmt bæði ólíkir og mismiklir, en þó virðist ekki þurfa mikið til, til þess að lestur umhverfisins nemi það og gildishlaði viðkomandi samkvæmt því. Þessu til stuðnings er hægt að skoða það sem Daníel Arnarson, 28 ára framkvæmdarstjóri, segir í viðtali okkar. Í því dæmi er hann að lýsa sjálfum sér og útliti sínu, en hann kveðst alla tíð hafa þurft að verja karlmennsku sína fyrir umhverfinu:

Allt mitt líf hef ég þurft einhvern veginn að svara fyrir það að ég sé strákur, og að svara fyrir það að ég sé karl þó svo að ég líti mjög mikið út fyrir að vera karl. Öll mín kyneinkenni og kyntjáning er mjög karllæg þó ég sé með frekar háa rödd og þegar ég æsi mig þá stundum er hún enn þá hærri og það er kannski það eina kvenlega við mig. Jújú hvernig maður situr og hvernig maður krossleggur og svona, sumir mundu segja að maður sé meira í kvenlegu pösunum. (SI-2018-3: 13)

Hér kemur fram, að þó allur klæðnaður Daníels og kyntjáning sé karllæg þá nægir að raddhæð hans og líkamsstöður séu frábrugðnar því sem „eðlilegt“ þykir hjá gagnkynhneigðum körlum til að hann sé lesin kvenlegur.

Í framhaldi af þessu er rétt að líta nánar á lestur einstaklinga á útliti og hegðun annarra. Eins og fram kom hér að framan þá er ekki nóg að hafa karlmannlegt útlit og klæða sig með hefðbundnum karllægum hætti til þess að umhverfið lesi viðkomandi sem karlmannlegan. Tilfellið er í raun að flestir hommar hafa karlmannlegt útlit og atgervi þó staðalímynd homma sé tengd kvenlegum gildum. Ástæður þess eru líklega þær að með því er vísað til hinnar hefðbundnu kynjatvíhyggju samfélagsins, auk þess sem það eru þessar kvenlegu tengingar sem gera þá sýnilega í samfélaginu sökum þess að með þeim þá skera þeir sig frá því viðtekna og hefðbundna. Til að skoða þetta atriði nánar þá nefndi Eyjólfur Eyjólfsson í sinni frásögn gott dæmi þar sem hann notar líkamstjáningu og umhverfið á meðvitaðan hátt til þess að gildishlaða kyngervi sitt andstætt því sem útlit hans gefur til kynna:

Þannig að [hik] já þegar mér finnst, ég hef svolítið gaman að því að hafa svona karlmannlegt útlit en vera síðan bara alveg svona „flaming gay“. Mér finnst það alveg skemmtilegt að vera tala yfir rósabolla og, allt þetta sem kannski karlmenn gera ekki, mér finnst rosa gaman að þessum usla, brjálæðislega gaman að honum, því meiri því betra. (SI-2018-2: 22)

Í þessari frásögn Eyjólfur koma fram andstæður líkamlegs útlits hans og svo aftur kyntjáníngu hans, sem hann leikur sér með að gera sýnilegt umhverfinu. En til þess að áhorfandinn átti sig á flutningi hans þá þarf hann að vera komin í ákveðna nálægð eða samskipti við hann. Með þessu móti er Eyjólfur á vissan hátt að ögra hinum hefðbundna lestri samfélagsins varðandi útlit og klæðnað homma með því að birta af sér hefðbundna ásýnd gagnkynhneigðs karlmanns en nota meðvitað kvenlega líkamstjáníngu og atferli þegar kemur að samskiptum við aðra.

Fleira kemur til varðandi kvenlæga gildishlaðningu einstaklingsins í þeim tilgangi að skapa eða koma á framfæri sínu kyngervi, heldur en einungis það sem Eyjólfur nefnir að ögra umhverfinu. Þannig geta kvenlægir tilburðir og framkoma ýmist verið ósjálfráð eða eðlislæg hjá sumum hommum á meðan aðrir tileinka sér þessa tilburði til þess að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum og skapa sér sitt eigið kyngervi með því að gildishlaða sig með þessu móti. Hörður Torfason kemur inn á þetta í frásögn sinni, en þar segir hann:

Af því karlmenn litu á okkur sem einhverskonar kvenkellingar, það er náttúrulega viðhorfið, þá náttúrulega gengum við lengra. Við kvenkenndum okkur og gerðum svona grín að okkur. Við gerðum þetta með mjúkum hreyfingum, fyrir sumum er það bara eðlilegt og aumingja þeir segi ég nú sko. En fyrir okkur sem þetta er ekki eðlilegt, settum við okkur í pösur og það sem þeir kölluðu kvenlegt. Og kölluðum hvern annan konurnar og segja hún í staðinn fyrir hann. Líka láta sko strákana heyra það, tala um þann þriðja sem hana, segja „Hún er í vondu skapi, við skulum leyfa henni að vera í friði“. Skilurðu, það var oft svona í allar áttir. (SI-2019-4: 13)

Hér kemur fram hjá Herði að þetta atriði, sem varðar líkamstjáníngu og málróf auk orðavals, getur hvort tveggja verið mönnum eðlislægt og eðlilegur hluti af birtingarmynd þeirra og framkomu á meðan aðrir nota þetta meðvitað, eins og Eyjólfur, sem einn þátt til aðgreiningar frá gagnkynhneigðum körlum. Hvort sem þessi kvengildishlaðning er eðlislæg eða ekki þá krefst hún ákveðins hugrekkis af þeim sem kýs að nota þessa aðferð. Úlfar Viktor Bjarnarsson kemst svona að orði varðandi þetta atriði í tengslum við það þegar þessi kvenlega hegðun er eðlislæg:

Það er oft líkamstjáníngin. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því við erum oft svona fíngerðari í hreyfingum og já við klæðum okkur oft bara svolítið svona þú veist æji bara svona þú veist „fokkit“. Við ákveðum bara að klæða okkur eins og við viljum klæða okkur og það krefst alveg svona þínu hugrekkis að þora að klæða sig í svona föt sem fólk mun setja út á. Þannig að, já, þetta eru svona föt sem að svona yfirleitt, þetta er búið að vera svona svipað í gegnum árin, svona þröng föt og litrík og, „make up“ og, þannig, töskur og fylgihlutir. Það er oft þannig líka. (SI-2019-11: 6)

Hér nefnir Viktor hugrekkið sem einstaklingurinn þarf að hafa til þess að geta klætt sig í samræmi við eigin upplifun á sínu kyngervi. Hann kemur í þessari stuttu frásögn inn á öll helstu atriðin sem hafa kvenlæga gildishlaðningu. Hann nefnir fínlegar hreyfingar, litrík og þröng föt auk kvenlegra fylgihluta eins og tösukur og andlitsmálningu. Það sem er einnig athyglisvert í þessari frásögn hans er að af henni má merkja að sé þessum kvenlægu gildum teflt fram með þessum hætti þá komi fram neikvæð viðbrögð frá umhverfinu. Það sýnir að þrátt fyrir hinar miklu breytingar á viðhorfum til homma í samfélaginu þá vekur óhefðbundinn flutningur á kyngervi enn sterk viðbrögð. Sökum þess þá krefst það vissulega hugrekki fyrir þá einstaklinga sem annað hvort kjósa að nota þessa aðferð við að skapa sér kyngervi eða er það eðlislægt eins og í tilfalli Viktors.

## 4.2 Framsetning fatnaðar

Hér á eftir verður skoðað hvernig framsetning homma á fatnaði er með ólíkum hætti en hjá gagnkynhneigðum. Varðandi þetta atriði má segja að sama gildi og um líkamstjáninguna, að sýnileikinn og framsetningin getur verið margvísleg. Þannig getur munurinn á framsetningu fatnaðarins verið frá því að vera nánast ósýnilegur, eins og kom fram í því sem Eyjólfur Eyjólfsson nefndi hér að framan að framsetningin getur jafnvel falist í broti á buxum, yfir í það að vera æpandi sýnilegur.

Coco Viktorsson nefndi gott dæmi um þennan mun á framsetningu fatnaðar í sínu viðtali:

Svo líka íslenskir karlmenn, þeir hneppa skyrtunni alveg upp. Kannski sumir sleppa einni tölu, hafa efstu töluna óhneppta. En þeir eru ekki með tvær, þrjár tölur óhnepptar, mörgum konum finnst það flott. En þeir eru bara nei, gera það ekki, kemur ekki til greina. Þeir eru aftur hræddir um karlmennsku sína. Ég var einhvern tímann hjá einhverri vinkonu og skyrtan mín var ekki hneppt alveg upp, ekki mikið niður en pínku opið. Og vinkona mín sagði við manninn sinn: „Af hverju ertu alltaf með skyrtuna alveg hneppta upp, af hverju hefurðu hana ekki eins og Coco svona smá hneppta niður“ og þá sagði hann bara: „Nei, nei, nei“ og hefur ábyggilega hugsað hommar eru með þetta svona og þá vil ég ekki vera eins og hommar. (SI-2019-5: 11)

Hér er komið skólabókardæmi um hvernig sýnilegur munur á framsetningu á fatnaði fær ólíka gildishlaðningu. Veltum fyrir okkur hvað veldur því að það að hneppa niður einni tölu á skyrtu fellur innan ramma þess karlmannlega en séu tvær eða fleiri fráhnepptar breytist lestur umhverfisins yfir í það sem er talið vera hommalegt og rúmast engan vegin

innan hefðbundinnar karlmannlegrar framsetningar þó að um samskonar skyrtnu sé að ræða: hér er það klárlega ekki skyrtnan sjálf sem ræður úrslitum heldur framsetningin.

Ef einni tölu er hneppt frá þá má ímynda sér að það sé gert vegna þess að skyrtnan er hugsanlega of þröng í hálsinn og það er óþægilegt eða að það sé heitt en við það þá svitnar einstaklingurinn undir skyrtukraganum sem getur verið óþægilegt. Hér er því augljóst að það að hneppa einni tölu frá er gert til þægindaauka fyrir viðkomandi, en þægindi er eitt af þeim atriðum sem einkennir karlmannsfatnað á meðan fagurfræðilegt útlit er það sem einkennt hefur kvenfatnað (Cole, 2000: 6). Sé hins vegar tveimur tölum hneppt frá á sér stað eðlisbreyting í lestri umhverfisins, þar sem ekki lengur er verið að hneppa frá til þægindaauka heldur í fagurfræðilegum tilgangi. Tilgangur þessa fagurfræðilega gjörnings er sá að sýna meira hold, en hvort tveggja að gjörningurinn snúist um fagurfræði og það að sýna hold telst til þess sem talið er kvenlegt.

Ekki er nýtt að fagurfræði og hold sé tengt við það kvenlega því allt frá síðari hluta 18. aldar og fram til dagsins í dag hefur eitt meginstefið í fatnaði kvenna snúist um að draga fram og sýna tiltekna líkamsparta. Má nefna sem dæmi styttingu pilsa til að sýna fótleggi, flegna kjóla til að sýna brjóstaskoru og ermalaus kjólar til að sýna handleggi (Lipovetsky, 1994: 61-64). Þó svo að hin almenni borgari sé e.t.v. ekki að hugsa neitt sérstaklega meðvitað um þessa hluti, þá er þessi kynbundni lestur kynjatvíhyggjunnar á fatnaði svo innprentaður í flesta að þetta verða ósjálfráð viðbrögð við að lesa í þessi tákni í framsetningu fatnaðarins. Á síðari hluta 18. aldarinnar verða einnig þær breytingar á fatnaði karla og kvenna að tísku kvenfatnaðar verður fjölbreyttari og hægt og rólega kynferðislegri, á meðan að breytingar á tísku karlanna verða hægari og frekar tengdar stéttarstöðu karlmannsins í samfélaginu en útlitslegum þáttum. Samfara þessu verður sú breyting á gildishlaðningu að fatnaður kvenna og tísku færast í átt til þess „hégómlega“ en karlmannsfatnaður fær merkingu stéttar og félagsstöðu karlmannsins í samfélaginu (Lipovetsky, 1994: 56-57).

Hvað varðar kynjatvíhyggju, þá má segja að hún birtist á flestum sviðum samfélagsins og ekki síst í gegnum fatnað og tísku. Varðandi fatnaðinn þá felst hlutverk hans ekki síst í því að tilheyra og aðgreina á sama tíma, þar sem einstaklingurinn hefur þörf fyrir að tilheyra samfélaginu sem heild og einstaka hópum innan þess og að sama skapi hefur hann þörf fyrir að skera sig frá öðrum innan þeirra hópa sem hann tilheyrir. Þetta gerir hann til að skapa sér sjálfsmynd og sérstöðu innan hópsins (Sims og Stephens, 2011: 42-

52). Að þessu sögðu þá fylgir því viss áhætta fyrir gagnkynhneigðan karlmann að hneppa skyrtnni of langt niður, þar sem lestur umhverfisins gæti verið á þann veg sem hann vill ekki að hann sé. Hommar nota fatnaðinn til þess að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum karlmönnum sem hópi innan karlasamfélagsins auk þess sem þeir þurfa jafnframt að skapa sér sérstöðu innan síns hóps. Eitt sem þeir nota í því skyni er að blanda kvenkyngervistáknum inn í hefðbundinn karllægan fatnað til aðgreiningar. Hvernig það er svo gert og framsett skapar viðkomandi sérstöðu innan hópsins. (Simmel, 1957: 541-558).

Í frásögnum Hannesar Pálssonar, 42 ára viðburðastjórnanda, og Tyrfings Tyrfingssonar koma fram athyglisverðir punktar um framsetningu fatnaðar og hvort þar væri eitthvað sem henda mætti reiður á varðandi mun á milli homma og gagnkynhneigðra. Hannes var þeirrar skoðunar að ekki væri neinn teljandi munur þar á en sagði þó:

Jújú, það eru kannski einhver aðeins meiri frjálssleiki. Það eru kannski ákveðin „brönd“ eða eitthvað, „fatabrönd“. Þegar þú sérð Andrew Christian nærbuxurnar gægjast upp þá bara veistu það, þú veist, pottþétt hommi. Um, þú veist, þrengd fatanna getur verið eitthvað, en ég veit það ekki. Ég hef ekkert endilega áhuga, jú auðvitað, þetta spilar allt saman, það myndast ákveðið fas, „personal grooming“ hvernig þú lítur út og svo fötin segja manni oft einhverja sögu. (SI-2019-9: 13)

Tyrfingur var öllu afdráttarlausari í sinni frásögn varðandi þennan mun:

Allir í „Baby GAP“, það er brjálæðislega þröngt. Það koma náttúrulega til litir, og að sama skapi, um, hvað á ég að segja, hommi gerir þetta þannig, þú ert alltaf að „fetishera“ gagnkynhneigðina. Eins og þú sérð allir leðurhommarnir sem eru klæddir eða allir birnirnir, þeir eru allir í bolum sem enginn „heterosexual“ karlmaður myndi láta sjá sig í. (SI-2019-8: 3)

Hér koma fram atriði sem fela í sér gildishlaðningu. Í fyrsta lagi frjálssleikinn sem með góðu móti er hægt að setja í samband við það kvenlæga; konur hafa meira frjálssræði varðandi fjölbreytileika fatnaðar heldur en karlar. Í öðru lagi þekkt fatamerki, samhengið við ákveðinn fatnað, t.d. nærbuxur, sem gerir þann þátt gildishlaðinn og aðgreinandi frá gagnkynhneigðum körlum. Að gera nærbuxurnar sýnilegar verður tenging við það kynferðislega en það er atriði sem hefur kvenlega gildishlaðningu eins og áður hefur komið fram. Í þriðja lagi þröngan fatnað sem einnig hefur kvenlega gildishlaðningu, en þröngur fatnaður er eitt af þeim kvenlægu einkennum sem hommar hafa tileinkað sér í gegnum tíðina til þess að draga fram það kynferðislega (Cole, 2000:72). Þó svo að hægt væri að segja um öll þau atriði sem þeir nefna að þau megi einnig finna meðal

gagnkynhneigðra karlmanna þá gerir það sem fram kemur í síðari hluta tilvitnunarinnar hjá Hannesi gæfumuninn. Þar talar hann um að þessir hlutir spili með ákveðnum hætti saman og framkalli einhverja heildarbirtingarmynd sem felur í sér skilaboð um að þar sé á ferðinni hommi. Af þessu má því álykta að framsetning fatnaðar getur fengið afgerandi gildishlaðningu í gegnum samspil margra smárra eða illmerkjanlegra atriða sem saman breyta heildaráferð og flutningi hjá viðkomandi.

Eins og fram hefur komið þá er munur á hugmyndafræðinni sem býr að baki fatnaði karla og kvenna. Fatnaður karla er þannig frekar hugsaður út frá notagildi og þægindum en fatnaður kvenna er hugsaður til þess að draga fram og ýkja tiltekna parta líkamans og/eða fela aðra. Í rannsókn Hannah Frith og Kate Gleeson sem birtist í greininni „Dressing the Body: The Role of Clothing in Sustaining Body Pride and Managing Body Distress“ í tímaritinu *Qualitative Research in Psychology*, kom fram að 93% af þeim konum sem tóku þátt notuðu fatnað annað hvort til að draga fram þá líkamsparta sem þær voru ánægðar með eða fela þá sem þær voru óánægðar með (Frith og Gleeson, 2008: 255). Niðurstöður sem sneru að karlmönnum og birtar voru í greininni „Clothing and Embodiment: Men Managing Body Image And Appearance“ í *Psychology of Men & Masculinity*, kom fram að flestir sögðu mestu máli skipta að fatnaður sem þeir veldu sér væri þægilegur og hentugur og að karlmenn ættu ekki að hugsa mikið um útlit fatnaðarins. Hluti karlmanna nefndi að þeir notuðu fatnað líkt og meirihluti kvennanna sagðist gera, þ.e. í þeim tilgangi að draga fram eða fela tiltekna líkamsparta. Þessi notkun fól í sér að viðkomandi aðilar vildu breyta útliti sínu með fatnaðinum til að líta karlmannlegar út og samkvæmt hefðbundinni staðalímynd samfélagsins, þ.e. sýnast hávaxnir, grannir og vöðvastæltir. Að lokum kom fram hjá hluta þátttakendanna að þeir notuðu fatnað til þess að sýna félagslega og menningarlega stöðu sína í samfélaginu (Frith og Gleeson, 2008: 41-46). Þessar afgerandi niðurstöður sýna fram á að gera má ráð fyrir að útlit og hönnun kvenfatnaðar taki tillit til annarra þátta heldur en fatnaður karla. Þessar ólíku nálganir á hönnun fatnaðar má rekja allt aftur til þess tíma þegar borgarastéttin var að ryðja sér til rúms í byrjun 20. aldarinnar og borgarsamfélagið var að taka á sig mynd. Þá verða þær breytingar að karlmaðurinn fer að vinna utan heimilisins og konan er heimavinnandi. Við þá breytingu fer að verða til mismunandi vinnufatnaður sem verður hvort tveggja einkennandi fyrir hinar ólíku starfstéttir en er jafnframt því hannaður með það fyrir augum að vera þægilegur og sterkur til að þjóna þeim störfum sem þau voru ætluð fyrir (Shukla, 2015: bls. 3-5). Hvað

varðar kvenfatnað þá var hann áfram hannaður eingöngu út frá fagurfræðilegu þáttum og varð fyrir þær sakir leiðandi í mótun og framgangi tísku á vesturlöndum (Lipovetsky, 1994: 56-59).

Tyrfingur kom inn á framsetningu fatnaðar í sinni frásögn. Hann lýsir muninum á framsetningu gagnkynhneigða karla og homma með þessum hætti:

Og það er líka alltaf, mér finnst líka með strákana sem fara til dæmis í, eru íþróttahommarnir. Þeir eru alltaf að „performera“ það. Af því þetta er svo tengt þú veist kynferðinu, að vilja sofa hjá einhverjum og vera svona einhvern veginn þegar þú vilt sofa hjá. Það er alltaf leiklist, maður kaupir ekki, ástæðan fyrir að maður spottar það er að maður trúir því ekki alveg. (SI-2019-8: 8)

Hér talar Tyrfingur um hvernig hommar annars vegar „fetishera“ fatnaðinn sem felur í sér að fatnaður er settur í samhengi við eitthvað kynferðislegt og hins vegar hvernig þeir eru alltaf að draga fram og ýkja einhver atriði fatnaðarins og þar er það aftur tenging við það kynferðislega. Varðandi þetta þá er þessi gerð gildishlaðningar kvenlæg og því tiltölulega afgerandi aðgreinandi þáttur varðandi mun á klæðnaði þessara tveggja hópa karlmanna (Cole, 2000: 74). Í því sambandi má gera ráð fyrir að þessi kynferðislega framsetning verði ekki síst áberandi fyrir þær sakir að bæði er um að ræða kvenlega tengingu þess kynferðislega, eins og komið hefur fram, en auk þess bætist svo við tilhneigingin til að ýkja fatnaðinn og framsetningu hans sem gerir hann meira áberandi. Varðandi kynferðislega tengingu fatnaðar hjá hommum segir Tyrfingur:

Ég held það, ég held þetta sé örugglega, af öllu mankyninu, sé sá hópur sem notar þetta hvað mest sem vísbendingu. Um hvað það er sem ég vil, hversu mikið vil ég það, hvað er í boði og hvenær, hvort það sé núna, mögulega í framtíðinni. Ég hugsa það. (SI-2019-8: 23)

Í þessum orðum Tyrfings kemur fram mjög afdráttarlaus skoðun á því hversu mikið hið kynferðislega er bundið í framsetningu á fatnaði hjá hommum. En þó svo að hið kynferðislega í framsetningu á fatnaði homma sé augljóslega einn af afgerandi aðgreiningarþáttum varðandi gildishlaðningu fatnaðarins þá kemur ólík framsetning fram á fleiri vegu. Úlfar Viktor lýsir þessum mun á þennan hátt:

Ég hef einhvern veginn hræðst að falla inn í hópinn og týnast þar þannig að ég hef alltaf verið þínu öðruvísi í klæðnaði og tísku og þannig. Og ég held að það þú veist hafi gert mig kannski örlítið kvenlegan ef svo má að orði komast, ég veit ekki, eða svona kvenlegri í svona eins og í klæðnaði og þannig. Þú veist, ef ég fer á djammíð skilurðu þá langar mig alveg að mála mig og mig langar að fara í eitthvað svona sem

að kannski „hedrokarlmaðurinn“ mundi ekki fara í skilurðu. En ég held að meginmunurinn sé sá að við mundum kannski klæða okkur margir hverjir í svona aðeins ýktari föt eða þú veist þessi „hedro“ karlmaður mundi kannski klæða sig í fína hvíta skyrtu og svartar gallabuxur, ég mundi vilja fara í skilurðu hlébarðaskyrtu, þröngar gallabuxur, eins og ég sagði, í „fofure“ jakkanum með smá „make-up“ og eitthvað svona þú veist. Ég held að það sé kannski munurinn á mér og „hedro“ karlmanni. (SI-2019-11: 17-19)

Hér er það hugmyndin um að vilja ekki falla inn í fjöldann og „týnast“ með því að klæðast með sama hætti og fjöldinn gerir sem er forvitnilegur punktur og áhugavert að skoða nánar. Þannig setur Úlfar þá aðgreiningu í samband við það að gildishlaða fatnaðinn með einhverjum kvenlegum gildum og með þeim hætti skapa sér sérstöðu. Með þessu mætti segja að hann sé að aðgreina sig frá hefðbundnum gagnkynhneigðum karlmanni með því að notast m.a. við kvenleg einkenni frekar en að þau þjóni þeim tilgangi að líkjast konu á einhvern hátt.

Guðfinnur Sigurvinsson, sem klæðir sig að öllu jöfnu líkt og hefðbundinn gagnkynhneigður karlmaður, nefnir dæmi um hvernig hann aðgreinir sig með sama hætti og Úlfar Viktor nefnir hér í dæminu á undan, en Guðfinnur gerir það á hógværarari hátt:

Þú veist eins og ég held að ef ég væri gagnkynhneigður, hvað föt og annað varðar svona heilt yfir litið, þá væri ég ekki mikið öðruvísi, ef það væri tilfellið. En auðvitað er það svo stór breyta samt að maður getur ekki sagt það. En það er eins og ég segi, ég upplifi það ekki. En mér finnst alveg samt, og það er eins og eitt, eins og ef ég fæ mér dúnúlpu þá fæ ég mér frekar háglans heldur en matta. Mér finnst það bara flottara. Þetta eru aftur þessi blæbrigði, svo ég reyni að hugsa eitthvað dæmi að þú veist þá mundi ég alltaf velja það af því að ég vil að fatnaður sé „outstanding“ eins og maður segir og svona standi aðeins út og ekki meira en maður hugsar bara já hvað þetta er smart og svona punktur en ekki þannig að þetta sé svona innrás inn í daginn minn. (SI-2019-12: 21)

Í þessari frásögn Guðfinns kemur sama atriði fram og hjá Úlfari Viktor hvað varðar að skera sig frá því hefðbundna. Guðfinnur setur það meira í samhengi við það að honum finnist það einfaldlega flottara án þess að á bak við það búi einhver meðvituð hugsun um að skera sig frá því viðtekna. Af þessum tveimur frásögnum má greinilega merkja þann stigsmun sem er varðandi framsetningu fatnaðar hjá hommum, þó svo þær hver fyrir sig miði að því sama.

Í lokin á þessari umfjöllun á framsetningu fatnaðar og gildishlaðningu hans er ekki úr vegi að líta á frásögn Coco þar sem lestur umhverfis kemur skýrt fram:



Það var einn og einn gaur í smóking við gulllitaðan jakka, voða flott efni en samt bara þetta klassíska snið. Það voru tveir, þrír, fjórir sem voru búnir að fara í einhvern svona jakka með áberandi lit en samt sama snið. Það eru mjög fáir sem fara í eitthvað öðruvísi. Það var einn, sem ég held að hljóti að vera eitthvað samkynhneigður, hann var með einhver jakkaföt sem hann var búinn að skreyta með bróderingu og hann var með skikkju og allskonar. En mér dettur í hug að hann sé samkynhneigður, þetta er tíska sem samkynhneigðir myndu klæðast. (SI-2019-5: 4)

Í þessari frásögn Coco þar sem hann lýsir því sem fyrir augu ber á Golden Globe verðlaunahátíðinni kemur fram að þar koma allir til hátíðarinnar klæddir í sitt fínasta púss, sem gera má ráð fyrir að gert sé m.a. til þess að vekja athygli og aðdáun viðstaddra. Það sem er sérstakt við þessa lýsingu er það að í henni lýsir hann fatnaði karlanna sem er litríkur en með hefðbundnu karlmanns sniði. Þetta stingur örlítið í stúf við það sem fram hefur komið varðandi fatnað gagnkynhneigðra karla sem er að öllu jöfnu ekki mjög litríkur. Það sem er athyglisvert í þessari frásögn Coco er að úr þessum hópi manna greinir hann einn einstakling sem hann les í út frá útliti hans að hann hljóti að vera hommi. Umfram litina, sem í þessum hópi er ekki óeðlilegt, er búið að eiga við sniðið eða hefðbundið útlit jakkafatanna sem gefur til kynna að viðkomandi sé hommi.

Spurður nánar út í þetta atriði með hvaða hætti hægt sé að breyta hefðbundnum jakkafötum þá svaraði Coco:

Með „plain“ jakka, þá er ýmislegt hægt að gera. Ég vil skreyta jakka með til dæmis fiskiroði sem er framleitt hér á Íslandi. Og kannski í öðruvísi efni, sauma á eða líma á. Bara gera eitthvað meira svona „eyecatching“. Jújú, það er gert en það er ekki mikið af fólki í þessu, en það er algengara hjá samkynhneigðum heldur en með „straight“ karlmenn. (SI-2019-5: 5-6)

Í þessari lýsingu kemur fram að ýmislegt er hægt að gera við hefðbundinn karlmannsjakka sem breytir ásýnd hans og gildishleður hann með þeim hætti að jakkinn fjarlægist karllæga framsetningu. Það kemur fram í því að hann segir að ef jakkanum sé breytt með þessum hætti þá vilji gagnkynhneigðir karlar síður klæðast þeim. Annað mikilvægt atriði varðandi þessa framsetningu er það að hann talar um að með því að skreyta jakkana verði þeir áberandi og skera sig úr fjöldanum. Það er einmitt það sem hommar sækjast í meira mæli eftir, eins og Viktor kom einnig inn á hér að framan. Til að varpa skýrara ljósi á þetta er gott að skoða það sem Coco hafði að segja um gagnkynhneigða karla og viðhorf þeirra til þess að skera sig úr fjöldanum:

Já, þetta hefur með það að gera. Meðan þú ert „straight“, þú ætlar að sýna að þú ert „straight“, þú ætlar að haga þér eins og flestir hinir. Kannski pínulítill breyting í sambandi við lit og snið, miðað við þá tisku sem er í gangi á þeim tíma. En ekki meira en það, þeir fara ekki dýpra en það. Þeir eru mjög hræddir. (SI-2019-5: 7)

Hér má segja að komi fram það sama hjá gagnkynhneigðum og samkynhneigðum hvað varðar það að tilheyra. Í því sambandi hefur komið skýrt fram þörf homma til að aðgreina sig frá fjöldanum með einhverjum hætti, m.a. í gegnum framsetningu á fatnaði í þeim tilgangi að skapa sér sína sjálfsmynd og sitt kyngervi. Að sama skapi má ætla að gagnkynhneigði karlmaðurinn hafi þörf fyrir að falla inn í hópinn til að sýna sitt kyngervi og sína sjálfsmynd. Það mætti því segja að eini munurinn á þessum tveimur hópum karlmannna sé sá að annar er fjölmennari og því talinn „eðlilegur“ á meðan litið er á minnihlutahópinn sem einhvers konar frávik frá hinum. Að öðru leyti snýst framsetning fatnaðar þeirra um það sama í grunninn, þ.e. að koma á framfæri sinni sjálfsmynd og á sama tíma tilheyra þeim hópi samfélagsins sem viðkomandi samsamar sig við.

### 4.3 Samhengi fatnaðar

Með yfirskrift kaflans „samhengi fatnaðar“ er átt við samhengi fatnaðar við umhverfið eða aðstæðurnar sem hann er notaður í og samsetningu fatnaðarins sem viðkomandi klæðist hverju sinni. Hér er ætlunin að skoða hvernig ólíkur fatnaður í ólíku umhverfi annars vegar og mismunandi samsetning hins vegar hefur áhrif á gildishlaðningu með ólíkum hætti (Goffman, 1956: 17-18). Ekki er úr vegi að byrja að skoða þetta út frá því sem kom fram í lok síðasta kafla þar sem hugmyndin um að tilheyra einhverjum hópi eða aðgreina sig frá öðrum hópi var reifuð í sambandi við homma og gagnkynhneigða karla. Frosti fjallar um báðar þessar tilhneigingar í tengslum við homma:

Ég veit það ekki, ég held það fari svolítið eftir því innan hvaða hóps maður er að skoða þetta. Af því ef maður tekur kannski hommasamfélagið þá er svona, það er eitthvað heilt yfir, eitthvað sem sameinar það. En svo eru allskonar undirhópar sem aðgreina sig mögulega að einhverju leyti frá hvor öðrum. En líka, klæða sig og finna einhverja svona samsemd í einhverri, í ákveðnum hlutum sem heldur þeim þá saman sem hóp og aðgreinir þá mögulega að einhverju leyti frá öðrum undirhópum. Þetta er ekkert eitthvað svona rosa formuð kenning hjá mér. En ég bara svona hugsa upphátt. (SI-2019-7: 2)

Hér má sjá að Frosti lítur svo á að hægt sé að vera hluti af en á sama tíma að aðgreina sig innan hópsins sem einstaklingurinn tilheyrir. Í þessu sambandi talar hann um að það sé eitthvað sem einkenni og sameini flesta homma en svo hafi einstaklingar innan hópsins

aftur þörf fyrir að skapa sér sérstöðu innan hans. Ef þetta er svo aftur sett í samhengi við gagnkynhneigða og homma þá mætti segja að hommar séu einungis að skapa sér sérstöðu innan hommasamfélagsins án þess að markmið þess feli endilega í sér aðgreiningu frá gagnkynhneigðum körlum.

Hópar og hópamyndanir innan þeirra hafa fjölmargar birtingarmyndir. Sami einstaklingurinn getur tilheyrt mörgum hópum. Þannig tilheyrir hver og einn fleiri hópum en þeim sem kynhneigðin skilgreinir. Í því sambandi mætti nefna sem dæmi vinnustaðahóp, fjölskyldu og íþróttahóp eða skólafélaga. Frosti kom inn á þetta í viðtalinu:

Ef ég tek eitthvað dæmi; þú ert hommi og þú tilheyrir einhverju samfélagi, einhverju hommasamfélagi sem getur verið skilgreint sem sena. Svo ertu líka meðlimur í íþróttafélagi og þú spilar sko fótbolta eða einhverja aðra íþrótt. Þú tilheyrir einhverjum tveim hópum og birtingarmynd kyngervis og birtingarmynd karlmenskunnar, hún er ólík í þessum tveim hópum. Vegna þess að aðstæður laða fram mismunandi birtingarmyndir karlmenskunnar, þannig að aðstæður og samhengi hefur einhver áhrif á birtingarmyndina, hvernig karlmenskan birtist. En hún er jafn raunveruleg hvort sem þú ert í „gay“ kreðsunni eða hvort þú ert í innanhúsfótboltanum með 12 vinum þínum. Þannig birtingarmyndin tekur kannski líka að einhverju leyti mið af aðstæðunum sem þú ert í hverju sinni. (SI-2019-7: 9)

Hér kemur Frosti inn á mikilvægt atriði varðandi birtingarmynd einstaklingsins og hvaða skilaboð hann vill koma á framfæri í gegnum þann fatnað sem hann klæðist. Dæmið um íþróttahópin er gott til að skýra þetta nánar. Íþróttir hafa til þess að gera mjög afdráttarlaus og skýra framsetningu þegar kemur að útliti þeirra sem tilheyra hverjum hópi fyrir sig. Í þessu sambandi auðkennir hvert íþróttafélag sig með samskonar búningi og hefur auk þess sérstakt félagsmerki sem hægt er að merkja sig með á öðrum fatnaði heldur en búningnum sjálfum. Þar með getur það falið í sér mjög sterka tengingu að tilheyra íþróttafélagi þar sem sá hópur getur gert kröfu um að hann skarist yfir í aðra hópa sem viðkomandi tilheyrir, samanber merkið sem nefnt var hér að framan. Fleira kemur til varðandi skörun hópanna, t.d. að hommi sem hefur kvenlæg kyngerviseinkenni tekur þau eðlilega með sér yfir í íþróttahópin þar sem þau eru hluti af hans persónulegu sjálfsmynd. Þessi einkenni geta svo haft þær afleiðingar að hann einangrast innan hópsins þar sem innan íþróttahópa er einnig tilhneiging til þess að líkamleg og félagsleg hegðun hópsins sé tiltölulega einsleit. Sjá má dæmi um þetta í frásögn Jóhanns:

Ooog þú veist ég er ekki þessi týpíski fótboltastrákur, þú veist, handbolta, ég var í handbolta í 14 ár sko en ég varð aldrei vinur þeirra sem ég spilaði með sko. Ég spilaði

alveg með landsliðinu í handbolta sko, og þú veist það er bara svona, en já ég náði aldrei að tengja, ég tengdi alltaf við stelpurnar. (SI-2019-14: 12)

Hér kemur fram hjá Jóhanni að skörunin milli þessara tveggja birtingarmynda kyngervis í þessum tveimur hópum gekk ekki upp og því einangraðist hann innan hópsins, þó hann væri í honum lengi og næði góðum árangri. Í framhaldi af þessu má velta fyrir sér óteljandi skörunum milli hópa og samhengi ólíkra birtingarmynda einstaklingsins.

Samhengi fatnaðar er ekki eingöngu bundið við hópa. Hægt er að skoða það út frá kynjatvíhyggjunni. Hér að framan eru dæmi um kvenlægar tengingar í fatnaði sem sumir hommar nota til aðgreiningar. Eðli málsins samkvæmt er stór hópur sem notar karllægar tengingar til að falla inn í fjöldann eða skapa sér sérstöðu innan karlahóps með því að setja hlutina í óvenjulegt samhengi. Gott dæmi um hvernig samhengi fatnaðar og gildishlaðning á sér stað með tengingum fatnaðarins við ólíkar aðstæður kemur fram hjá Guðjóni Mána Blöndal, 23 ára framhaldsskólanema, en hann lýsir sjálfum sér á þennan hátt:

Já ég veit það ekki, ég hef aldrei verið eitthvað rosalega „femminum“ manneskja. Æjj ég veit það ekki, nei það er eitt svona mér finnst ég alltaf þurfa að koma út fyrir öllum svona ef ég kynnist fólki. Þá svona, þú veist, fólk sér það ekki strax að ég er hommi, ég þarf oft svona að segja það. Þú veist ég, er ekkert eitthvað svona, það eru þú veist rosa margir svona „maskulin“ eða „mask for mask“ eitthvað svona, þú veist, alls ekki svoleiðis. Þú veist, allir vinir mínir sem eru samkynhneigðir, þeir eru frekar svona meira „fabúlus“, meira svona kvenlegri en ég. (SI-2019-13: 10)

Hér lýsir Guðjón sér sem karlmannlegum ungum manni sem hefur greinilega til að bera hefðbundna karllæga líkamstjáningu sem merkja má af því að hann þarf að segja fólki að hann sé hommi því ella myndi það ekki átta sig á því. Hvað varðar klæðaburð hans, þá er hann ekki alltaf hefðbundinn. Dags daglega segist hann klæða sig svipað og aðrir karlmenn, þó sé hann í litríkari og fjölbreyttari fatnaði. Þegar hann svo fer út að skemmta sér gengur hann lengra í klæðaburði. Þeim klæðnaði lýsir hann með þessum orðum:

Þú veist svona gullhringjum, oftast með keðju eða tvær, já og ég á rosa mikið af svona „fancy“ jökkum, rosa mikið af litum og einhverju. [Sýnir rannsakanda myndir á farsímanum sínum.] Svona, eins og hérna, hér er ég bara, þú veist þetta, er svona rauður flauelsjakki og svona, og svona svart með fullt af hringjum, svona bleikt, rosa mikið af bleikum, og svona þetta er svona, þú veist, svona '90s skyrtur, mikið í þeim, og bara svona litríku. Og mjög mikill „Gucci-fan“ líka, það er svona. Og, þú veist, já og bara svona, og stundum er ég svona þú veist svona, svona eins og einhver eiturlyfjasali eða eitthvað, ég veit ekki. Hérna er ég í pelsinum mínum, hlébarða. (SI-2019-13: 9)

Af þessari lýsingu að dæma á fatnaði og fylgihlutum sem hann velur þegar hann fer út að skemmta sér þá er þetta ekki það sem kalla mætti hefðbundinn karlmannsfatnað eða það sem ungir gagnkynhneigðir karlmenn myndu endilega klæðast í dag. Kjarni málsins felst í því hvernig Guðjón gildishleður annars kvengildishlaðinn fatnað karllægum gildum gagnstætt því sem kom fram að ofan um hvernig karlmannlegur fatnaður er gildishlaðinn með líkamstjáningu og framsetningu þannig að heildarútkoman verði kvenlæg. Dæmi um þetta má lesa út úr eftirfarandi frásögn af því þegar Guðjón fór í samkvæmi með félögum sínum:

Þetta er eins og þegar ég fór fyrst í pelsinum þá var ég að mæta í partí hjá vinum mínum sem eru hneykslaðir á föt, því þetta voru allt svona fótboltastrákar og geðveikt mikið svona, og þá voru hinir stressaðir því við vorum að mæta í einhverjum pels, hélt að þeim myndi finnast það skrítið sko. Svo voru þeir bara allir að missa sig því þeim fannst þetta svo kúl eða þú veist aldrei dottið þetta í hug sjálfum, fattarðu. (SI-2019-13: 13)

Hér er það gildishlaðning á fatnaði og tengsl hugmyndafræðinnar á bak við fatnaðinn sem skiptir máli, ekki fatnaðurinn sjálfur. Þannig má tengja pelsinn við heim eiturlyfjasala í Bandaríkjunum og sjónræna áferð hiphop tónlistar sem sækir í þann heim, í stað þess að tengja við kvenkyngervistáknin sem hlébarðapels er annars gjarnan hlaðinn.

Með þessari tengingu við undirheimamenningu í erlendum borgum næst karllæg tenging þar sem glæpir eru almennt taldir karllægir. Fjarlægðin frá þessum menningarheim gerir svo aftur að verkum að sú neikvæða ímynd sem eðlilega fylgir glæpum skilar sér ekki í gegn. Þetta kemur ekki síst til vegna þess að þessi menningarlega tenging og útlit fatnaðarins er fyrst og fremst sótt í gegnum kvikmyndir, sjónvarpsþætti og tónlistarmyndbönd þar sem búið er að stílisera þessa framsetningu og fegra. Hér er því um að ræða að sú þekking sem einstaklingarnir nota til að lesa og meta umhverfið sitt verður ekki einungis til út frá þeirra eigin reynslu heldur verður hún til að hluta í gegnum fjölmiðla af ýmsu tagi. Fjölmiðlarnir matreiða og setja fram frásagnir og hluti, jafnvel úr öðrum menningarheimum, með sínum hætti, sem áhorfandinn tileinkar sér (Barth, 1995: 65-68). Þetta vekur spurningar um það hversu raunveruleg og „sönn“ sú þekking er sem einstaklingurinn notar til þess að lesa umhverfi sitt. Með þessu er átt við að andstætt því sem Clifford Geertz bendir á, og áður hefur verið nefnt, að einstaklingar læri að lesa umhverfi sitt út frá eigin reynslu í sínu umhverfi og við það öðlist hópurinn djúpan sameiginlegan skilning á flutningi innan hópsins (Geertz, 1973: 311), þá gerir þessi tegund

lærðs gildismat að verkum að einstaklingurinn hættir að trúá eða treysta á það sem hann sér í umhverfinu dags daglega en treystir þess í stað á ímyndir sem birtast honum í gegnum auglýsingar, kvikmyndir og tónlistarmyndbönd (Debord, 1970: 10-13). Til að þetta val á tengingu fatnaðarins, hlébarðarpelsins í þessu tilviki, gangi eftir skiptir máli að viðkomandi sýni af sér karlmannlega líkamstjáningu og sýni ekki af sér neitt annað sem felur í sér eitthvað sem talist gæti kvenlegt. Auk þess þurfa áhorfendur að hafa nauðsynlega þekkingu á skírskotunin til ímyndarinnar sem í hlut á.

Tenging klæðnaðar við það kynferðislega var eitt af því sem fram kom hjá öllum viðmælendunum, þó það væri á mismunandi vegu og snerti ólíka þætti. Eins og komið hefur fram þá er það kynferðislega í klæðnaði og tengingar þar að lútandi frekar tengd við konur og það kvenlega, en það tengist því að ganga í augun á körlum. Karlar aftur á móti hafa aðrar aðferðir við þetta, t.d. að vera sterklega byggðir, og vel stæðir og sýna það í klæðnaði og öðrum hlutum, svo dæmi séu nefnd um þennan mismun kynjanna (Connell, 2002: 30). Þó þetta hljómi eins og ákaflega forneskjuleg hugmynd, sem hún reyndar er, þá er enn í dag stuðst við hana í hinum viðtekna lestri á einstaklingum. Annað er að það er oftast en ekki hlutverk karlsins að hafa frumkvæði að kynnum milli karls og konu. Eins og áður nefnd lýsing á ólíkri birtingarmynd kynjanna, þá er þessi einnig forneskjuleg en á sér fastan sess í viðtekinni félagslegri hegðun í samfélaginu engu að síður. Þegar Tyrfingur var beðinn að lýsa muninum á homnum og gagnkynhneigðum körlum, þá lýsti hann muninum á þennan hátt:

Hann hefur meira að fela. Hann hefur meira að fela og að einhverju leyti þá eru meiri veiðar í gangi. Homminn á fleiri elskhuga yfir ævina, svona ef við förum í einhverja klisju. Hann er oftast í opnum samböndum og svona, hann hefur einhvern veginn meira í hyggju þar sem það er alltaf einhver séns í boði. Hann er bæði þarna að selja vöruna og svo er hann varan sjálf. Þú veist, það eru alltaf svona einhverjar veiðar, verið að spá hvað gæti. Þó að fólk sé ekki að fara inn á klósett að hnoðast, þá er verið að skoða, bíddu, hvað er í boði hérna. Þú veist maður spottar það alveg, þarna er þjása, þarna er þjása, þarna er þjása. Þetta gamla góða, bara aðeins of langt og svona. (SI-2019-8: 18-20)

Í þessari frásögn kemur þetta „tvöfalda“ hlutverk eða virkni hjá homnum fram þar sem þeir hafa hvort tveggja kvenlegu eiginleikana, varðandi það að sýna hold og klæða sig á kynferðislegan hátt, og á sama tíma hafa þeir frumkvæðið eða gerandahlutverkið. Þetta gerir að verkum að hlutirnir gerast hraðar og oftast meðal homma heldur en á milli karla og kvenna þar sem þar er það oftast konan sem stjórnar hversu hratt hlutirnir ganga fyrir

sig. Eins og áður segir þá komu flestir viðmælendurnir inn á þetta atriði í frásögnum sínum en til að gefa dæmi af því sem fram kom varðandi þetta atriði, þá er hér frásögn úr viðtalinu við Reyni Þór Eggertsson, 44 ára háskólakennara:

Og síðan held ég bara líka að, og þar komum við kannski líka að þessu þar sem karlmenn aftur á móti, þar sem hommar, og óháð því hvort þeir eru drottningar eða hvaða típa af hommum, að ég held að ákveðið viðhorf til kynlífs og kynferðissambands séu alveg klárlega karllæg hjá þeim. Þú veist, einhver, þú veist, hvort sem þið viljið kalla það lauslæti eða þú veist bara vilja til þess að láta undan löngun og það að vera í opnum samböndum og allt það sko, það sem ég held að er klárlega meira karllægt en kvenlegt. Þar held ég, þú veist, þetta karllæga komi mjög skýrt fram í hommum. (SI-2018-1: 12)

Hérna kemur skýrt fram hjá Reyni að sama hver framsetning á kyngervi hommans er þá sé hið karllæga sem við kemur því að láta undan löngunum ríkjandi hjá mörgum hommum. Það er annar helmingurinn af því sem Tyrvingur talaði um í þeirri tvöföldu birtingarmynd sem hann setti fram. Hinn helmingurinn sem varðar kvenlega framsetningu á fatnaði og kynferðislegri merkingu og áherslum hans má einnig lesa í þessari frásögn Eyjólfis:

Ég hef það á tilfinningunni að svona klæðaburður, þegar það kemur að samkynhneigð, svona þúra samkynhneigð þú veist, svona karlmenn, þá eru það leðurhommarnir sem eru svona ofsalega „fixeraðir“ á klæðaburð, og þá tengist það alveg rosalega mikið svona kynórum kynlífinu. Já, það er líka svona mikið með hérna svona íþróttaföt það er ákveðin svona blæti með íþróttaföt, svolítið svona „white trash look“, það er ákveðið blæti. Og svo eru náttúrulega bara undirföt. Það er náttúrulega bara þúra kynlífsdæmi, rosalegt svona undirfata hérna blæti líka. Já, það er rosalega mikill „bisniss“ í því hjá hommum, hommar eru mjög mikilvægur markhópur í „undirfatabisnessnum“ geri ég ráð fyrir vegna þess að, ég meina, bara eins og til dæmis Calvin Klein auglýsingarnar, það er nú ástæða fyrir því að örugglega það eru ekki bara konur sem horfa á þær. Nei en sko það er merkið þarna Ossí eitthvað, það er eitthvað merki sko, Björn Borg, Calvin Klein, svona rosalega fínar, flottar nærbuxur. (SI-2018-2: 9-10)

Hér nefnir Eyjólfur nærfatnað og tvo undirhópa homma þar sem kynferðislegt samhengi hlutanna er áberandi. En margt annað kom fram hjá öðrum viðmælendum rannsóknarinnar þar sem framsetning og útlit fatnaðar var sett í samhengi við eitthvað kynferðislegt en of langt mál væri að telja allt upp hér svo þessi dæmi verða látin nægja. Það var þó nokkuð afdráttarlaus niðurstaða af því sem fram kom varðandi þetta atriði að kynferðislegar tengingar eru ríkjandi þáttur í fatnaði og framsetningu hans meðal homma.

#### 4.4 Áhrifavaldar og fyrirmyndir

Fyrirmyndir og áhrifavaldar hafa áhrif á hvernig einstaklingur velur að birta umheiminum sjálfsm mynd sína. Einstaklingurinn leitar að fyrirmyndum í nærumhverfi sínu og í umhverfi sem hann getur samsamað sig við og nýtt útlit þeirra, s.s. klæðnað og framkomu, að hluta til eða öllu leyti til að setja sjálfan sig á svið fyrir umhverfið. Á meðan einstaklingur er ungur eru það oftast annað hvort foreldrið eða systkini sem hann samsamar sig við og tileinkar sér útlit, viðhorf og hegðun frá. Oftar en ekki eru það feður drengja og mæður stúlkna fyrstu árin, en þegar kemur fram á unglingsárin bætast gjarnan við frægar og áberandi persónur eins og kvikmyndastjörnur eða poppstjörnur (Lacan, 1977: 1-7). Hvað varðar viðmælendur rannsóknarinnar var þetta með þeim hætti að flestir þeirra höfðu nánari tengsl við móður sína heldur en föður og að sama skapi voru fyrirmyndir þeirra þegar þeir urðu eldri frekar kvenkynsstjörnur heldur en karlkyns. Gott dæmi um það hvernig þessu var háttað kom fram í frásögn Reynis, en spurður um áhrifavalda og fyrirmyndir í hans lífi svaraði hann:

Þú veist, það var náttúrulega hvort tveggja, en maður kannski leitaði meira í kvenkyns fyrirmyndir eða allavega ég. Já, ég held það að svona einhvern veginn, já, sá mig einhvern veginn meira þar heldur en í því sem samfélagið ýtti að strákum sko, ég held að það sé alveg á hreinu. Já, maður sér þetta líka í, sem sagt, hvar tónlistaráhuginn liggur. Ég meina ég hef mun meiri áhuga og hef alltaf haft mun meiri dálæti á söngkonum heldur en söngvurum og hljómsveitum með söngkonum í frontu heldur en hljómsveitum með söngvara karlkyns. Og það er einmitt kannski í hljómsveitum þar sem karlmennirnir hafa verið, hafa einmitt kannski verið einhvers staðar á sömu mörkum eins og til dæmis Boy George og síðan George Michael, hafa haft eitthvað kvenlegt annað hvort „register“ í röddinni eða einhver svona mjúka nálgun. (SI-2018-1: 8-9)

Hér endurspeglar Reynir það sem fyrr segir varðandi fyrirmyndir sem tilheyra ekki nærumhverfinu en þar vísar hann til þess að hvort tveggja sú menning og þeir hlutir sem tilheyra kvennasamfélaginu höfðuðu meira til hans heldur en því sem almennt tilheyrði því karlmannlega. Í þessu sambandi vísar hann til og tekur dæmi úr tónlistargeiranum þar sem það eru söngkonur en ekki söngvarar sem höfðu meira til hans sem fyrirmyndir. Þeir karlmenn sem hann nefnir þó til sögunnar eru báðir hommar, þó svo það sé ekki það atriði sem hann talar um sem ástæðu þess að hann samsvari sér við þá heldur sé það einhver kvenleg áferð á framkomu þeirra og rödd sem gerir að verkum að þeir höfðu til hans. Reynir heldur áfram að ræða þessi mismunandi samskipti við stelpur og stráka og í þeirri umræðu komu í ljós forvitnileg atriði sem vert er að líta nánar á:



En alla vega, ég get sagt, svo ég finn líka sko, ég finn líka svona eftir tvítugt að þá, þá fór ég að eiga auðveldara með með að eiga vinasamskipti við karlmenn sem ekki voru hommar. Þú veist maður einhvern veginn tengist þeim ekki á þessum mótunarárum af því maður átti ekki á sama hátt, maður tengist meira stelpum, eignaðist fleiri vinkonur að vissu leyti af því það var einhvern veginn öruggara umhverfi af því maður þurfti ekki að þykjast vera eitthvað annað heldur en maður var. En það er einhvern veginn það sem þú þarft að gera inn í hóp af unglingsstrákum þar sem gert er ráð fyrir að allir séu „streit“, að þá er rosalega erfitt að að vera alltaf á varðbergi, vera alltaf að passa alltaf að vera ekki of stelpulegur eða vera ekki of öðruvísi sko. (SI-2018-1: 9-10)

Ef farið er ofan í það sem kemur fram hjá Reyni þá kemur forvitnileg staða í ljós. Hann talar um að á unglingsárunum hafi hann samsamað sig betur við stelpur, en í því sambandi nefnir hann að hann hafi verið öruggari í því umhverfi og ekki þurft að þykjast og vera á varðbergi eins og hann þurfti að gera í kringum strákana. Þetta ætti í sjálfu sér ekki að koma á óvart vegna þess að unglingsárin eru vandasamt tímabil. Það stafar af því að viðkomandi er á því skeiði lífsins að móta sjálfsmynd sína og birtingarmynd hennar, en það gerist með þeim hætti að hefðbundnum kynjahlutverkum er haldið að og umbunað fyrir þau hjá báðum líffræðilegum kynjunum (Connell, 2002: 2-3). Eðli málsins samkvæmt eru kynvitund, kyngervi og kyntjáning einstaklingsins stór hluti í þessari vinnu. Það getur því reynst drengjum sem hafa fíngerða eða kvenlega kyntjáningu erfitt að móta og þroska hana í karllægu umhverfi. Ekki síst vegna þess að innan hópa, hvort sem um er að ræða karllæga eða kvenlæga, þá á sér stað ákveðin styrking milli einstaklinga meðan þeir eru að móta sjálfsmyndina á einhvern hátt. Því mætti segja að rétt eins og aðrir strákar velja sér ólíka hópa sem þeir samsama sig við innan karlasamfélagsins þá leita sumir hommar í kvenhópa af einhverju tagi til þess að fá styrkingu frá umhverfinu varðandi mótun á kyngervi og kyntjáningu sinni.

Í þessu sambandi nefnir Reynir óöryggið sem fylgdi því að vera í strákahópum á þessu tímabili. Það gæti stafað af því að grundvallaratriðið við að móta sig sem strák á þessu aldurskeiði tengist kyni, kyngervi og kyntjáningu, og þar er kynjatvíhyggja samfélagsins mikið mótunarafl eða skapalón. Þannig eru fyrstu viðbrögð við því að vera „röngum“ megin í kyngervi og kyntjáningu neikvæð, þ.e. menn fá í það minnsta ekki jákvæða styrkingu frá öðrum innan hópsins. Þetta gerir að verkum að einstaklingurinn þarf að „þykjast“, eins og Reynir orðar það, til að falla inn í hópinn, auk þess sem hann býr við stöðugan ótta við að verða sýnilegur eins og hann raunverulega er og í kjölfarið verða hugsanlega hafnað af hópnum. Það er því í sumum tilvikum meira heldur en einfaldlega

val einstaklingsins að samsama sig kvennahópum, það er nauðsyn svo viðkomandi geti mótað sjálfsmynd sína. Merkilegt í þessari frásögn er að hann segir í upphafi að eftir tvítugt hafi hlutirnir breyst með þeim hætti að samskipti við gagnkynhneigða karlmenn hafi orðið auðveldari. Þetta atriði rennir stoðum undir það að eftir að mótunarárunum lýkur, í kringum tvítugsaldurinn, eigi einstaklingurinn auðveldara með að mæta öðrum hópum og einstaklingum heldur en á unglingsárunum. Þetta stafar af því að þá hefur einstaklingurinn náð að móta helstu grunnþætti sjálfsmyndar sinnar og er því betur í stakk búinn að mæta öðrum á sínum eigin forsendum (Hjördís Rós Jónsdóttir, 2011: 11-15).

Eins og áður segir þá voru tengsl viðmælendanna við foreldra sem fyrirmyndir oftast við móður en föður. Þessi tenging var þó ekki alltaf með þeim hætti að viðkomandi endurspeglaði það í gegnum klæðaburð heldur komu þessi tengsl fram í gegnum aðra þætti sem teljast kvenlægir. Má nefna að Daníel sem hefur karllæga birtingarmynd í klæðnaði tileinkaði sér snyrtimennsku og viðhorf móður sinnar (SI-2018-3: 6-7).

Þær fyrirmyndir sem einstaklingurinn velur sér á mótunarárum sínum, unglingsárunum, eru þó ekki síður mikilvægar varðandi útlitslega birtingarmynd. Í þessu sambandi kom fram hjá flestum viðmælendum að oftast voru það poppstjórnur sem höfðu mest áhrif. Eðlilega voru undantekningar frá þessu en þá var engu að síður um að ræða aðrar þekktar persónur úr skemmtanaíðnaðinum. Sem dæmi þá nefndu Ahd og Hörður þekktar kvikmyndastjórnur sem fyrirmyndir í sínum frásögnum (SI-2019-10: 17), (SI-2019-4: 19). Hafa ber í huga að báðir eru þeir lærðir leikarar og liggur því beinast við að tengja þetta val þeirra á fyrirmyndum við áhugasvið þeirra. Varðandi tengsl áhugasviðs viðkomandi við tiltekna fyrirmyndir mætti nefna til viðbótar að fyrir utan móður sína talaði Daníel um þekktar stjórnálamenn af báðum kynjum sem hluta af sínum fyrirmyndum, en þar liggur áhugasvið hans og atvinna (SI-2019-3: 17-18).

Ef vikið er aftur að poppstjórnunum er flestir nefndu til sögunar sem fyrirmyndir á unglingsárunum þá ber fyrst að nefna að engu máli skipti á hvaða aldri viðkomandi einstaklingur var. Elstu viðmælendurnir, Hörður og Nonni, töluðu um að Elvis Presley og Rolling Stones hafi haft mikil og mótandi áhrif á þá. Að sama skapi nefndi yngsti viðmælandinn, Jóhann, Lady Gaga sem sína stærstu fyrirmynd. Til að varpa frekara ljósi á með hvaða hætti þessar fyrirmyndir hafa áhrif á birtingarmynd viðmælendanna er gott að grípa niður í nokkrar frásagnir. Fyrst er forvitnilegt að skoða frásögn Nonna af upplifun hans af Elvis Presley á sjötta áratug síðustu aldar:

Já, ég hélt náttúrulega brjálæðislega mikið uppá Presley, alveg svona brjálæðislega. Það var alveg svona bara, ég bara hækkaði og hækkaði og, svona „blue-aði“ og allt þetta. En það sem mér fannst æðislegt, ég gleymi því aldrei þegar stelpurnar voru í „skirt-unum“ sínum, tjúll. Sem að lyftu upp pilsunum alveg svona til. Það alveg sko, það lá við að ég færi á límingunum. Það voru svona marglituð og glitrandi í endana, svo voru þau plíseruð. Æðislegt! Oft skilurðu sem ég hefði viljað, sko stundum hefði ég, bara fatanna vegna, hefði ég viljað vera kvenmaður, skilurðu, í þessu tilviki. En þarna. Og þá sérstaklega á þessu rokk tímabili, þegar þær voru með klúta hér og svona alveg eins pilsunum með „skirt“. Svo fóru þær að vera í einhverjum svamp „skirt-um“ það fannst mér ömurlegt, það fannst mér bara ughh. Mér finnst það bæði ljótt og hallærislegt og ég er æðislega kítískur þannig sko, ef mér líkar ekki eitthvað þá bara segi ég það. Þannig að ég er ekki hógvær. (SI-2019-6: 19-20)

Hér lýsir Nonni sterkri upplifun sinni sem ungur maður á mótunarárum sínum af stærstu poppstjörnu þess tíma. Það er eftirtektarvert að á þessum tíma var klæðnaður karlpoppstjarna tiltölulega hefðbundinn karlmansfatnaður. Nonni hefur frekar kvenlægt kyngervi og kyntjáningu og vegna þess þá var útlitslegu fyrirmyndina ekki beint að finna í Elvis. Þess í stað gat hann nýtt sér fatnað kvenna á þessum tíma, eins og t.d. klúta sem þær notuðu. Þetta kemur betur fram þegar hann á öðrum stað í viðtalinu var að tala um annað tímabil á þessum mótunarárum, en á þessum árum var mikil gróska og miklar samfélagsbreytingar að eiga sér stað. Þær breytingar birtust ekki síst í tónlist og þeim breytingum á fatnaði sem urðu samfara þessari nýju tegundar tónlistar sem kennd er við rokk. Nonni segir svo frá:

Svo var það líka þetta þegar ég er æðislega ungur þá féll ég náttúrulega alveg fyrir Rolling Stones og þá kom æðislegt frelsi. Þá var maður að leyfa sér að vera æðislega öðruvísi og með klúta og hatta og allt þetta. Já, bara Mick Jagger, hann var, alveg bara vá! Og svo líka fannst mér músíkin þeirra mikið skemmtilegri út af þetta „rhythm“ átti mikið betur við mig. Líka hvernig þeir klæddu sig, það fannst mér æðislegt. (SI-2019-6: 5-6)

Hér má augljóslega merkja hversu áhrifamikil tónlistarsenan er og að fatnaður sem tengdist henni hafði mikil áhrif á Nonna. Í frásögninni nefnir hann aftur klúta en í þessari frásögn eru það karlmennirnir í rokkhljómsveitinni sem bera klútana, ekki konurnar sem gerðu það einhverjum árum fyrr í kringum Elvis. Hér er komið dæmi um yfirfærslu á tiltekinni tegund klæðnaðar sem hafði tilheyrt konum en hefur flust yfir á karla. Í þessu sambandi er vert að nefna eitt sem Nonni talar um í þessu samhengi, en það er frelsið til að geta borið fatnað sem áður hafði einungis verið talin kvenlegur. Hér er því um það að ræða að búið er að gefa leyfi fyrir því að karlmenn noti þennan tiltekna kvenfatnað án þess að því fylgi sú kvenlega gildishlaðning sem áður hafði einkennt fatnaðinn.

Hér vaknar spurningin hvað þurfi að koma til svo hægt sé að gildishlaða tiltekinn kvenfatnað upp á nýtt til þess að hann fái karllæga gildishlaðningu, sem að öllu jöfnu er brot á einni af grundvallarreglum kynjatvíhyggjunnar. Ef dæmið sem Nonni nefnir hér að framan er tekið til frekari skoðunar má ætla að eitt af því sem popphljómsveit þurfi að gera til þess að ná árangri felist í því að ná athygli. Til þess að ná athygli er mikilvægt að skera sig úr fjöldanum. Þar sem samkeppnin er mikil á þessum markaði þarf aðgreining frá fjöldanum að vera skýr og afgerandi. Til að ná þessu markmiði má ætla að það sé vænlegt til árangurs og nái athygli almennings að leita í kvenlegan fatnað. Það sem veldur því að popptónlistarmaðurinn sem það gerir verður ekki aðhlátursefni eða útskúfaður er að staða hans sem listamanns er önnur en annarra einstaklinga í samfélaginu. Sú staða skýrist af því að þessir einstaklingar, og skiptir þá engu hvort um er að ræða myndlistarmenn, tónlistarmenn, leikara eða annað listafólk, skapa eitthvað nýtt fyrir fjöldann, honum til ánægju og andlegrar örvunar.

Coco lýsir þessum mun milli tónlistarmanna og almennra borgara vel:

Ég held að það sé tvennt, það er þessi venjulegi kall, hann vill vera fínn en samt öruggur. Með alla þessa liti er hann hræddur um hvað hinir eru að hugsa, „hvað ætli hinir segi?“, „hvað ætli hinir hugsi?“, „halda þeir að ég sé hommi?“. Þeir eru svo hræddir við það. Tónlistarmönnum aftur á móti er skítsama, þeir vilja fá athygli, og þú færð athygli með fötunum sem þú ert að nota. Það eru sko mjög fáir Íslendingar sem ég þekki sem fíla að vera öðruvísi, í öðruvísi fötum. (SI-2019-5: 5)

Hér kemur skýrt fram að staða gagnkynhneigðs karlmanns er mjög viðkvæm gagnvart umhverfinu á meðan staða tónlistarmanns er önnur, hver sem kynhneigð hans kann að vera. Hluti af því að vera tónlistarmaður felst í því að skera sig frá fjöldanum og vera sýnilegur sem víðast (Auslander, 1999: 86). Hér mætti því segja að staða listamannsins sé í raun staða forræðis á ákveðnu sviði hvað þetta varðar (Connell, 2005: 832-833). Af þessu leiðir svo, eins og í dæminu um Rolling Stones og klútinn hér að framan, að hinn almenni karlmaður í samfélaginu fær leyfi hjá fyrirmynd sinni sem hefur forræðisstöðu í samfélaginu til þess að nota t.d. klúta um hálsinn. Þannig hefur sá klútur gildishlaðningu forræðiskarlmennsku en ekki kvengildis eins og hann hafði áður. Með því einu að forræðiskarl noti klæðnaðinn öðlast hann nýja gildishlaðningu. Konan getur samt sem áður haldið áfram að nota klúta þrátt fyrir þessa nýju gildishlaðningu þó svo klúturinn hafi ekki neina pólitíska merkingu lengur varðandi kvenkyngervistengingu. Hér hefur með þessu móti kvenkyngervistengingin verið tekin úr sambandi eða gerð hlutlaus.

Ef haldið er áfram með frásögn Nonna í gegnum árin og það hvernig hann tileinkaði sér og notaði það sem fram kom hjá þeim tónlistarmönnum sem voru hvað vinsælastir á hverjum tíma er ekki úr vegi að grípa niður í frásögn hans frá því hann bjó í London á áttunda áratugnum. Á þeim áratug urðu miklar breytingar hvað varðar fatnað og útlit karlmannna sem komu mikið til í gegnum tónlistariðnaðinn. Nonni lýsir þessu svona:

Þegar ég var í London þá breyttist náttúrulega allt þegar David Bowie kom. Það, skilurðu, það bara breyttist allt, því þá fór maður að mála sig og þá var maður með „eyeliner“. Og ég notaði make alveg rosalega mikið og naglalakkaði á mér neglurnar og litaði á mér hárið, þá var ég með hár sko og það var í öllum litum og keypti mér skó sem hækkuðu mig um 14 sentímetra. Og svona. En þá er ég farinn að kaupa mér „second hand“ föt líka, skilurðu, og var alveg óhræddur við það en ég keypti líka notað og nýtt. (SI-2019-6: 11)

Í þessari frásögn kemur glögglega fram að á áttunda áratugnum færast mörkin í birtingu kyngervis verulega til frá þeim stað sem þau voru á rokkímabilinu sem Nonni talaði um hér að framan. Karlkyns poppstjörnur fóru að nota andlitsfarða, háhælaða skó og fleira sem alfarið hafði tilheyrt konum. Hér má því segja að birtingarmynd kyngervanna renni að nokkru leyti saman og þannig sé orðið til stórt (og litríkt) „grátt svæði“ á milli þeirra sem kenna mætti við „eitt kyn“ (e. unisex).

Þessar miklu breytingar, þ.e. yfirfærsla á kynbundnum fatnaði kvenna til karla, gerðist ekki samstundis eða hjálparlaust. Til að lýsa þessu ferli þá ber fyrst að nefna að hommar hafa yfirleitt verið fljótir að tileinka sér það sem tengist kvenkyngervinu og gildum sem í framhaldinu tónlistarmennirnir velja að skreyta sig með til þess að vekja á sér athygli og skera sig úr fjöldanum og því hefðbundna eins og sagt var frá hér að framan. Þannig vilja þeir ganga lengra en hefðbundin persónuleg aðgreining innan hópa býður upp á og því er hentugt að tileinka sér eitthvað af því sem þessi jaðarhópur karla notar til að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum.

Ein kenning varðandi það hvernig tíska fatnaðar færast á milli hópa er sú að hún byrji hjá hönnuðum og yfirstétt samfélagsins, en seyntli síðan niður til alþýðunnar og verði almenn. Þetta kallar svo aftur á það að yfirstéttin þurfi sífellt að fá nýja tísku til að aðgreina sig frá almenningnum og með þessu móti verði til nokkurs konar hringrás þar sem sífellt endurnýjun eða endursköpun á sér stað (Simmel, 1957: 541-558). Sé þetta sett í samhengi við homma og það sem sagt var frá hér að framan um hvernig listamenn taka upp framsetningu fatnaðar homma, þá missir fatnaðurinn merkingu sína sem aðgreinandi fyrir

homma svo þeir þurfa sífelld að endurskapa framsetninguna á sínum fatnaði til þess að ná fram aðgreiningu. Þannig mætti segja að hommar séu að vissu leyti í fararbroddi hvað varðar nýjungar og breytingar á tísku karlanna sem síðan listamenn taka upp til að gera sig sýnilega á meðan flestir þeir gagnkynhneigðu bíða átektar þar til samfélagslegt samþykki fyrir breytingunum er komið (Cole, 2000: 5). Það er ef til vill ekki skrytið, ef hugsað er til þess, að fyrir þá sem „venjulega“ karlmenn er mikið í húfi og staða þeirra viðkvæm varðandi karlmennskuímynd sína og sjálfsmýnd. Þó þessi tiltekni forræðishópur tónlistarmanna geti leyft sér þetta þá er engu að síður áfram um að ræða fatnað eða útlit sem tengt er hommum og/eða konum. Hér eru því saman komnir hópar sem eru undirsettir gagnkynhneigða forræðiskarlmanninum og því ekki sjálfgefið að það nægi að einungis þessi litli og afmarkaði (en þó sýnilegi) hópur forræðiskarla gefi leyfi til þess að nota megi þess konar fatnað fyrir hinn „venjulega karlmann“.

Þegar þessi staða er komin upp, að breytingarnar eru orðnar það miklar að þær ögra viðtekinni hugmynd um karlmennsku þá koma markaðsöflin til sögunar. Þau veita blessun sína og samþykki fyrir hinum nýju gildum sem felast í fatnaðinum í því skyni að skapa nýjan markhóp, mennta neytendur til neyslu og selja vörur. Til þess nota markaðsöflin gjarnan ákveðna aðferð sem felst í því að þau búa til nýja karllæga hugmyndafræði í kring um þann fatnað eða aðra hluti sem um ræðir. Til að koma þeirri hugmyndafræði á framfæri nota þau allar gerðir fjölmiðla. Í þessu sambandi má nefna að áhrif homma í tísku og afþreyingarheiminum hafa verið umtalsverð allt frá síðari hluta tuttugustu aldarinnar og fram til dagsins í dag (Entwistle, 2015: 51-52).

#### **4.5 Samantekt**

Af framansögðu má sjá að fleira en einungis útlit fatnaðar skiptir máli fyrir gildishlaðningu hans. Líkamstjáníning skiptir þar ekki síður máli. Í þessu sambandi eru það ótal missýnileg smáatriði og samsetning þeirra í líkamstjáníningunni, sem eru ólík milli homma og gagnkynhneigðra karla og skera úr um hvort heildaryfirbragð flutnings teljist karlmannlegt eða kvenlegt, óháð því hvort fatnaðurinn sem slíkur þykir karlmannlegur eða kvenlegur.

Rétt eins og líkamstjáníningin þá getur framsetning fatnaðar haft úrslitapýðingu varðandi gildishlaðningu hans hvað varðar það hvort hann er talinn kvenlegur eða karlmannlegur. Hér eru það aftur ólík framsetning homma og gagnkynhneigðra karla þar

sem smáatriðin í framsetningunni er það sem skiptir öllu máli. Þessi smáatriði hjá hommunum sem aðgreina þá frá gagnkynhneigðum körlum felast í því að þau hafa tengingu við einhver kvenleg gildi sem við koma framsetningunni, t.d. því kynferðislega sem felst í því að sýna meira hold heldur en karlmenn gera.

Grundvallarmunur fatnaðar karla og kvenna má segja að felist í því að fatnaður karla er hugsaður með það í huga að hann sé þægilegur, hafi notagildi og segi til um félagslega stöðu karlmannsins í samfélaginu. Fatnaður kvenna er frekar hugsaður út frá fagurfræðilegu og kynferðislegu sjónarmiði. Í því sambandi þá er fatnaður kvenna oft á tíðum litríkur og hannaður með það í huga að draga fram tiltekna líkamsparta og að sýna hold. Hvað varðar homma þá hefur hluti þeirra tilhneigingu til þess að tileinka sér þessa kvenlegu framsetningu fatnaðar sem aðgreinir þá frá gagnkynhneigðum körlum.

Samhengi fatnaðar getur skipt máli varðandi það hvort hann fær kvenlega eða karlmannlega gildishlaðningu. Í því sambandi er bæði átt við samhengi fatnaðarins við umhverfið og tengingar hans við ytri þætti sem hafa með einhverju móti áhrif á gildishlaðningu hans. Varðandi umhverfið þá getur það gerst að ef hommi sem er kvenlegur flutningur eðlislægur er hluti af karllægu umhverfi, eins og í íþróttafélagi, eigi hann á hættu að einangrast.

Að lokum geta áhrifavaldar í lífi einstaklingsins haft áhrif á það hvernig viðkomandi velur að haga sínum flutningi í gegnum fatnað. Á fyrsta skeiði ævinnar eru þessir áhrifavaldar oft foreldrar og eldri systkini viðkomandi. Þegar viðkomandi eldist bætast við fleiri fyrirmyndir. Þær fyrirmyndir eru oft á tíðum frægar poppstjörnur eða kvikmyndaleikarar. Í tilfelli homma þá er algengara að þeir velji sér kvenkyns fyrirmyndir heldur en gagnkynhneigðir karlar. Vegna þess þá verður klæðnaður og flutningur þessara homma stundum kvenlegur.

Af þessu má því ljóst vera að það er ekki einungis útlit fatnaðar sem segir til um hvort hann sé karlmannlegur eða kvenlegur. Til þess að fatnaðurinn fái endanlega gildishlaðningu sína þurfa að koma til fleiri atriði bæði hjá einstaklingnum sjálfum og frá umhverfinu til þess að svo megi verða.

## 5 Niðurstöður

Karlmennska eða karlmennskur er hvorki einsleitt né einfalt fyrirbrigði þó svo að í almennri umræðu sé það oft á tíðum sett fram með þeim hætti. Það stafar ekki af því að karlmennskan hafi ekki verið rannsökuð í gegnum tíðina, heldur er líklegra að skýringin á því stafi af því að jafnréttisbaráttan hefur að megninu til verið háð af konum vegna þess að þær hafa verið undirsettar karlmönnum í gegnum aldirnar. Sökum þess þá hafa þær borið skarðan hlut frá borði varðandi flest það sem við kemur jafnrétti kynjanna og því eðlilegt að sjónum hafi frekar verið beint að málefnum kvenna heldur en karla í þeirri umræðu.

Hvað varðar rannsóknir á karlmennsku og karlafræðum almennt á undanförunum áratugum þá hafa þær rannsóknir margar hverjar orðið til samfara þeirri kvenréttindabaráttu sem átt hefur sér stað. Þeir sem hafa farið fremstir í flokki varðandi þessar rannsóknir eru margir samkynhneigðir karlmenn. Það hefur ekki síst stafað af því að þeirra baráttumál samsvara vel baráttu kvenna fyrir jöfnum rétti gagnvart gagnkynhneigðum körlum. Þessi samsömun stafar í grunninn af því að hommar eru staðsettir táknrænt með konum af gagnkynhneigðum körlum og því undirsettir með sama hætti og þær.

Helstu breytingar sem átt hafa sér stað á viðhorfum til karlmenskunnar eru þær að áður fyrr var litið svo á að forræði karlmanna fælist fyrst og fremst í líkamlegum yfirburðum þeirra yfir konum, en í dag er litið til mun fleiri þátta hvað þetta varðar. Í því sambandi er meira horft til félagslegra, menningarlegra og efnahagslegra þátta þegar kemur að því að meta karlmennsku. Á áttunda áratugnum verða ákveðin þáttaskil í umræðunni um karlmenskuna þegar hugmyndin um forræðisstöðu karlmannsins er tekin til endurskoðunar og hún skilgreind upp á nýtt. Sú endurskilgreining fólst í því að í stað þess að líta á forræðið sem neikvætt fyrirbrigði sem fæli í sér einhverskonar yfirráð yfir öðrum einstaklingum, þá var hugmyndin brotin upp í marga ókynbundna þætti. Þetta uppbrót á forræðinu fólst m.a. í því að skoða það út frá menningarlegum, efnahagslegum og félagslegum forsendum.

Með þessari nýju sýn á forræðið var farið að líta svo á að einstaklingur gæti á sama tíma haft forræðisstöðu á einu sviði en verið undirsettur á öðru, en sem dæmi um það þá gæti einstaklingur haft forræðisstöðu efnahagslega en á sama tíma verið undirsettur félagslega. Annað sem þetta hefur haft í för með sér er að samfara auknu jafnrétti



kynjanna hafa konur í auknum mæli tekið við fleiri forræðisstöðum, eins og í gegnum hærri laun og setu í stjórnunarstöðum fyrirtækja, aukinni þátttöku í stjórnámum og stjórnun landsmála samfara því. Sama hefur átt sér stað hjá hommum og konum í gegnum réttindabaráttu þeirra á undanförunum áratugum hvað varðar bætta stöðu þeirra í samfélaginu.

Þar sem karlmennska og forræði eru huglæg fyrirbrigði þá er nauðsynlegt ef rannsaka á þau að skoða birtingarmyndir þeirra með einhverjum hætti. Í því sambandi er nærtækt að skoða flutning einstaklingsins, þ.e. hvernig hann velur að birta umhverfinu sjálfan sig. Flutningur einstaklingsins samanstendur af mörgum ólíkum þáttum, í því sambandi mætti nefna líkamstjáningu, orðfæri og síðast en ekki síst hvernig viðkomandi velur að klæða sig. Það fyrsta sem við lesum í þegar við hittum aðra manneskju er fatnaður viðkomandi. Þannig á sér stað ósjálfráður eða eðlislægur lestur sem felur í sér að við ályktum um kyn viðkomandi, stöðu, stétt og jafnvel efnahag. Í framhaldi af þessum lestri ákveðum við svo með hvaða hætti við veljum að haga samskiptum við viðkomandi.

Hvað varðar þennan flutning þá er lykilatriði í flest öllum tilfellum að hann sé trúverðugur fyrir áhorfandann. Sá trúverðugleiki snýst um það að flutningurinn samræmist þeim viðmiðum og gildum sem eru samfélagslega viðurkennd á hverjum tíma og stað þar sem hann fer fram. Sem dæmi um þetta þá þykir það líklega ekki trúverðugur flutningur að karlkyns þingmaður mæti í kjól á þingfund, en ef þingmaðurinn mætir í sama kjólnum í gleðigönguna þá eru meiri líkur á því að sá flutningur þætti trúverðugur. Þó svo þetta dæmi sé svolítið ýkt þá er þetta í raun það sem þessi ósjálfráði lestur áhorfandans á flutningi annarra snýst um í grunninn. Í þessu dæmi kemur fram hinn rótgróni lestur í útlit einstaklings sem byggir á aldagömlu kynjatvíhyggjunni sem hefur verið við lýði svo lengi sem menn muna.

Þrátt fyrir að í dag ríki víðast umburðarlyndi og samþykki gagnvart allskyns minnihlutahópum í samfélaginu, eins og hinsegin samfélaginu, þá er þessi margra alda gamli lestur enn ríkjandi þó svo viðbrögðin við þeim lestri séu ekki neikvæð eins og þau voru gjarnan á árum áður. Því mætti segja að þessi gamalgróni lestur sé hluti af þörfinni fyrir að hafa einhver föst grunnildi til þess að lesa einstaklinginn og samfélagið út frá. Gott dæmi um þessi rótgrónu gildi sem við styðjumst við er áðurnefnd kynjatvíhyggja. Í því sambandi mætti nefna að þrátt fyrir að í dag séu kynja- og kyngervisskilgreiningar

taldar í tugum, þá ganga þær allar í grunninn út frá gömlu grunnskiptingunni um hina líffræðilegu konu og karl.

Hér má því segja að um sé að ræða þörfina til þess að aðgreina einstaklingana eftir kyni, stöðu eða stétt eins og nefnt var hér að framan og að sama skapi þörf einstaklingsins til þess að tilheyra einum hópi og aðgreina sig frá öðrum. Þessa aðgreiningu má sjá í óteljandi mismunandi myndum í samfélaginu. Í þessu sambandi höfum við dæmi um allskyns samtök, félög og hópa sem aðgreina sig frá heildinni með ýmiskonar hætti. Ekki er óalgengt að þessi aðgreining felist í einhverju sýnilegu. Í því sambandi er það oftast eitthvað sem tengist útliti, eins og fatnaður, sem einkennir hópinn og aðgreinir hann frá öðrum hópum á sama tíma. Sem dæmi um þetta mætti nefna þungarokkara, hippstera eða íþróttafélag. En sagan endar ekki hér því einstaklingurinn hefur, þrátt fyrir að tilheyra einhverjum útlitshópi eða hópum, þörf fyrir að skera sig frá öðrum innan hópsins. Það gerir viðkomandi til þess að skapa sér sérstöðu innan hópsins með því að draga fram það sem hann vill að umhverfið lesi í flutning hans varðandi þau atriði sem hann telur að einkenni sig persónulega.

Hvað þessa aðgreiningu varðar þegar kemur að hommum, þá er það fyrsta sem rétt er að nefna í því tilliti, að þar sem þeir hafa aðra kynhneigð heldur en aðrir karlar, þá þurfa þeir að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum með því að skapa sér nýtt kyngervi. Til þess að gera það er ekki óalgengt að þeir velji sér kvenkyngervistákn af einhverju tagi. Ástæður þess að þessi leið er valin er að sjálfsögðu ekki sú að hommar álíti sig konur, heldur er líklegri skýring sú að með því að fara þessa leið þá notist þeir við hefðbundna viðtekna kynjatvíhyggju til þess að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum, en ekki til þess að líkjast konum. Með þessu móti staðsetja þeir sig mitt á milli karls og konu og móta með þeim hætti nýtt kyngervi sem tilheyrir þeim. Þegar hommar aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum með þessum hætti felst í því opinber yfirlýsing um að þeir hafi kynferðislegan áhuga á körlum en ekki konum. Við það virðist sem öllum viðmiðum og gildum sem notast er við til þess að meta karlmennsku sé vikið til hliðar þegar þessir hommar eiga í hlut. Svo virðist því sem að þar sem þeir hafa ekki kynferðislegan áhuga á konum, eitt af grunnviðmiðum karlmenskunnar, þá missi þeir allan rétt til þess að vera metnir með sama hætti og gagnkynhneigðir karlmenn hvað varðar karlmenskuna.

Aðgreining hommana felst í fleiru en einungis sýnilegum kvenkyngervistáknum í þeim fatnaði sem þeir klæðast. Almenn snyrtimenska, bæði hvað varðar líkamsumhirðu og

fatnað er eitt af því sem aðgreinir homma frá gagnkynhneigðum körlum. Þó svo snyrtimennska og hreinlæti séu ákaflega einstaklingsbundin fyrirbrigði, þá virðist heilt yfir mega greina að hommar virðast leggja meira upp úr þessum þáttum heldur en gagnkynhneigðir karlar. Það sem er athyglisvert varðandi þetta atriði er að konur eru að jafnaði taldar hreinlátari og snyrtilegri heldur en karlar. Hér mætti því segja að komið sé atriði sem er kannski ekki mjög sýnilegt varðandi aðgreiningu homma frá gagnkynhneigðum körlum, en með einhverjum hætti greinanlegt á heildaryfirbragði einstaklingsins.

Svipað er upp á teningnum þegar kemur að samsetningu fatnaðar. Það sem aðgreinir samsetningu fatnaðarins felst í því að hommar leggja meira upp úr því að heildarútlit fatnaðarins sé í stíl. Þeir virðast leggja meira áherslu á snið fatnaðarins og að flíkurnar passi líkamsvexti þeirra sem best. Að auki sækja þeir meira í þröng snið, en það er eitt af því sem einkennir fatnað kvenna frekar en fatnað gagnkynhneigðra karla. Litir og litasamsetningar eru að sama skapi líkari því sem gerist hjá konum frekar en gagnkynhneigðum körlum að því leiti að þeir nota meira af litum. Þessi atriði þurfa ekki endilega að brjóta einhverjar óskráðar reglur varðandi klæðnað gagnkynhneigðra karla, en eru samt sem áður sýnileg og aðgreinandi. Þessi aðgreining er þó oftast með þeim hætti að viðkomandi er meira í átt við það að vera það sem talist gæti að vera „spariklæddur“ hjá gagnkynhneigðum körlum. Þannig mætti segja að hommar séu „betur til fara og snyrtilegri“ heldur en gerist og gengur hjá gagnkynhneigðum karlmönnum.

Fyrirbrigðið blæbrigði (e. flair) er þekkt aðferð homma við að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum. Þessi aðferð felst í því að homminn klæðir sig að öllu leyti með sama hætti og gagnkynhneigður karl nema að því leiti, að hann bætir við eða útfærir einn þátt sem sker sig frá heildarútliti fatnaðarins. Þetta getur falist í einhverjum fylgihlut sem bætt er við heildarklæðnaðinn, eins og hálsmeni eða skærlitum vasaklút. Virkni þessarar aðferðar felst m.a. í því að homminn getur stjórnað því hverjir eru læsir á þau blæbrigði sem hann velur að nota. Í því sambandi þá eru tiltekin blæbrigði sem eru að mestu einungis þekkt meðal homma á meðan önnur eru þekkt meðal annarra hópa og enn önnur blæbrigði eru þekkt meðal alls almennings. Önnur virkni blæbrigða felst í að þar er um að ræða ákveðið samskiptaform milli homma. Sum af þeim blæbrigðum sem þeir nota gefa til kynna ýmsar persónulegar upplýsingar um viðkomandi. Í þessu sambandi mætti nefna að tiltekin blæbrigði geta sagt til um kynlíflanganir viðkomandi eða hvort hann er í

sambandi við annan aðila eða ekki. Hér er því á ferðinni aðferð þar sem homminn getur haft stjórn á því hverjir hafa vitneskju um kynhneigð hans og að sama skapi áttað sig á hver staða annarra homma í kringum hann er án þess að þurfa að nálgast viðkomandi með því að spyrja beint út í kynhneigð hans. Þannig getur þessi aðferð hjálpað þeim sem vilja halda kynhneigð sinni leyndri fyrir umhverfinu, öðrum en hommum, eða í leitinni að heppilegum einstaklingi til að stofna til nánna kynna við.

Ekki er allt það sem hommar nota eða gera til að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum jafn óljóst og hér hefur verið rakið að framan. Í framhaldi af því sem nefnt hefur verið varðandi snyrtimenskuna og „sparilegan“ klæðnað homma og því sem við kemur trúverðugleika í flutningi í gegnum fatnað þá er eitt af því sem þekkest í flutningi homma sem tengist klæðaburði þeirra það sem mætti lýsa sem misheppnuðum trúverðugleika. Hugtakið vísar til þess að homminn vilji vera svo fínn að hann gangi yfir öll mörk í fínheitunum. Sem dæmi um það gæti hommi, sem þætti „gull“ fallegt, klætt sig í gulljakkaföt, gullskyrtu, gullsokka og/eða gullskó. Með því að fara svona hressilega yfir strikið missa fínheitin marks og fyrir vikið verður klæðnaðurinn ekki lengur trúverðugur sem spariklæðnaður gagnkynhneigðs karlmanns. Þessi tiltekna gerð flutnings hefur oft á tíðum verið sett í samband við það sem kallað er „camp“, en það sem skilgreint er sem slíkt eru m.a. þeir hlutir, atburðir eða annað sem er ætlað að vera eitthvað ákveðið og afmarkað, eins og hugmyndin með gulljakkafötunum er að þau eiga að vera mjög fín, en missir algerlega marks vegna þess að þau ganga of langt og eru í þessu tilviki allt of fín. Hér mætti því segja að kominn sé hinn endinn á því sem fjallað var um hér að framan varðandi næmni homma á fatnað, samsetningu hans og framsetningu, þar sem sú gerð næmni er víðs fjarri og hugmyndin um jafnvægi og hófsemi er síst til staðar. Þess í stað virðist meginreglan vera sú í þessari framsetningu að ef eitthvað þykir fallegt þá sé einfaldlega fallegra að hafa meira af því og fallegast að hafa sem mest.

Önnur sýnileg aðferð sem hommar nota við að aðgreina sig frá gagnkynhneigðum körlum og skapa sér sérstöðu í samfélaginu er að nota fatnaðinn sem þeir klæðast sem meðvitaða yfirlýsingu til umhverfisins um að viðkomandi sé hommi. Aðferðir sem notaðar eru í þessum tilgangi geta falist í öllu því sem hugsast getur sem er óhefðbundið í einhverjum skilningi og gerir að verkum að viðkomandi sker sig úr fjöldanum. Þessi frávik í framsetningu fatnaðarins geta verið í formi kvenkyngervistákna, en þurfa ekkert frekar að vera af því taginu. Þessi frávik geta eins snúist um óhefðbundna samsetningu

karlmannsfatnaðar sem gerir að verkum að hann sker sig frá klæðnaði annara. Þessi gerð flutnings getur einnig verið fólgin í því að fatnaðurinn sem notaður er sé engan veginn viðeigandi í því umhverfi eða þeim aðstæðum þar sem hominn er staddur. Hér mætti því segja að áður nefnd næmni homma við lestur á fatnaði og samsetningu hans sé meðvituð og markvisst beitt með þeim hætti að viðkomandi skeri sig frá því sem hefðbundið er, til þess að koma kyngervi sínu og sjálfsmynd á framfæri við umhverfið.

Gildishlaðning fatnaðar er mikilvægt atriði þegar kemur að aðgreiningu á milli homma og gagnkynhneigðra karlanna. Í því sambandi er það ekki síst líkamstjáníning einstaklingsins sem getur skipt sköpum. Með þessu er átt við að þó svo útlit fatnaðar samkynhneigðs og gagnkynhneigðs karls sé nákvæmlega hið sama þá getur líkamstjáníning viðkomandi gildishlaðið fatnaðinn ýmist sem karlmannlegan eða kvenlegan. Minnstu smáatriði í líkamstjáníningu einstaklingsins geta valdið því að viðkomandi er annaðhvort lesinn sem snyrtilega og vel klæddur einstaklingur eða „hommalega“ klæddur. Munurinn á líkamstjáníningunni getur verið svo smávægilegur að hann er í raun ekki sjáanlegur, heldur einungis merkjanlegur af heildaryfirbragði hans. Í þessu tilliti mætti nefna að það hvernig einstaklingur krossleggur fæturna getur gildishlaðið einstaklinginn sem homma eða gagnkynhneigðan út frá heildaráferð þessarar smávægilegu líkamshreyfingar.

Annað atriði sem telja má aðgreinandi milli homma og gagnkynhneigðra karla og tengist gildishlaðningu fatnaðar, felst í ýmsu því sem við kemur framsetningu fatnaðarins. Þessi atriði tengjast þeim þáttum í fatnaðinum sem teljast einkennandi fyrir kvenfatnað. Það fyrsta í þessu sambandi eru sníð fatnaðar, en þar er grundvallarmunur á þegar kemur að fatnaði karla og kvenna. Munurinn felst í því að fatnaður kvenna er þrengri auk þess sem hann sýnir meira hold heldur en tíðkast hjá körlum, en þetta gerir að verkum að fatnaðurinn fær kynferðislega gildishlaðningu. Að auki er meiri áhersla lögð á fagurfræðilegt útlit fatnaðarins hjá konum heldur en körlum. Fatnaður karla hefur aðra gildishlaðningu, en hún felst í því að fatnaðurinn á að vera þægilegur og sterkur og gefa til kynna stöðu og stétt karlmannsins frekar en að áhersla sé lögð á fagurfræðilegt útlit hans.

Hvað varðar homma í þessu tilliti þá sækir hluti þeirra frekar í kvenlegu framsetninguna, þ.e. þeir klæðast þröngum fatnaði og eru líklegri til þess að láta sjást í meira hold í framsetningunni heldur en gagnkynhneigðir karlar gera. Gott dæmi um það er að hommar eru líklegri til þess að hneppa skyrtunni meira frá heldur en

gagnkynhneigðir karlar. Annað atriði sem við kemur þessari kvenlegu gildishlaðningu hjá hommum snýr að litavali. Í þessu tilliti nota konur bæði fjölbreyttari og skærari liti í sínum fatnaði á meðan karlar nota færri og daufari liti. Til þess að setja þetta í eitthvert samhengi mætti segja að gagnkynhneigður karl væri líklegri til þess að velja sér matta gráa eða svarta úlpu á meðan hommi myndi frekar velja sér fjólubláa eða skærgræna glansandi úlpu. Hér er því aftur á ferðinni dæmi um það hvernig hommar leita í kvenlega gildishlaðningu þegar kemur að þeim fatnaði sem þeir klæðast.

Samhengi fatnaðarins getur skipt máli varðandi hvort hann fær kvenlega eða karlmannlega gildishlaðningu. Ef samhengi fatnaðarins er sett í ólíkt menningarlegt samhengi kemur í ljós að kvenfatnaður getur hæglega fengið karlgildishlaðningu ef flíkin er sett í karllægt menningarlegt samhengi. Sem dæmi um þetta þá gætu gullskartgripir eins og hálskeðjur og hringir sem hafa í grunninn kvenlega gildishlaðningu fengið karlgildishlaðningu ef skartgripirnir eru á gagnkynhneigðum karlmanni sem ber þá með sama hætti og í sama menningarlega umhverfi og birtist í kvikmyndum og fjölmiðlum af hipphopp og rapp tónlistarmönnum. Það sama á við þegar kemur að því í hvaða hópum eða undir hvaða kringumstæðum tiltekinn fatnaður er notaður. Sem dæmi um þetta samhengi og hvernig gildishlaðningin getur verið með ólíkum hætti þá er hætta á því að snyrtilega klæddur einstaklingur í fötum úr tískuvöruverslun þætti hommalegur ef hann væri í samkvæmi með þungarokkurum eða meðlimum í mótörhjólagengi, á meðan sami einstaklingur þætti ósköp venjulegur á skrifstofu Alþingis.

Einstaklingar notast við fyrirmyndir til þess að móta sjálfsmynd sína. Fyrstu árin eru það foreldrar og systkini sem eru fyrirmyndir. Í því sambandi eru það gjarnan mæður stúlkna og feður drengja sem eru fyrirmyndir hvað kyngervi varðar. Það sem fram kom hjá viðmælendunum í rannsókninni benti til þess að þessu væri öfugt farið hjá þeim hommum sem hafa kvenlega kyntjáningu, þar sem þeir sækja meira í móður sína sem fyrirmynd en föður. Að sama skapi kom fram í frásögnum viðmælendanna að þegar kemur fram á unglingsár virðist sem það sé algengara hjá hommum með kvenlega kyntjáningu að þeir leita fremur í félagsskap stúlkna en annarra drengja. Það stafar af því að í því umhverfi samsama þeir sig betur og eru öruggari á þessu viðkvæma mótunarstigi. Á unglingsárunum gerist það að einstaklingurinn fer að leita að fyrirmyndum utan fjölskyldunnar og nánasta umhverfi til þess að samsama sig við. Í því sambandi eru það oftast en ekki poppstjörnur og frægir kvikmyndaleikarar sem verða fyrir valinu. Það sem

fram kom hjá viðmælendum varðandi þetta atriði var á þá leið að hommar með kvenlega kyntjáningu virðast frekar leita í kvenstjörnur sem fyrirmyndir frekar en karlstjörnur. Skýringin er líklega sú að á þessum mótunarárum er einstaklingurinn að móta og þróa smekk, líkamstjáningu, orðfæri og aðra þá þætti sem viðkoma þeim flutningi sem viðkomandi vill birta umhverfinu. Í því tilliti er hvort tveggja um að ræða fatnaðinn, samsetningu og framsetningu hans auk líkamstjáningu og hegðunar.

Kvenkyngervistákn sem hommar nota í sínum fatnaði færast stundum yfir til gagnkynhneigðra karla. Slík yfirfærsla hefst með því að þeir einstaklingar eða hópar gagnkynhneigðra karla sem fyrir einhverjar sakir þurfa eða vilja aðgreina sig frá fjöldanum taka upp og fara að nota þann fatnað sem hommar eru búnir að tileinka sér. Þetta eru oftast en ekki listamenn af einhverju tagi eins og t.d. tónlistarmenn sem vilja ná athygli almennings með þessum hætti til þess að koma tónlist sinni á framfæri. Ástæða þess að karlmennskuímynd þessara einstaklinga bíður ekki hnekki þó svo flutningurinn feli í sér að notast er við kvenkyngervistákn af einhverju tagi, er sú að listamenn hafa aðra menningarlega stöðu heldur en almennt gerist og gengur. Staða listamannsins er frábrugðin að því leytinu, að það hlutverk sem hann hefur valið sér felst í því að vera skapandi og veita öðrum ánægju með sköpun sinni. Flutningur listamannsins er þannig hluti af þeirri sköpun, skemmtun og ánægju sem hún á að færa öðrum. Hér fá kvengildistáknin sem listamaðurinn notar nýja gildishlaðningu þar sem menningarleg tenging hennar snýr ekki að kyngervi homma eða kvenna heldur hins skapandi listamanns og því sem hann hefur fram að færa.

Við þetta bætist að staða listamannsins felur í sér að hann hefur stöðu forræðis í samfélaginu, en sú staða skapast af því að hann er sá sem skapar og leggur línurnar fyrir það sem hin almenni borgari er neytandi að; í tilfalli tónlistarmannsins er það tónlistin sem hann skapar. Þessari forræðisstöðu fylgir að hann sem einstaklingur verður fyrirmynd fyrir aðra. Það sem gerist svo með auknum vinsældum listamannsins er að hann fer að birtast í fjölmiðlum, eins og t.d. tónlistarmyndböndum og vinsælum skemmtipáttum, auk þess sem ljósmyndir birtast í blöðum, tímaritum og á netinu. Með þessu venst neytandinn þessari óhefðbundnu framsetningu á fatnaðinum og fer því að tengja kvenkyngervistáknin í auknum mæli við menningarheim gagnkynhneigða tónlistarmannsins og forræðisstöðu hans.

Þegar þessi staða hefur verið viðvarandi í einhvern tíma, þá gerist það að tískufyrirtækin og markaðsöflin gera sig gildandi í þessu ferli. Það gerist með þeim hætti að tískufyrirtækin og fataframleiðendur taka útlit og fatnað listamannsins og útfæra og aðlaga hann að hinum almenna neytanda. Í framhaldi af því taka fataframleiðendurnir við og fjöldaframleiða þessa gerð fatnaðar fyrir viðurkenndar og þekktar verslunarkeðjur eins og Dressman eða Jack and Jones. Samfara þessu einbeita markaðsfyrirtækin sér að því að auglýsa þessa gerð karlmannsfatnaðar með þeim hætti að þau leggja áherslu á að skapa nýja menningarlega tengingu fatnaðarins. Sú tenging hefur þannig vísun í karlpoppstjörnur sem hafa forræðisstöðu í samfélaginu, en tengingunni við það kvenlega er ýtt til hliðar. Með þessu móti hefur átt sér stað yfirfærsla á kvenkyngervistáknum yfir til gagnkynhneigðra karlmannna og við það hafa flíkurnar fengið nýja karlkyngervisgildishlaðningu. Hommar gegna lykilstöðu í þessu ferli og í raun er erfitt að sjá hvernig þessi yfirfærsla ætti sér stað án þeirra. Þar kemur ekki síst til af næmni þeirra á lestur fatnaðar og framsetningar á honum. Auk þess hafa þeir aðlagað það sem tilheyrir kvenfatnaði að karlmannslíkamanum. Það er ekki fyrr en þetta val og þessi aðlögun hefur átt sér stað að næsta skref í ferlinu á sér stað. Því mætti segja að hommar séu hreyfiafl í breytingum á birtingarmyndum karlmennsku gagnkynhneigðra karla. Fyrir þær sakir mætti því segja að í raun hafi hommar forræði í karlasamfélaginu þegar kemur að breytingum á birtingarmyndum karlmenskunnar. Þessi staða homma er ekki síst mikilvæg fyrir karlasamfélagið vegna þess að á síðustu áratugum hefur staða karlmannsins í samfélaginu gjörbreyst samfara þeirri jafnréttisþróun sem átt hefur sér stað. Með þessum breytingum hefur þetta hlutverk homma gert að verkum að gagnkynhneigði karlmaðurinn hefur getað breytt útliti sínu í gegnum fatnað svo hann falli betur að þeirri nýju gerð flutnings sem hefur átt sér stað samhliða breyttu hlutverki hans í samfélaginu.

Það er ljóst að staða homma í samfélaginu hefur gerbreyst á undanförunum áratugum hvað varðar rétt þeirra til allra samfélagsþátta til jafns við aðra. Að auki hafa þeir skapað sér stöðu forræðis á hinum ýmsu sviðum rétt eins og aðrir í samfélaginu. Auk þess þá má ljóst vera að á sama tíma hafa þeir skapað sér forræðisstöðu innan karlasamfélagsins sem skapandi hreyfiafl í birtingarmynd karlmenskunnar á meðal gagnkynhneigðra karlmannna, þó svo að vitneskjan um þá stöðu sé hvorki jafn útbreidd né viðurkennd og aðrar forræðisstöður sem þeir hafa í dag.



## Heimildarskrá

- Abrahams, Roger D. (2003). Identity. Burt Feintuch (ritst.) *Eight Words For The Study Of Expressive Culture*. (198-222). Urbana og Chicago: University of Illinois Press.
- Alexander, Jeffrey C. (2005). Performance and Power. *Newsletter of the Sociology of Culture: Section of the American Sociological Association*, (Vol. 20, No. 1) (Autum 2005), bls. 1-5.
- Anderson, Joy L./ Warren, Cynthia A./ Perez, Elena/ Louis. Reggie L./ Phillips, Stephanie/ Wheeler, Jean/ Cole, Melissa/ Misra, Ranjiita/ Fmalrc, Ches. (2008). Gender and ethnic differences in hand hygiene practices among college students. *American Journal of Infection Control*, (Volume 36, Issue 5, June 2008), bls. 361-368.
- Auslander, Philip. (1999). *Liveness: Performance in a Mediatized Culture*. London: Routledge.
- Barth, Fredrik. (1995). Other Knowledge and Other Ways of Knowing. *Journal of New Mexico*, (Vol. 51, No. 1) (Spring, 1995), bls. 65-68.
- Beaver, Harold. (1981). Homosexual Signs (in memory of Roland Barthes), *Critical Inquiry*, (Vol. 8, No. 1), bls. 99-119.
- Brubaker, Rogers / Cooper, Frederick. (2000). Beyond „Identity“. *Theory and Society*. (Vol. 29, No. 1) (Feb., 2000), bls. 1-47.
- Butler, Judith. (1988). Performative Acts and Gender Constitution: An Essay in Phenomenology and Feminist Theory, *Theatre Journal*, (Vol. 40, No. 4), bls. 519-531.
- Charmaz, Kathy. (2006). *Constructing Grounded Theory: A Practical Guide Through Qualitative Analysis*. London: Sage.
- Cole, Shaun. (2000). *Don We Now Our Gay Apparel: Gay Men's Dress in the Twentieth Century*. Oxford/New York: Berg.
- Connell, Raewyn. (1987). *Gender and Power*. California: Stanford University Press.
- Connell, Raewyn. (2002) *Gender: Short introduction*. Cambridge: Polity Press.
- Connell, Raewyn. (2005). *Masculinities* (second edition). Cambridge, UK: Polity press. (Upphafleg útgáfa 1995).
- Connell, Raewyn og James W Messerschmidt. (2005). Hegemonic Masculinity: Rethinking the Concept. *Gender & Society*, (vol. 19, no. 6), bls. 829-859.
- Debord, Guy. (1970). *Society of the Spectacle*. (Translation: Black and Red). Detroit: Bread and Circuses Publishing.
- Dundes, Alan. (1980). Who are the Folk? *Interpreting Folklore*. Bloomington: Indiana University Press. Bls. 1-19.

- Entwistle, Joanne. (2015). *The Fashioned Body: Fashion, Dress and Modern social theory*. Cambridge: Polity Press. (Upphaflega gefið út 2000).
- Frith, Hannah og Kate Gleeson. (2004). Clothing and Embodiment: Men Managing Body Image and Appearance. *Psychology of Men & Masculinity*, (Vol. 5, No. 1), bls. 40-48.
- Frith, Hannah og Kate Gleeson. (2008). Dressing the Body: The Role of Clothing in Sustaining Body Pride and Managing Body Distress. *Qualitative Research in Psychology*, (vol. 5, no. 4), bls. 249-264.
- Goffman, Erving. (1956). *The Presentation of Self in Everyday Life*. New York: Doubleday.
- Geertz, Clifford. (1973). Thick Description: Toward an Interpretive Theory of Culture. *Selected Essays by Clifford Geertz*. New York: Basic Books Inc.
- Jón Ingvar Kjaran og Ingólf Ásgeir Jóhannesson. (2013). „Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður“: Hinsegin karlmennska og viðhorf ungra íslenskra hinsegin karla. *Þjóðarspegillinn. Rannsóknir í félagsvísindum XIV*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2013. Reykjavík. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kawamura, Yuniya. (2005). *Fashion-ology: An Introduction to Fashion Studies*. Oxford/New York: Berg.
- Kvale, Steinar og Svend Brinkmann. (2009). *Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing*. Los Angeles: Sage.
- Lacan, Jacques. (1977). The Mirror Stage as Formative of the Function of the I as Revealed in Psychoanalytic Experience. *Écrits: A Selection*. (Translated by Alan Sheridan). New York, London: W.W. Norton & Company. Bls. 1-7.
- Lipovetsky, Gilles. (1994). *The Empire of Fashion: Dressing Modern Democracy* (translated by Catherine Porter). USA: New French Thought. (Upphaflega gefið út 1944).
- Pena, Guillermo Gómez. (2004). Culturas-in-Extremis: Performing Against the Cultural Backdrop of the Mainstream Bizzare. Í Henry Bail (ritstj.), *The Performance Studies Reader* (Second Edition). London og New York: Routledge. Bls. 287-299.
- Shiers, John. (1988). One Step to Heaven. *Radical Records: Thirty Years of Lesbian and Gay History* (Ritst. Bob Cant og Susan Hemmings). London og New York: Routledge.
- Shukla, Pravina. (2015). *Costume: Performing Identities Through Dress*. Bloomington, Indiana: Indiana University Press.
- Simmel, Georg. (1957). Fashion. *The American Journal of Sociology*, 62, (6). Bls. 541-558.
- Sims, Marta C. og Stephens, Martine. (2011). *Living Folklore: An Introduction to the Study of People and their Traditions*. (2. útg.). Logan, Utah: Utah State University Press.

- Sontag, Susan. (1966). *Against Interpretation and Other Essays*. New York: Farrar, Strauss and Giroux.
- Taylor, Steven J. Robert Bogdan og Marjorie L.DeVault. (2016). *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource* (4. útg.). Hoboken, New Jersey: Wiley.
- Tuan, Yi-Fu. (2001). *From Space and Context. By Means of Performance: Intercultural Studies of Theatre and Ritual*. (Ritst. Richard Schechner og Willa Appel). Cambridge: Cambridge University Press, 1990. *Performance Analysis: An introductory Coursebook*. (Ritst. Colin Counsell og Laurie Wolf). London: Routledge. Bls. 156-163.

### Heimildir sóttar af netinu

- Ástríður Stefánsdóttir. (2013). Eigindlegar rannsóknir og siðferðisleg álitamál. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sérrit 2013 – Rannsóknir og Skólastarf. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt: 1. apríl 2020 á: [http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir\\_og\\_skolastarf/002.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/002.pdf)
- Kurtz, Sangeeta Singh. (2018). Susan Sontag's 54-year-old essay on „camp“ is essential reading. *Quartz*. Sótt 10. júlí 2019 á: <https://qz.com/quartz/1419465/susan-sontags-54-year-old-essay-on-camp-is-essential-reading-to-understand-culture-in-2018/>
- The Kinsey Scale*. (2020). Kinsey Institute, Indiana University. Sótt 20. Febrúar 2020 á: <https://kinseyinstitute.org/research/publications/kinsey-scale.php>
- The 1948 and 1953 Studies of Alfred Kinsey*. (2020). Kinsey Institute, Indiana University. Sótt 20. febrúar 2020 á: : <https://kinseyinstitute.org/research/publications/historical-report-diversity-of-sexual-orientation.php>

### Óbirtar ritgerðir

- Auður Ásbjörnsdóttir. (2016). *Strákar eru og verða strákar: Ofurkarlmennskan og birtingarmynd hennar í fjölmiðlum*. Óbirt BA ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Hjördís Rós Jónsdóttir. (2011). *Sjálfsmynd unglinga og tengsl hennar við sjálfsvígshégðun þeirra*. Óbirt MA ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Hulda Jónsdóttir. (2006). *Hugmyndir úr samtímanum um karlímyndir og karlmennsku*. Óbirt BA ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Félagsvísinda- og lagadeild.
- Pórunnar Sunnevu Elfarsdóttur. (2018). *Fall hins skrúðuga manns: Hví hurfu skreytingar úr klæðnaði karla og er möguleiki á endurkomu hins skrúðuga manns?* Óbirt BA ritgerð: Listaháskóli Íslands, Hönnunar- og arkitektúrdeild.

## Viðtöl

- SI/2018-1. (2018). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Reynir Þór Eggertsson á heimili Eggerts þann 21. 09. 2018. (Í vörslu höfundar).
- SI/2018-2. (2018). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Eyjólf Eyjólfsson á veitingastað í Hafnarfirði. þann 29. 09. 2018. (Í vörslu höfundar).
- SI/2018-3. (2018). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Daníel E. Árnason á skrifstofu Samtakanna 78 þann 12. 10. 2018. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-4. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Hörð Torfason á Horninu veitingastað þann 09. 01. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-5. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Coco Victorsson á heimili Coco þann 14. 01. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-6. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Nonna Ragnarsson á heimili Nonna þann 22. 01. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-7. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Frosta Jónsson á vinnustað Frosta þann 29. 01. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-8. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Tyrving Tyrvingsson á heimili Tyrfings í gegnum Skype til Hollands þann 16. 02. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-9. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Hannes Pálsson á skrifstofu Pink Iceland þann 27. 02. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-10. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Ahd Tamimi í Bakaríinu Austurveri þann 06. 03. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-11. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Úlfar Viktor Björnsson á Súfistanum Laugavegi þann 11. 03. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-12. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Guðfinn Sigurvinnsson í Odda HÍ þann 12. 03. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-13. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Guðjón Mána Blöndal á kaffihúsinu Babalú þann 13. 03. 2019. (Í vörslu höfundar).
- SI/2019-14. (2019). Viðtal Stefáns Ingólfssonar við Jóhann Gunnarsson á kaffihúsinu Arna Eiðistorgi þann 14. 03. 2019. (Í vörslu höfundar).